Sþ. **397. Skýrsla**

heilbrigðisráðherra um byggingarþróun heilbrigðisstofnana 1970—1976 og ýmsar aðrar upplýsingar um heilbrigðismál.

## 1. INNGANGUR

Heilbrigðismál voru sett undir sérstakt ráðuneyti með lögum um stjórnarráð, sem gildi tóku hinn 1. janúar 1970. Heilbrigðismál voru þá sameinuð tryggingamálum, en þessir tveir málaflokkar höfðu verið annars vegar í dóms- og kirkjumálaráðuneyti og hins vegar í félagsmálaráðuneyti er lagabreytingin varð.

Nýtt ráðuneyti heilbrigðis- og tryggingamála varð því til samkvæmt lögum hinn 1. janúar 1970, en tók ekki til starfa með sérstöku starfsliði fyrr en hinn 1. september það ár og komst ekki í eigið húsnæði fyrr en í ársbyrjun 1971.

Skýrsla sú, er hér birtist, greinir frá nokkrum þáttum, sem orðið hafa í þróun heilbrigðismála á starfstíma ráðuneytisins, og er einkum lögð áhersla á að sýna hver byggingaþróun heilbrigðisstofnana hefur orðið á þessu tímabili, en þó einkum eftir að lög um heilbrigðisþjónustu tóku gildi hinn 1. janúar 1974.

Skýrslan skiptist í 15 kafla auk inngangs og nokkurra skýringarmynda og skipurita.

Rétt þykir í þessum inngangi að gera stuttlega grein fyrir aðalefnisatriðum hvers kafla fyrir sig.

Í 2. kafla skýrslunnar eru upplýsingar um útgjöld til heilbrigðismála hér á landi á árabilinu 1950—1975.

Hér er stuðst við upplýsingar Þjóðhagsstofnunar, og sýna þær glöggt hve útgjöld til heilbrigðismála hafa vaxið síðasta aldarfjórðung frá því að vera 3.0% af vergri þjóðarframleiðslu á markaðsverði árið 1950, í það að vera um 7.1% 1975, einkum hefur þessi vöxtur verið hraður síðustu 10 ár.

Hlutdeild heilbrigðisþjónustu í atvinnu landsmanna hefur vaxið úr 3.3% á árinu 1965 í 5.7—6% á árinu 1975.

Í töflu, sem er á undan þessum kafla, er með línuritum sýnt fram á breytingar, sem orðið hafa frá árinu 1850 til ársins 1975 á ungbarnadauða, ólifaðri mannsævi við fæðingu, og ólifaðri meðalævi við 50 ára aldur og síðan gerð grein fyrir heildarútgjöldum til heilbrigðismála á árabilinu 1950—1975.

Glöggt kemur fram af þessu línuriti, að Ísland hefur nú komist í tölu þeirra þjóða, þar sem aukin útgjöld til heilbrigðismála ganga ekki til þess að lengja ævi manna eða lækka dánartölu ungbarna, heldur til þess að fyrirbyggja sjúkdóma, leita þá uppi og reyna að lækna þá, en síðast en ekki síst til þess að auka og bæta þjónustu við þá, sem haldnir eru langvarandi og ólæknanlegum sjúkdómum og meinum, og þar eru án efa stærstu hóparnir geðsjúkir, aldraðir og þroskaheftir.

Í 3. kafla skýrslunnar er greint frá fjárframlögum til sjúkrahúsa, sveitarfélaga, heilsugæslustöðva, elliheimila og embættisbústaða, eins og þessu er skipt í fjárlögum áranna 1970—1976. Allar upphæðir eru á verðlagi hvers árs og hægt að sjá hvernig fjárhagsstaða hverrar stofnunar og verkefnis var í árslok 1976. Ekki hefur verið lögð vinna í að umreikna þessi fjárframlög til verðlags ársins 1976, þar eð ekki var talið að það hefði tilgang nema til könnunar á einstökum verkefnum.

Í kafla 4 er áætlun um heilsugæslustöðvar og skýrsla um stöðu byggingarmála þeirra í árslok 1976, en jafnframt eru í þessum kafla yfirlitstöflur um húsnæði fyrir heilsugæslu og spá um þær viðbætur, sem þarf, til þess að fyrirmælum laga um heilbrigðisþjónustu sé náð, og einnig eru yfirlitstöflur um starfslið við heilsugæslu og spá um þá fjölgun, sem vera þyrfti samkvæmt sömu lögum.

Mikil vinna hefur verið lögð í gerð þessa kafla, enda gert ráð fyrir því, að af þeim upplýsingum, sem þar er að finna, megi byggja framkvæmdaáætlun um byggingu heilsugæslustöðva, sem væri rökrétt framhald þeirrar vinnu, sem hér hefur verið unnin.

Niðurstöður þessa kafla eru þær, að í byggingu sé nú fyrir heilsugæslu um 9 000 $m^2$ húsnæði, í hönnun og frumathugun sé um 2 500 $m^2$ húsnæði, en áætluð viðbótarþörf sé tæplega 14 000 $m^2$ húsnæði, sem enn hefur ekki verið veitt fé til á fjárlögum. Samtals er gert ráð fyrir að húsnæðisþörf fyrir heilsugæslu á öllu landinu sé 25 400 $m^2$, þar af 18 000 $m^2$ utan Reykjavíkur, en 7 400 $m^2$ í Reykjavík.

Hvað viðvíkur íbúðarhúsnæði fyrir starfslið í heilbrigðisþjónustu, þá eru nú 59 íbúðir í notkun, en 5 í byggingu eða hönnun. Til þess að fullnægja þörf vantar um 88 íbúðir og svarar þetta til um 13 000 $m^2$ húsnæðis.

Hvað starfsliði í heilbrigðisþjónustu viðvíkur samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, þá voru í árslok 1976 allar stöður lækna, hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra settar, en hér er um að ræða 103 stöður.

Til þess að lög um heilbrigðisþjónustu komi að fullu til framkvæmda, má gera ráð fyrir um 150—160 stöðum lækna, hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra, en að sjálfsögðu er hér ekki um nýjar stöður að ræða, heldur að meginhluta tilfærslu á læknum úr almennu læknisstarfi til heilsugæslustarfa og frá hjúkrunarfræðingum úr heilsuverndarstarfi til heilsugæslustarfa.

Í kafla 5 er skrá um skiptingu fjárveitinga eftir stöðum og verkefnum 1970—1976, til heilsugæslustöðva, læknamóttaka, sjúkrahúsa, læknisbústaða og dvalarheimila aldraðra og eru þessar töflur fróðlegar til þess að sjá í stuttu máli hve gífurleg dreifing hefur verið á fjármunum yfir þetta tímabil.

Í kafla 6 er skrá um sjúkrahús og legurými eins og það er við útkomu þessarar skýrslu, og hefur verið reynt að afla nýjustu upplýsinga frá öllum þeim stofnunum. sem þar eru tilgreindar. Hér er alls um að ræða 50 mismunandi sjúkrastofnanir með 4 030 legurúmum.

Nánari skýringar á þessari skýrslu eru síðan teknar upp síðar í skýrslunni þegar rætt er um einstök sjúkrahús.

Í kafla 7 er rætt um nýbyggingar sjúkrahúsa á árunum 1970—1976 og teknar inn í þessa skýrslu tímaáætlanir nokkurra verka, sem þegar eru á framkvæmdastigi og reynt hefur verið að gera framkvæmdaáætlun fyrir.

Í upphafi kaflans er rætt um almenn atriði í sambandi við sjúkrahúsmál og drepið á nokkur atriði, sem hljóta að hafa áhrif á þörf og nýtingu sjúkrarúma. Þá er í þessum kafla gerð grein fyrir aldursdreifingu þjóðarinnar og spá um breytingar aldursdreifingar og fjölgunar þeirra, sem eru 65 ára og eldri fram til næstu aldamóta.

Sýnt er í þessum kafla skipurit um þróun sjúkrahúsa frá upphafi, en síðan gerð grein fyrir sjúkrahúsum landsins í stuttu máli og rakið hvaða breytingar og viðbætur hafa verið ákvarðaðar eða eru fyrirhugaðar á hinum ýmsu stöðum.

Sérstaklega er gerð grein fyrir stærstu verkefnum, svo sem Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri, sjúkrastofnunum Reykjavíkurborgar og byggingu ríkisspítalanna.

Þá eru í þessum kafla sýndir grunnuppdrættir sjúkrahúss og heilsugæslustöðvar á Ísafirði, en þessir uppdrættir skýra vel stefnumörkun heilbrigðisstjórnarinnar við hönnun nýbyggingar í dreifbýlinu, sem ætlað er að hýsa alla þá heilbrigðisþjónustu, sem hægt er að veita í heimabyggð.

Í 8. kafla er sérstök skrá um dvalarheimili aldraðra, en jafnframt hjúkrunar- og endurhæfingardeildir, og er legurými og vistmannafjöldi miðað við ársbyrjun 1977. Sumar þær stofnanir, sem þarna eru taldar, eru einnig taldar í skránni í kafla 6.

Í kafla 9 er rætt um Styrktarsjóð vangefinna sérstaklega. Gerð hefur verið yfirlitstafla um styrki úr sjóðnum frá upphafi 1958 til ársloka 1976 og greint frá því til hvaða stofnana styrkirnir hafa verið veittir. Þá er í stuttu máli rakinn tilgangur og saga þessa sjóðs og lýst þeim verkefnum, sem nú eru á döfinni og ætla má að verði fjármagnaðar úr þessum sjóði.

Í kafla 10 er gerð grein fyrir Gæsluvistarsjóði á líkan hátt og Styrktarsjóði vangefinna, og fylgir með tafla, sem sýnir hvernig styrkir hafa verið veittir úr Gæsluvistarsjóði frá 1964—1976, og gerð grein fyrir því til hvaða stofnana fé hefur runnið eftir að sjóðurinn var látinn fara að gegna upphaflegu verkefni sínu, þ. e. að veita styrki til byggingar viststofnana fyrir áfengissjúklinga.

Í kafla 11 er skýrt frá tildrögum þess að Tjaldanesheimilið í Mosfellssveit var afhent íslenska ríkinu að gjöf í mars 1976, og í kafla 12 er skýrt frá kaupum á Landakotsspítala í Reykjavík, sem ríkissjóður er eigandi að frá 1. janúar 1977. Greint er frá hvernig rekstrarfyrirkomulag spítalans verður næstu 20 ár samkvæmt kaupsamningi, en stofnuð hefur verið sjálfseignarstofnun, sem reka á spítalann þetta tímabil.

Í 13. kafla eru raktir kostnaðarþættir í sjúkrahúsrekstri 1953—1974 og eru þar teknir til athugunar spítalar ríkisins, þ. e. Landsspítali og Fæðingardeild, Vífilsstaðaspítali, Kleppsspítali og Kópavogshæli. Þessir kostnaðarþættir eru bæði raktir í töflum og teikningum, þannig að hægt er að bera saman breytingar á hinum ýmsu kostnaðarþáttum yfir þessi árabil og bera saman vægi hinna ýmsu kostnaðarþátta eftir sjúkrahúsum.

Hér hefur verið safnað mjög veigamiklum upplýsingum um sjúkrahúsakostnaðinn og þróun hans og er hér kominn efniviður til gagnrýninnar athugunar á þessum kostnaðarþáttum heilbrigðisþjónustunnar.

Athyglisvert er, að sú aukning, sem hefur orðið á hluta sjúkrahúsanna í útgjöldum vegna heilbrigðismála, er ekki á vegum ríkisins á tímabilinu 1953—1974, heldur nær öll á vegum sveitarfélaganna og vegur þar langmest stækkun Borgarspítalans í Reykjavík.

Af þessum skýrslum má sjá, að raunveruleg aukning sjúkrahúskostnaðar á íbúa hefur verið úr 289 kr. 1953 í 18 300 kr. 1974.

Á þessum tíma er kostnaðaraukning vegna verðbólgu 22-föld og er því raunveruleg kostnaðaraukning sjúkrahúskostnaðar á íbúa þreföld á þessu tímabili (1953—1974).

Í kafla 14 er rakin stuttlega hlutfallsleg skipting kostnaðar sjúkrahúsa 1974 og 1975 og ríkisspítalar bornir saman við Borgarspítala og Landakotsspítala í þessu sambandi.

Athyglisverð er samanburðartafla um tekjur og gjöld á legudag 1975 og vægi hinna mismunandi þátta í rekstri á þessum þremur sjúkrahúsum. Þá er í 15. kafla greint frá skiptingu launakostnaðar eftir starfsstéttum á ríkissjúkrahúsunum á árunum 1973—1974.

Í 16. kafla eru teknar upp rekstrarskýrslur sjúkrahúsa árið 1973 eins og daggjaldanefnd sjúkrahúsa hefur gert þær eftir gögnum þeim, sem sjúkrahúsin skila til nefndarinnar. Er hér um að ræða heildartölur í þúsundum króna, skipting hinna ýmsu kostnaðarþátta á legudag, skipting launakostnaðar eftir starfshópum og starfsemi. Þá er í þessum skýrslum gefið yfirlit um fjölda starfsliðs eftir starfsstéttum í nokkrum helstu sjúkrahúsum, svo og skipting starfsliðs eftir deildum hjá þremur stærstu sjúkrahúsunum.

Í þessu stutta yfirliti hefur verið reynt að gera grein fyrir efni þeirrar skýrslu um heilbrigðismál, sem hér birtist.

Við lestur skýrslunnar er enginn vafi á því, að fleiri spurningar vakna en svarað er, og er þess að vænta að skýrslan verði hvatning til þess að nánari og ítarlegri úttekt verði gerð á sérstökum þáttum í heilbrigðiskerfinu en hingað til.

Skýrslan hefur verið unnin af starfsliði ráðuneytisins ásamt skólayfirlækni og aðstoðarframkvæmdastjóra ríkisspítalanna, en gagna hefur verið víða aflað svo sem fram kemur í skýrslunni.

## 2. ÚTGJÖLD TIL HEILBRIGÐISMÁLA

(Þjóðhagsstofnun júní 1976).




D.Á.G. nóv. 1976: „Stjórnun og fjármögnun íslenska spítalakerfisins".

ÞJÓÐHAGSSTOFNUN Júní, 1976.

**Minnisblað um útgjöld til heilbrigðismála 1950—1975.**

Töflurnar fjórar, sem fylgja þessu blaði, sýna glöggt, hve ört útgjöld til heilbrigðismála hafa vaxið undanfarinn aldarfjórðung. Heildarútgjöld til heilbrigðismála sem hlutfall af þjóðarframleiðslu hafa hækkað úr um 3% árið 1950 í 6½—7% árið 1975. Sérstaklega ör hefur vöxturinn verið frá 1965, eða úr 3½%—4% í fyrrgreind 6½—7% af þjóðarframleiðslunni (sjá töflur 1 og 3). Á sama tímabili, hefur hlutdeild atvinnu við heilbrigðisþjónustu vaxið með líkum hætti, eða úr 3—3½% af atvinnu landsmanna árin 1963—1965 í um það bil 6% 1974 (sjá töflur 2 og 3).

Á aldarfjórðungnum 1950—1975 hafa útgjöld til heilbrigðismála á hvert mannsbarn 4½- til 5-faldast að raunverulegu verðgildi á sama tíma og þjóðarframleiðsla og einkaneysla hafa um það bil tvöfaldast að raungildi (sjá töflu 4).

Sérstaklega athyglisvert er, að þótt afturkippur verði í framleiðslu eða einkaneyslu um sinn halda heilbrigðisútgjöldin áfram að vaxa. Þróunin 1975 er ljóst dæmi þessa.

Óhætt er að fullyrða að vandfundin sé í þjóðarbúskapnum grein, sem máli skiptir og jafnört hefur vaxið á undanförnum árum og áratugum og heilbrigðisþjónustan.

Tafla 1.

Heildarútgjöld til heilbrigðismála.

Milljónir króna.

| | 1950 | 1955 | 1960 | 1965 | 1970 | 1971 | 1972 | 1973 | 1974 | Áætlað 1975 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Útgjöld sjúkrasamlaga | | | 104 | 273 | 1.165 | 1.520 | 2.051 | 2.594 | 4.466 | (7.150) |
| Sjúkrahúsbyggingar | | | 25 | 108 | 253 | 229 | 344 | 340 | 746 | (1.030) |
| Útgjöld ríkisins, nema framlög til sjúkrasamlaga og sjúkrahúsbygginga | | | 90 | 265 | 580 | 796 | 1.073 | 1.473 | 2.492 | (3.470) |
| Útgjöld sveitarfélaga, nema framlög til sjúkrasamlaga og sjúkrahúsbygginga | | | 31 | 80 | 90 | 125 | 120 | 150 | 200 | (270) |
| Útgjöld einstaklinga, nema sjúkrasamlagsiðgjöld | | | 47 | 171 | 416 | 500 | (5[illegible]) | (650) | (900) | (1.180) |
| Samtals | 66 | 153 | 297 | 897 | 2.504 | 3.170 | 4.108 | 5.207 | 8.804 | 13.100 |
| Heildarútgjöld sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu á markaðsverði, % | 3,0 | 3,3 | 3,5 | 4,2 | 5,8 | 5,8 | 6,1 | 5,5 | 6,4 | 7,1 |
| Heildarútgjöld, að frádregnum útgjöldum til sjúkrahúsbygginga og kennslu heilbrigðisstétta, sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu á markaðsverði, % | 2,9 | 2,9 | 3,2 | 3,7 | 5,2 | 5,3 | 5,5 | 5,1 | 5,8 | 6,4 |

Tafla 2.

## Atvinna við heilbrigðisþjónustu 1963-1974.

Mannár.

| Atv.gr.nr. Hagstofu | | 1963 | 1964 | 1965 | 1966 | 1967 | 1968 | 1969 | 1970 | 1971 | 1972 | 1973 | 1974 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 825 | Sjúkrahús og aðrar heilbrigðisstofnanir | 1.312,5 | 1.407,3 | 1.591,6 | 1.741,7 | 1.971,1 | 2.216,1 | 2.331,8 | 2.742,5 | 3.039,7 | 3.379,6 | 3.491,5 | 3.882,4 |
| 826 | Tannlæknar og starfslið | 90,4 | 115,2 | 138,4 | 149,0 | 155,0 | 162,6 | 175,6 | 186,5 | 194,9 | 201,2 | 222,6 | 230,2 |
| 827 | Læknar og starfslið | 163,9 | 211,9 | 216,2 | 200,7 | 206,8 | 216,1 | 243,2 | 223,8 | 239,9 | 239,2 | 262,1 | 308,2 |
| 828 | Dýralæknar og starfslið | 16,2 | 17,7 | 15,2 | 16,5 | 17,1 | 17,9 | 22,1 | 24,8 | 25,7 | [illegible] | 24,7 | 27,9 |
| 829 | Heilbrigðisþjónusta ót.a. | 73,2 | 119,6 | 103,3 | 89,5 | 19,7 | 26,2 | 19,5 | 23,2 | 25,7 | 27,1 | 26,3 | 38,2 |
| 833 | Elliheimili | 237,9 | 251,9 | 262,0 | 275,4 | 314,3 | 355,5 | 299,7 | 315,4 | 346,4 | 385,1 | 379,8 | 416,1 |
| 834 | Velferðarstofnanir ót.a. | 294,3 | 319,1 | 323,8 | 358,9 | 417,0 | 465,2 | 510,9 | 564,4 | 608,5 | 690,9 | 776,4 | 918,3 |
| A | Samtals | 2.188,4 | 2.442,7 | 2.650,5 | 2.831,7 | 3.101,0 | 3.459,6 | 3.602,8 | 4.080,6 | 4.480,8 | 4.946,9 | 5.183,4 | 5.821,3 |
| B | Samtals að frádregnum atv.gr.nr. 828 (dýral.) að öllu leyti, og atv.gr.nr. 834 (velferðarst. ót.a.) að hálfu | 2.025,0 | 2.265,4 | 2.473,4 | 2.635,7 | 2.875,4 | 3.209,1 | 3.325,2 | 3.773,6 | 4.150,8 | 4.577,6 | 4.77[illegible],5 | 5.334,2 |
| | Atvinna í heild | 67.555 | 72.640 | 75.975 | 77.710 | 77.770 | 78.105 | 78.630 | 81.440 | 85.520 | 87.760 | 90.170 | 93.319 |
| | Hlutdeild heilbrigðisþjónustu í atvinnu landsmanna skv. A | 3,2% | 3,4% | 3,5% | 3,6% | 4,0% | 4,4% | 4,6% | 5,0% | 5,2% | 5,6% | 5,7% | [illegible] |
| | Hlutdeild heilbrigðisþjónustu í atvinnu landsmanna skv. B | 3,0% | 3,1% | 3,3% | 3,4% | 3,7% | 4,1% | 4,2% | 4,6% | 4,9% | 5,2% | 5,3% | 5,7% |

Athugasemd:

Yfirlit þetta er unnið úr skýrslum Hagstofu Íslands um slysatryggðar vinnuvikur. Hvert mannár er hér 52 slysatryggðar vinnuvikur. Talan um atvinnu í heild er byggð á tölum Hagstofu en með áætlun Þjóðhagsstofnunar um atvinnu í landbúnaði. Samtals-talan B gefur sennilega réttari mynd af atvinnu í eiginlegri heilbrigðisþjónustu, því þótt starfsemi á sviði heilbrigðisþjónustu vegi þungt í atv.gr. 834, er þar þó talin ýmis önnur starfsemi.

## Tafla 3.

| | Heildarútgjöld til heilbrigðismála, að frádregnum útgjöldum til sjúkrahúsbygginga og kennslu heilbrigðisstétta, sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu | Hlutdeild heilbrigðisþjónustu í atvinnu landsmanna |
|---|---|---|
| | % | % |
| 1950 | 2,9 | . |
| 1955 | 2,9 | . |
| 1960 | 3,2 | . |
| 1965 | 3,7 | 3,3 |
| 1966 | 3,7 | 3,4 |
| 1967 | 4,3 | 3,7 |
| 1968 | 5,1 | 4,1 |
| 1969 | 4,9 | 4,2 |
| 1970 | 5,2 | 4,6 |
| 1971 | 5,3 | 4,9 |
| 1972 | 5,5 | 5,2 |
| 1973 | 5,1 | 5,3 |
| 1974 | 5,8 | 5,7 |
| 1975 áætlað | 6,4 | |

ÞJÓÐHAGSSTOFNUN Júní 1976.

**Tafla 4. Vísitala þjóðarframleiðslu, einkaneyslu og heilbrigðisútgjalda á mann á föstu verðlagi ársins 1969.**

1950 = 100.0

| | Þjóðarfamleiðsla á mann | Einkaneysla á mann | Heildarútgjöld til heilbrigðismála á mann |
|---|---|---|---|
| 1950 | 100,0 | 100,0 | 100,0 |
| 1955 | 119,3 | 109,4 | 128,5 |
| 1960 | 124,3 | 115,6 | 161,7 |
| 1965 | 160,5 | 152,6 | 233,6 |
| 1966 | 171,4 | 169,6 | 249,9 |
| 1967 | 165,3 | 169,9 | 275,9 |
| 1968 | 153,3 | 158,9 | 312,6 |
| 1969 | 156,9 | 150,3 | 315,9 |
| 1970 | 168,4 | 173,8 | 355,0 |
| 1971 | 186,4 | 197,6 | 356,3 |
| 1972 | 194,7 | 214,6 | 370,8 |
| 1973 | 202,8 | 225,1 | 373,4 |
| 1974 | 206,6 | 237,5 | 416,6 |
| 1975 áætlað | 199,5 | 209,1 | 467,7 |

(Árið 1975 er áætlað að þjóðarframleiðsla á mann nemi 850 þús. kr., einkaneysla á mann 548 þús. kr. og heildarútgjöld til heilbrigðismála á mann 60 þús. kr.)

# HEILDARÚTGJÖLD TIL HEILBRIGÐISMÁLA

(HUNDRAÐSHLUTAR AF VERGRI ÞJÓÐARFRAMLEIÐSLU Á MARKAÐSVERÐI)[x]
Í NOKKRUM LÖNDUM VESTUR-EVRÓPU OG NORÐUR-AMERÍKU




HEIMILDIR: HEALTH, MONEY AND THE NATIONAL HEALTH SERVICE
UNIT FOR THE STUDY OF HEALTH POLICY, LONDON 1976
UPPLÝSINGAR FRÁ ÞJÓÐHAGSSTOFNUN

[x] NATIONAL HEALTH EXPENDITURE AS A PERCENT OF GROSS NATIONAL PRODUCT

## 3. FJÁRFRAMLÖG TIL SJÚKRAHÚSA SVEITARFÉLAGA, HEILSUGÆSLUSTÖÐVA, ELLIHEIMILA OG EMBÆTTISBÚSTAÐA.

Í þúsundum króna.

| Verkefni | Ár | Eign/skuld 1. janúar | Á fjárlögum | Greitt á árinu | Samtals 31. desemb. | Lækkun |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Reykjavík** | | | | | | |
| Borgarspítali (1953) Skuldagreiðslur | 1970 | | 24 000 | 12 000 | 112 273 | |
| | 1971 | | 26 000 | 26 000 | 138 273 | |
| | 1972 | | 28 000 | 14 017 | 152 290 | |
| | 1973 | +19 983 | 33 230 | 31 803 | 184 093 | 14 000 |
| | 1974 | +1 428 | 29 200 | 30 628 | 214 721 | |
| | 1975 | | 9 000 | 9 000 | 223 721 | |
| | 1976 | | 6 300 | | | |
| **Reykjavík** | | | | | | |
| Borgarspítali Þjónustudeild | 1974 | | 5 000 | 5 000 | 5 000 | |
| | 1975 | | 43 500 | 12 000 | 17 000 | 15 000 |
| | 1976 | +16 500 | 40 000 | | | |
| **Reykjavík** | | | | | | |
| Borgarspítali Arnarholt | 1973 | | 2 000 | 2 000 | 2 000 | |
| | 1974 | | 8 000 | 8 000 | 10 000 | |
| | 1975 | | 16 800 | 8 000 | | |
| | 1976 | | 20 000 | | | |
| **Reykjavík** | | | | | | |
| Borgarspítali Framkv. 1973 | 1975 | | 10 100 | | | |
| **Reykjavík** | | | | | | |
| Heilsugæslustöð Árbæjarhverfi | 1975 | | 20 000 | 10 000 | 10 000 | |
| | 1976 | +10 000 | 22 500 | | | |
| **Reykjavík** | | | | | | |
| B-álma Borgarspítali | 1976 | | 10 000 | | | |
| **Seltjarnarnes** | | | | | | |
| Dvalarheimili aldraðra | 1975 | | 800 | | | |
| **Seltjarnarnes** | | | | | | |
| Heilsugæslustöð | 1976 | | 2 000 | | | |
| **Kópavogur** | | | | | | |
| Heilsuverndarstöð (1964) | 1970 | | 100 | | | |
| | 1971 | | 100 | | | |
| | 1972 | | 100 | | | |
| **Hafnarfjörður** | | | | | | |
| Dvalarheimili aldraðra | 1975 | | 800 | | | |

| Verkefni | Ár | Eign/skuld 1. janúar | Á fjárlögum | Greitt á árinu | Samtals 31. desemb. | Lækkun |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Hafnarfjörður** | | | | | | |
| Sólvangur | 1972 | | 2 000 | 800 | 800 | |
| | 1973 | +1 200 | 2 000 | 3 200 | 4 000 | |
| | 1974 | | 2 000 | 2 000 | 6 000 | |
| | 1975 | | 2 000 | 2 000 | 8 000 | |
| | 1976 | | 4 000 | | | |
| **Álafoss** | | | | | | |
| Læknisbústaður (1963) | 1970 | +620 | 310 | 930 | 1 970 | |
| | 1971 | | 350 | 350 | 2 320 | |
| | 1972 | | 500 | 313 | 2 633 | |
| | 1973 | +187 | 500 | 270 | 2 903 | |
| | 1974 | +417 | 500 | | | |
| **Álafoss** | | | | | | |
| Heilsugæslustöð | 1976 | | 1 000 | | | |
| **Akranes** | | | | | | |
| Dvalarheimili aldraðra | 1974 | | 3 000 | 3 000 | 3 000 | |
| | 1975 | | 5 000 | 5 000 | 8 000 | |
| **Akranes** | | | | | | |
| Röntgentæki | 1970 | | 500 | 500 | 500 | |
| | 1971 | | 1 300 | 1 300 | 1 800 | |
| | 1972 | | 360 | 360 | 2 160 | |
| **Akranes** | | | | | | |
| Sjúkrahús (1964) | 1970 | | 2 000 | 2 000 | 12 375 | |
| | 1971 | | 3 000 | 3 000 | 15 375 | |
| | 1972 | | 9 330 | 9 330 | 24 705 | |
| | 1973 | | 9 330 | 9 330 | 34 035 | |
| | 1974 | | 23 200 | 31 795 | 65 830 | |
| | 1975 | ÷8 595 | 32 800 | 25 105 | 90 935 | 2 000 |
| | 1976 | ÷2 900 | 37 200 | | | |
| **Borgarnes** | | | | | | |
| Dvalarheimili aldraðra | 1974 | | 3 000 | 3 000 | 3 000 | |
| | 1975 | | 5 000 | 5 000 | 8 000 | |
| **Borgarnes** | | | | | | |
| Læknamiðstöð | 1971 | | 6 000 | 1 184 | 1 184 | |
| | 1972 | +4 816 | 11 000 | 12 500 | 13 684 | |
| | 1973 | +3 316 | 20 000 | 8 500 | 22 184 | 3 000 |
| H 2 | 1974 | +14 816 | 17 000 | 13 547 | 35 731 | |
| | 1975 | +18 269 | 17 000 | 30 053 | 65 784 | 2 000 |
| | 1976 | +3 216 | 16 000 | | | |
| **Borgarnes** | | | | | | |
| Læknisbústaður (1965) | 1970 | | 450 | 450 | 2 384 | |
| | 1971 | | 184 | 184 | 2 568 | |

| Verkefni | Ár | Eign/skuld 1. janúar | Á fjár-lögum | Greitt á árinu | Samtals 31. desemb. | Lækkun |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Kleppjárnsreykir** | | | | | | |
| Læknisbústaður (1967) | 1970 | | 300 | 300 | 1 215 | |
| | 1971 | | 189 | 189 | 1 404 | |
| **Ólafsvík** | | | | | | |
| Læknisbústaður (1967) | 1970 | | 900 | 900 | 2 894 | |
| | 1971 | | 900 | 900 | 3 794 | |
| | 1972 | | 900 | | 3 794 | |
| | 1973 | | 900 | 765 | 4 559 | |
| | 1974 | +135 | 1 500 | 1 635 | 6 194 | |
| | 1975 | | 900 | 900 | 7 094 | |
| **Ólafsvík** | | | | | | |
| Læknisbústaður | 1976 | | 3 500 | | | |
| **Hellissandur** | | | | | | |
| Læknamóttaka (1969) | 1970 | | 300 | | 600 | |
| | 1971 | +300 | 300 | 300 | 900 | |
| | 1972 | +300 | | 300 | 1 200 | |
| | 1973 | | 300 | 255 | 1 455 | |
| | 1974 | (45) | 300 | 200 | 1 655 | |
| | 1975 | +100 | 1 500 | 1 000 | 2 655 | |
| | 1976 | +500 | | | | |
| **Grundarfjörður** | | | | | | |
| Læknamóttaka | 1972 | | | 700 | 700 | Af framlagi til Ísafjarðar |
| | 1973 | | | | 700 | |
| | 1974 | | 1 200 | 500 | 1 200 | Endurgreitt til Ísafjarðar |
| **Stykkishólmur** | | | | | | |
| Læknisbústaður | 1970 | | 145 | 145 | | |
| | 1971 | | 200 | | | |
| | 1972 | | 400 | | | |
| | 1975 | | 800 | 800 | | |
| | 1976 | | 3 500 | | | |
| **Fellsendi** | | | | | | |
| Dvalarheimili aldraðra | 1975 | | 1 500 | 1 500 | 1 500 | |
| **Búðardalur** | | | | | | |
| Læknisbústaður | 1971 | | 200 | 200 | 200 | |
| | 1972 | | 40 | 40 | 240 | |
| | 1976 | | 2 000 | | | |

| Verkefni | Ár | Eign/skuld 1. janúar | Á fjárlögum | Greitt á árinu | Samtals 31. desemb. | Lækkun |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Búðardalur** | | | | | | |
| H 2 | 1974 | | 1 000 | 49 | 49 | |
| | 1975 | +951 | 10 000 | 10 000 | 10 049 | |
| | 1976 | | 20 000 | | | |
| **Reykhólar** | | | | | | |
| Læknisbústaður | 1970 | | 1 000 | 1 000 | 1 000 | |
| | 1971 | | 200 | 200 | 1 200 | |
| | 1972 | | 80 | 10 | 1 210 | |
| (vegna hitaveitu) | 1973 | | 200 / 400 } 600 | | | |
| **Patreksfjörður** | | | | | | |
| Læknisbústaður (1968) | 1970 | +800 | 400 | 1 200 | 1 200 | |
| | 1971 | | 400 | 400 | 1 600 | |
| | 1972 | | 400 | 400 | 2 000 | |
| | 1973 | | 400 | 360 | 2 360 | |
| | 1974 | +40 | 400 | | | |
| **Patreksfjörður** | | | | | | |
| Læknamiðstöð (1972) | 1970 | | 250 | 250 | 250 | |
| H 2 | 1971 | | 250 | 250 | 250 | |
| | 1972 | | 6 000 | 2 061 | 2 561 | |
| | 1973 | +3 939 | 7 000 | 2 176 | 4 737 | |
| | 1974 | +8 082 | 8 000 | 7 603 | 12 340 | |
| | 1975 | +8 479 | 12 600 | 9 770 | | |
| | 1976 | | 45 000 | | | |
| **Bíldudalur** | | | | | | |
| Læknisbústaður | 1970 | +100 | 150 | 250 | | |
| **Þingeyri** | | | | | | |
| Læknisbústaður | 1970 | | 200 | 200 | 200 | |
| | 1971 | | 200 | | 200 | |
| | 1972 | +200 | 108 | | 200 | |
| | 1973 | +308 | | 308 | 508 | |
| | 1975 | | 300 | | | |
| **Þingeyri** | | | | | | |
| Læknisbústaður Undirbúningur | 1974 | | 1 000 | 300 | 300 | |
| | 1975 | +700 | 1 000 | | | |
| H 1 | 1976 | | 1 000 | | | |
| **Flateyri** | | | | | | |
| Læknisbústaður | 1971 | | 240 | 240 | 240 | |
| | 1972 | | 240 | 240 | 480 | |
| | 1974 | | 400 | | | |
| | 1975 | | 300 | 300 | | |

| Verkefni | Ár | Eign/skuld 1. janúar | Á fjárlögum | Greitt á árinu | Samtals 31. desemb. | Lækkun |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Flateyri** | | | | | | |
| Röntgentæki | 1972 | | 200 | 200 | 200 | |
| Dvalarheimili aldraðra | 1974 | | 800 | | | |
| Dvalarheimili aldraðra | 1975 | +800 | 800 | 400 | 400 | |
| **Ísafjörður** | | | | | | |
| Læknamiðstöð | 1971 | | 6 000 | 4 930 | 4 930 | |
| Læknisbústaðir (1971) | 1972 | +1 047 | 8 000 | 4 240 | 9 170 | |
| | 1973 | +4 807 | 10 000 | 4 261 | 13 431 | |
| H 2 | 1974 | +10 546 | 9 800 | 13 911 | 27 342 | |
| | 1975 | +6 435 | 30 000 | 24 940 | 51 282 | 10 000 |
| | 1976 | +1 495 | 60 000 | | | |
| **Ísafjörður** | | | | | | |
| Sjúkrahús-læknisbústaður | 1970 | | 168 | 168 | 655 | |
| | 1971 | | 185 | 185 | 840 | |
| **Ísafjörður** | | | | | | |
| Héraðslæknisbústaður | 1970 | | 350 | 350 | 1 400 | |
| | 1971 | | 350 | 350 | 1 750 | |
| | 1972 | | 350 | 350 | 2 100 | |
| | 1973 | | 350 | 350 | 2 450 | |
| | 1974 | | 350 | 350 | 2 800 | |
| **Ísafjörður** | | | | | | |
| Dvalarheimili aldraðra | 1974 | | 800 | | | |
| | 1975 | +800 | 800 | | | |
| **Ísafjörður** | | | | | | |
| Læknamóttaka Súðavík | 1974 | | 2 000 | 2 000 | 2 000 | |
| | 1975 | | 6 000 | 3 500 | 5 500 | |
| | 1976 | +2 500 | 9 000 | | | |
| **Suðureyri** | | | | | | |
| Læknismóttaka | 1971 | | 60 | 60 | 60 | |
| | 1972 | | 30 | | | |
| **Bolungarvík** | 1974 | | 1 400 | 608 | 608 | |
| H 1 | 1975 | +792 | 10 000 | 8 708 | 9 316 | |
| | 1976 | +1 292 | 17 500 | | | |
| **Hólmavík** | | | | | | |
| Læknisbústaður | 1971 | | 200 | 200 | 200 | |
| | 1972 | | 1 500 | 493 | 693 | |
| | 1973 | +1 007 | 1 500 | | 693 | |
| | 1974 | (+1 814) | 1 500 | 1 009 | 1 702 | |
| | 1975 | +491 | 3 000 | | | |
| | 1976 | | 5 000 | | | |

| Verkefni | Ár | Eign/skuld 1. janúar | Á fjárlögum | Greitt á árinu | Samtals 31. desemb. | Lækkun |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Hvammstangi** | | | | | | |
| Sjúkrahús (1970) | 1970 | | 120 | 120 | 120 | |
| | 1971 | | 128 | 128 | 248 | |
| –Vararafstöð | 1976 | | 2 000 | | | |
| **Hvammstangi** | | | | | | |
| Læknisbústaður (1967) | 1970 | | 212 | 212 | 616 | |
| | 1971 | | 212 | 212 | 826 | |
| | 1972 | | 212 | 212 | 1 040 | |
| **Hvammstangi** | | | | | | |
| Læknisbústaður | 1974 | | 3 000 | 3 000 | 3 000 | |
| | 1975 | | 3 000 | 3 000 | 6 000 | |
| | 1976 | | 5 000 | | | |
| **Skagaströnd** | | | | | | |
| Læknisbústaður (1964) | 1970 | | 420 | 420 | 1 947 | |
| | 1971 | | 165 | 165 | 2 112 | |
| | 1972 | | 145 | 145 | 2 257 | |
| | 1973 | | 340 | 340 | 2 597 | |
| | 1974 | | 500 | 275 | 2 872 | |
| | 1975 | +225 | 500 | 725 | 3 597 | |
| **Blönduós** | | | | | | |
| Læknisbústaður (1964) | 1970 | | 400 | 400 | 1 600 | |
| | 1971 | | 400 | 400 | 2 000 | |
| | 1972 | | | | 2 000 | |
| | 1973 | | 700 | 700 | 2 700 | |
| | 1974 | | 700 | 700 | 3 400 | |
| **Blönduós** | | | | | | |
| Viðbygging við sjúkrahús | 1974 | | 1 000 | | | |
| | 1975 | +1 000 | 10 000 | 1 550 | 1 550 | 5 000 |
| | 1976 | +3 450 | 10 000 | | | |
| **Blönduós** | 1970 | | 175 | 175 | 175 | |
| Sjúkrahús (1970) | 1971 | | 77 | 77 | 252 | |
| –Skuldagreiðslur og rafstöð | 1974 | | 1 300 | 1 300 | 1 552 | |
| | 1975 | | 600 | 600 | 2 152 | |
| **Sauðárkrókur** | | | | | | |
| Sjúkrahús | 1970 | | 100 | 100 | | |
| | 1973 | | 700 | 700 | 700 | |
| | 1974 | | 1 000 | 1 000 | 1 700 | |
| **Sauðárkrókur** | | | | | | |
| Viðbygging við sjúkrahús | 1974 | | 1 000 | 500 | 500 | |
| | 1975 | +500 | 10 000 | 4 506 | 5 006 | 5 000 |
| | 1976 | +494 | 10 000 | | | |

| Verkefni | Ár | Eign/skuld 1. janúar | Á fjárlögum | Greitt á árinu | Samtals 31. desemb. | Lækkun |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Sauðárkrókur** | | | | | | |
| Sjúkrahúslæknisbústaður (1968) | 1970 | | 348 | 348 | 977 | |
| | 1971 | | 348 | 348 | 1 325 | |
| | 1972 | | 700 | 700 | 2 025 | |
| | 1973 | | 700 | 700 | 2 725 | |
| | 1974 | | 700 | 700 | 3 425 | |
| | 1975 | | 700 | 700 | 4 125 | |
| **Sauðárkrókur** | | | | | | |
| Læknismóttaka Hofsósi: Breyting | 1975 | | 500 | 500 | 500 | |
| | 1976 | | 500 | | | |
| **Siglufjörður** | | | | | | |
| Sjúkrahús (1960) | 1970 | | 1 600 | 1 600 | 10 390 | |
| | 1971 | | 1 600 | 1 600 | 11 990 | |
| | 1972 | | 1 810 | 1 810 | 13 800 | |
| | 1973 | | 700 | 600 | 14 400 | |
| | 1974 | +100 | 1 300 | 1 400 | 15 800 | |
| | 1975 | | 1 500 | 750 | 16 550 | |
| | 1976 | +750 | | | | |
| **Siglufjörður** | | | | | | |
| Röntgentæki | 1972 | | 500 | 500 | 500 | |
| **Ólafsfjörður** | | | | | | |
| Læknisbústaður Breyting (1970) | 1970 | | 220 | 220 | 220 | |
| | 1971 | | 220 | 220 | 440 | |
| | 1972 | | 317 | 317 | 757 | |
| **Ólafsfjörður** | | | | | | |
| Sjúkrahús | 1970 | | 1 140 | 1 140 | 4 446 | |
| | 1971 | | 1 140 | 1 140 | 5 586 | |
| | 1972 | | 1 500 | 1 500 | 7 086 | |
| | 1975 | | 5 000 | 5 000 | 12 086 | |
| | 1976 | | 24 000 | | | |
| **Ólafsfjörður** | | | | | | |
| Dvalarheimili aldraðra | 1975 | | 3 000 | 1 000 | 1 000 | |
| **Dalvík** | | | | | | |
| Dvalarheimili aldraðra | 1974 | | 800 | 450 | 450 | |
| | 1975 | +350 | 3 000 | 1 370 | 1 820 | |
| **Dalvík** | | | | | | |
| Læknisbústaður | 1971 | | 667 | 573 | 573 | |
| | 1972 | +9 | 1 000 | 240 | 813 | |
| | 1973 | +780 | 1 000 | 630 | 1 443 | |

| Verkefni | Ár | Eign/skuld 1. janúar | Á fjárlögum | Greitt á árinu | Samtals 31. desemb. | Lækkun |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Dalvík** | | | | | | |
| Læknamiðstöð | 1972 | | 4 000 | 300 | 300 | |
| | 1973 | +3 700 | 3 000 | 1 796 | 2 096 | |
| H 2 | 1974 | +4 905 | 10 300 | 4 016 | 6 112 | |
| | 1975 | +12 339 | 16 800 | 20 019 | 26 130 | 9 000 |
| | 1976 | +20 | 24 000 | | | |
| **Akureyri** | | | | | | |
| Röntgentæki | 1970 | | 163 | 163 | | |
| **Akureyri** | | | | | | |
| Dvalarheimili aldraðra | 1974 | | 3 000 | 2 250 | 2 250 | |
| | 1975 | +750 | 5 000 | 5 750 | 8 000 | |
| **Akureyri** | | | | | | |
| Sótthreinsunartæki | 1970 | | 480 | 480 | | |
| **Akureyri** | | | | | | |
| Læknamiðstöð | 1973 | | 1 500 | 1 275 | 1 275 | |
| | 1974 | +225 | 1 800 | 1 800 | 3 075 | |
| Heilsugæslustöð | 1975 | | 1 500 | 1 500 | 4 575 | |
| | 1976 | | 5 000 | | | |
| **Akureyri** | | | | | | |
| Þvottahúsbygging | 1970 | | 900 | 900 | 3 510 | |
| | 1971 | | 900 | 900 | 4 410 | |
| | 1972 | | 900 | 900 | 5 310 | |
| | 1973 | | 800 | | | |
| **Akureyri** | | | | | | |
| Sjúkrahús | 1970 | | 4 100 | | 6 250 | |
| | 1971 | | 12 200 | 9 143 | 15 393 | |
| | 1972 | +3 057 | 10 000 | 1 463 | 16 856 | |
| | 1973 | +9 393 | 5 000 | 9 928 | 26 784 | |
| | 1974 | +5 465 | 23 100 | 28 565 | 55 349 | |
| Nýbygging | 1975 | | 78 000 | 52 000 | 107 349 | |
| | 1976 | +25 200 | 75 000 | | | |
| **Húsavík** | | | | | | |
| Sjúkrahús (1964) | 1970 | | 2 880 | 2 880 | 11 336 | |
| | 1971 | | 5 000 | 5 000 | 16 336 | |
| | 1972 | | 7 000 | 7 000 | 23 336 | |
| | 1973 | | 7 000 | 7 000 | 30 336 | |
| | 1974 | | 7 000 | 7 000 | 37 336 | |
| | 1975 | | 4 800 | 4 800 | 42 136 | |
| **Húsavík** | | | | | | |
| Héraðslæknisbústaður (1966) | 1970 | | 100 | 100 | 900 | |
| | 1971 | | 30 | 30 | 930 | |
| Læknisbústaður v/heilsugæslustöðvar | 1976 | | 1 500 | | | |

| Verkefni | Ár | Eign/skuld 1. janúar | Á fjárlögum | Greitt á árinu | Samtals 31. desemb. | Lækkun |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Húsavík**<br>Læknisbústaður v/Sjúkrahúss | 1975<br>1976 | | 1 500<br>3 000 | | | |
| **Húsavík**<br>Dvalarheimili aldraðra | 1974 | | 800 | | | |
| **Raufarhöfn**<br>Læknisbústaður | 1970<br>1975 | | 60<br>500 | 60 | | |
| **Vopnafjörður** | 1972<br>1973 | | 500<br>500 | | | |
| **Vopnafjörður**<br>H 1 Til undirbúnings | 1974<br>1975<br>1976 | <br>+951<br>+1 965 | 1 000<br>12 800<br>11 800 | 49<br>835 | 49<br>884 | <br>10 000 |
| **Vopnafjörður**<br>Dvalarheimili aldraðra | 1974<br>1975 | | 800<br>3 000 | 400 | 400 | |
| **Egilsstaðir**<br>Dvalarheimili aldraðra | 1974<br>1975 | | 3 000<br>5 000 | 900 | 900 | |
| **Egilsstaðir**<br>Borgarfjörður Læknamóttaka | 1974 | | 1 100 | 1 100 | 1 100 | |
| **Egilsstaðir**<br>Læknisbústaður Norðurhérað | 1970 | | 176 | 176 | | |
| **Egilsstaðir**<br>Austurhérað (1967) | 1970<br>1971<br>1972<br>1973<br>1974 | | 420<br>420<br>420<br>420<br>420 | 420<br>420<br>420<br>357<br>420 | 1 500<br>1 920<br>2 340<br>2 697<br>3 117 | |
| **Egilsstaðir**<br>Sjúkrahús (1968)<br><br>Sjá læknamiðstöð og H 2: Fjárveitingar sameiginlegar | 1970<br>1971<br>1972 | <br><br>274 | 540<br>540<br>540 | 540<br>266<br>420 | 540<br>806<br>1 226 | |

| Verkefni | Ár | Eign/skuld 1. janúar | Á fjárlögum | Greitt á árinu | Samtals 31. desemb. | Lækkun |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Egilsstaðir** Læknamiðstöð (1969) | 1970 | | 3 000 | 3 000 | 3 300 | |
| | 1971 | | 6 000 | 3 590 | 6 890 | |
| | 1972 | +2 410 | 8 000 | 4 706 | 11 596 | |
| | 1973 | +5 740 | 11 000 | 11 600 | 23 196 | |
| | 1974 | +5 104 | 10 400 | 15 504 | 38 700 | |
| | 1975 | | 6 500 | 6 500 | 45 200 | |
| | 1976 | | 6 900 | | | |
| **Seyðisfjörður** Læknisbústaður | 1970 | | 566 | 566 | 2 326 | |
| | 1971 | | 506 | 506 | 2 832 | |
| | 1972 | | | | 2 832 | |
| | 1973 | | | | 2 832 | |
| | 1974 | | 200 | 200 | 3 032 | |
| | 1975 | | 200 | 100 | 3 132 | |
| | 1976 | +100 | 335 | | | |
| **Seyðisfjörður** H 1 | 1974 | | 1 000 | 1 000 | 1 000 | |
| | 1975 | | 1 000 | 1 000 | 2 000 | |
| | 1976 | | 4 000 | | | |
| **Neskaupstaður** Læknisbústaður (1967) | 1970 | | 534 | 534 | 1 962 | |
| | 1971 | | 534 | | 1 962 | |
| | 1972 | +534 | | 534 | 2 496 | |
| | 1973 | | | | 2 496 | |
| | 1974 | | 800 | 800 | 3 296 | |
| | 1975 | | 800 | 800 | 4 096 | |
| **Neskaupstaður** Sjúkrahús | 1970 | | 200 | 200 | 200 | |
| | 1971 | | 1 000 | 1 000 | 1 200 | |
| | 1972 | | 8 000 | 1 000 | 2 200 | |
| | 1973 | +7 000 | 8 000 | 8 942 | 11 142 | |
| | 1974 | +6 058 | 23 300 | 8 000 | 19 142 | |
| | 1975 | +21 358 | 28 000 | 48 858 | 67 998 | |
| | 1976 | | 43 000 | | | |
| **Eskifjörður** Læknisbústaður (1964) | 1970 | | 544 | 544 | 2 439 | |
| | 1971 | | 405 | 405 | 2 844 | |
| **Reyðarfjörður** Læknamóttaka | 1970 | | 109 | | 534 | |
| | 1971 | +109 | 100 | 209 | 743 | |

| Verkefni | Ár | Eign/skuld 1. janúar | Á fjár- lögum | Greitt á árinu | Samtals 31. desemb. | Lækkun |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Fáskrúðsfjörður** | | | | | | |
| Læknisbústaður (1970) | 1970 | | 667 | | | |
| | 1971 | +667 | 667 | 1 334 | 1 334 | |
| | 1972 | | 667 | 300 | 1 634 | |
| | 1973 | +367 | 667 | 1 034 | 2 668 | |
| | 1974 | | 1 000 | 1 000 | 3 668 | |
| | 1975 | | 1 000 | 1 000 | 4 668 | |
| | 1976 | | 3 000 | | | |
| **Fáskrúðsfjörður** | | | | | | |
| Heilsugæslustöð | 1976 | | 1 000 | | | |
| **Fáskrúðsfjörður** | | | | | | |
| Læknamóttaka Stöðvarfirði | 1974 | | 1 500 | | | |
| | 1975 | +1 500 | 4 000 | 5 040 | 5 040 | |
| | 1976 | +460 | 6 400 | | | |
| **Djúpivogur** | | | | | | |
| Læknamóttaka Breiðdalsvík | 1974 | | 1 500 | 1 765 | 1 765 | |
| | 1975 | ÷265 | 4 000 | 3 983 | 5 748 | |
| | 1976 | +17 | 5 400 | | | |
| **Höfn Hornafirði** | | | | | | |
| H 2 | 1972 | | 500 | 493 | 493 | |
| | 1973 | +7 | 500 | 108 | 601 | |
| | 1974 | +399 | 13 000 | 13 399 | 14 000 | |
| | 1975 | | 28 800 | 28 967 | 42 967 | |
| | 1976 | ÷167 | 25 400 | | | |
| **Kirkjubæjarklaustur** | | | | | | |
| H 1 | 1974 | | 1 000 | 1 000 | 1 000 | |
| | 1975 | | 6 900 | 6 900 | 7 900 | |
| | 1976 | | 17 000 | | | |
| **Vík í Mýrdal** | | | | | | |
| H 1 | 1974 | | 1 000 | 29 | 29 | |
| | 1975 | +971 | 6 900 | 7 296 | 7 325 | |
| | 1976 | +574 | 21 000 | | | |
| **Vík** | | | | | | |
| Læknisbústaður | 1971 | | 350 | 350 | 350 | |
| | 1972 | | 350 | 350 | 350 | |
| Dvalarheimili aldraðra | 1974 | | 800 | | | |
| | 1975 | +800 | 800 | 1 600 | 1 600 | |
| **Stórólfshvoll** | | | | | | |
| Læknisbústaður (1966) | 1970 | | 200 | 200 | | |
| | 1971 | | 200 | | | |
| Hvolsvöllur Tækjakaup | 1976 | | 1 600 | | | |

| Verkefni | Ár | Eign/skuld 1. janúar | Á fjárlögum | Greitt á árinu | Samtals 31. desemb. | Lækkun |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Hella** | | | | | | |
| Læknisbústaður (1970) | 1970 | | 150 | 150 | | |
| | 1971 | | 76 | | | |
| | 1971 | | 76 | | | |
| | 1973 | | 34 | 34 | 34 | |
| | 1974 | | 500 | 500 | 534 | |
| Tækjakaup | 1976 | | 2 000 | | | |
| **Hella** | | | | | | |
| Dvalarheimili aldraðra | 1974 | | 800 | 800 | 800 | |
| | 1975 | | 3 000 | 3 000 | 3 800 | |
| **Vestmannaeyjar** | | | | | | |
| Sjúkrahús (1962) | 1970 | | 2 200 | 2 200 | 12 280 | |
| | 1971 | | 2 200 | 2 200 | 14 480 | |
| | 1972 | | 20 000 | 20 000 | 34 480 | |
| | 1973 | | 20 000 | 1 450 | 35 930 | |
| | 1974 | + 18 550 | 20 000 | 38 550 | 74 480 | |
| | 1975 | | 20 000 | 18 000 | 92 480 | 2 000 |
| Skuldagreiðslur | 1976 | | 20 000 | | | |
| **Vestmannaeyjar** | | | | | | |
| Héraðslæknisbústaður (1968) | 1970 | | 294 | 294 | 788 | |
| | 1971 | | 294 | 294 | 1 082 | |
| | 1972 | | 294 | 294 | 1 376 | |
| | 1973 | | 100 | | | |
| **Vestmannaeyjar** | | | | | | |
| Sjúkrahúslæknisbústaður (1970) | 1970 | | 200 | 200 | 200 | |
| | 1971 | | 200 | 200 | 200 | |
| | 1972 | | 386 | | | |
| **Selfoss** | | | | | | |
| Sjúkrahús (1969) | 1970 | +2 000 | 1 750 | | | |
| | 1971 | +3 750 | 3 750 | 32 | 32 | |
| | 1972 | +7 468 | 10 000 | 3 200 | 3 232 | |
| | 1973 | +14 268 | 14 500 | 2 001 | 5 233 | 10 000 |
| | 1974 | +16 769 | 20 500 | 42 267 | 47 500 | |
| | 1975 | ÷5 000 | 50 000 | 36 400 | 83 900 | 2 000 |
| | 1976 | | 50 000 | | | |
| **Selfoss** | | | | | | |
| Heilsuverndarstöð | 1972 | | 230 | 230 | 230 | |
| | 1973 | | 230 | 230 | 460 | |
| **Selfoss** | | | | | | |
| Héraðslæknisbústaður (1965) | 1970 | | 200 | 200 | 1 140 | |
| | 1971 | | 200 | 200 | 1 340 | |
| | | | 44 | | | |
| **Selfoss** | | | | | | |
| Sjúkrahúslæknisbústaður (1968) | 1970 | | 294 | | 882 | |
| | 1971 | | 294 | | | |
| | 1972 | | 294 | | | |

| Verkefni | Ár | Eign/skuld 1. janúar | Á fjárlögum | Greitt á árinu | Samtals 31. desemb. | Lækkun |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Laugarás** | | | | | | |
| Læknisbústaður | 1970 | | 200 | 200 | 200 | |
| | 1971 | | 667 | 667 | 867 | |
| | 1972 | | 1 667 | 1 667 | 2 534 | |
| | 1973 | | 1 000 | 1 000 | 3 534 | |
| Skuldagreiðslur H 2 | 1974 | | 2 300 | 2 300 | | |
| | 1976 | | 500 | | | |
| **Hveragerði** | | | | | | |
| Læknisbústaður | 1975 | | 2 100 | 2 100 | 2 100 | |
| | 1976 | | 1 000 | | | |
| **Keflavík** | | | | | | |
| Röntgentæki | 1970 | | 500 | 500 | 500 | |
| | 1971 | | 350 | 350 | 850 | |
| | 1972 | | 450 | 450 | 1 300 | |
| **Keflavík** | 1972 | | 1 800 | 300 | 300 | |
| Sjúkrahús | 1973 | +1 500 | 4 000 | 400 | 700 | |
| | 1974 | +5 100 | 10 500 | 4 847 | 5 547 | |
| | 1975 | +10 753 | 30 000 | 11 900 | 17 447 | 15 000 |
| | 1976 | +13 853 | 37 000 | | | |
| **Keflavík** | | | | | | |
| Heilsugæslustöð í leiguhúsnæði | 1975 | | 2 000 | 2 000 | 2 000 | |
| Heilsugæslustöð | 1976 | | 2 000 | | | |
| **Keflavík** | | | | | | |
| Læknamóttaka Grindavík | 1975 | | 2 000 | 1 500 | 1 500 | |
| | 1976 | +500 | | | | |

## 4. ÁÆTLUN UM HEILSUGÆSLUSTÖÐVAR OG SKÝRSLA UM STÖÐU BYGGINGARMÁLA Í ÁRSLOK 1976.

**Yfirlitstöflur um húsnæði fyrir heilsugæslu og spá um viðbætur.**
**Yfirlitstöflur um starfslið við heilsugæslu og spá um fjölgun.**

1.0. SKÝRSLA ÞESSI GREINIR FRÁ ÁÆTLUN UM HEILSUGÆSLUSTÖÐVAR OG MIÐAST ÁÆTLUNIN VIÐ ÁRSLOK 1976.

1.1.0. Samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 56/1973, er landinu skipt í 27 heilsugæsluumdæmi. Innan þessara umdæma eru 40 starfssvæði.

Utan Reykjavíkur eru 39 starfssvæði, og þar er gert ráð fyrir 13 heilsugæslustöðvum, þar sem starfar einn læknir (H 1) og 26 heilsugæslustöðvum, þar sem tveir læknar starfa hið minnsta (H 2).

Á Reykjavíkursvæðinu (Seltjarnarnes og Reykjavík) er gert ráð fyrir 9 heilsugæslustöðvum.

1.1.1. Í greinargerð í 2.0. er fjallað um það húsnæði, sem fyrir hendi er, hverra úrbóta er þörf, og getið hversu mikið viðbótarrými þarf til að koma, svo að starfsaðstaða verði fullnægjandi hvað þennan þátt áhrærir. Þá er því lýst hvernig nýta megi rými, sem losnar, þegar starfsemi flyst til, þegar nýtt húsrými bætist við.

1.1.2. Áætlun um viðbótarþörf húsnæðis er gerð samkvæmt þeirri reynslu, sem fengist hefur í ráðuneytinu.

Læknamóttökur utan stöðva hafa verið staðlaðar (110 m$^2$), einnig heilsugæslustöðvar (H 1), þar sem starfar einn læknir, ásamt öðru starfsliði (360 m$^2$), sbr. uppdrátt af heilsugæslustöð í Bolungarvík í ritinu: LEIÐBEININGAR UM HÖNNUN HEILBRIGÐISSTOFNANA (Rit heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins 1/1976) og enn fremur heilsugæslustöðvar (H 2), þar sem tveir læknar starfa, sbr. uppdrátt af heilsugæslustöð í Búðardal í áðurnefndu riti. Í þessari áætlun er gert ráð fyrir 460 m$^2$ viðbótarrými, þar sem heilsugæslustöð er í sjálfstæðri byggingu.

Áætlun um stærðir heilsugæslustöðva í hverfum í Reykjavík er gerð í samræmi við drög að byggingarlýsingu fyrir heilsugæslustöð á Seltjarnarnesi, sem mun veita þjónustu íbúum á Seltjarnarnesi og í vesturbæ Reykjavíkur og miðað við að um 12 000 manns búi á þjónustusvæðinu. Þessi áætlaða stærð er um 900 m$^2$. Þessi tala miðast við að vinnuskilyrði verði fyrir sex heilsugæslulækna, tvo sérfræðinga og tvo tannlækna í starfi samtímis. Reynist þetta rými of lítið er fram í sækir, er áskilið að í byggingarlýsingu sé gert ráð fyrir að hægt sé að auka húsrými eftir þörfum með viðbyggingum.

Þessar upplýsingar eru dregnar saman í töflunum aftast í skýrslunni. Flatarmál þeirra heilsugæslustöðva, sem í byggingu eru, hafa verið settar í sviga til aðgreiningar. Stærðir þeirra heilsugæslustöðva, sem eru í tengslum við þjónustudeildir sjúkrahúsa, eru uppgefnar samkvæmt útreikningum framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar ríkisins og hefur inn í þær stærðir verið bætt þátttöku í sameiginlegu rými (aðalinngangar, biðstofur, stigahús, lyftur, geymslur o. s. frv.).

1.1.3. Í töflunum er einnig gerð grein fyrir fjölda lækna, hjúkrunarkvenna og ljósmæðra, sem voru við störf í heilsugæslustöðvum 1. nóvember 1976, og áætlun um viðbótarþörf í þessum greinum. Þá er sýnt hvernig er skipað starfsliði öðru við heilsugæslu, sem launað er af sjúkrasamlögum (læknar við læknamiðstöðvar og heilsugæslustöðvar, sem ekki eru ríkisstarfsmenn), af heilsu-

verndarstöðvum (læknar, hjúkrunarkonur, ljósmæður og aðrir ótaldir) og starfsfólki í heilsugæslustöðvum, sem launað er af sveitarstjórnum (ritarar, meinatæknar, aðstoðarfólk o. s. frv.).

Í töflunni er einnig sýndur fjöldi íbúða, sem byggðar hafa verið af ríki og sveitarfélögum og ætlaðar eru læknum, hjúkrunarkonum og ljósmæðrum, svo og viðbótarþörf í samræmi við þann húsakost, sem fyrir er, og áætlaða aukningu lækna, hjúkrunarkvenna og ljósmæðra.

1.1.4. Í heilsugæslustöðvum er yfirleitt aðeins þörf fyrir þjónustu ljósmæðra í hluta úr starfi, m. a. vegna þess að svo til allar fæðingar fara fram á sjúkrahúsum og mæðravernd er framkvæmd í nánum tengslum við þau, en þar sem svo hagar til að hjúkrunarfræðingar hafa ekki fengist til starfa, hafa ljósmæður verið ráðnar í þeirra stað.

1.1.5. Við áætlun um nauðsynlegan fjölda lækna í heilsugæslustöðvum í dreifbýli hefur verið miðað við að til jafnaðar komi 1 500—2 000 íbúar á lækni, en þetta hlutfall lækkar þar sem um veruleg ferðalög er að ræða og vaktaálag mikið.

Í Reykjavík og tilsvarandi þéttbýliskjörnum er miðað við að 2 000—2 500 íbúar verði um hvern lækni.

Áætlaður fjöldi hjúkrunarkvenna er miðaður við þau verkefni, sem heilsugæslustöðvum er ætlað að sinna, og við þá reynslu, sem fengist hefur af starfi hjúkrunarkvenna í heilsugæslustöðvum.

Þess ber að geta að fjöldi lækna og hjúkrunarkvenna er mjög varlega áætlaður og í mörgum nágrannalöndum eru tilsvarandi hlutföll mun lægri en hér er gert ráð fyrir.

1.1.6. Á yfirlitsmynd á síðu 26 svarar áætlaður heildarmannfjöldi 1930 (= 233 150) til framreiknings Þjóðhagsstofnunar.

Hins vegar eru tölur svarandi til einstakra heilsugæslustöðva hrein ágiskun og er væntanlega mjög oftalið á Reykjavíkursvæðið, en vantalið á ýmsa staði í dreifbýli.

# HÉRAÐASKIPUN 1766 - 1976



2.0. HÚSNÆÐI FYRIR HEILSUGÆSLU

2.1.0. **Reykjavíkurhérað.**

**Starfssvæði Reykjavíkur og Seltjarnarness.**

2.1.1. Á fjárlögum hefur verið veitt fé til þriggja stöðva: Í Árbæjarhverfi, í þjónustudeild Borgarspítala og á Seltjarnarnesi.

2.1.2. Húsnæði Árbæjarstöðvarinnar er tilbúið og er verið að búa stöðina tækjum. Auglýstar hafa verið tvær stöður heilsugæslulækna og gæti stöðin tekið til starfa snemma á árinu 1977.

Gert er ráð fyrir auknum mannfjölda í Árbæ og Selási og stærð stöðvarinnar miðuð við það.

2.1.3. Á 2. hæð 1. áfanga þjónustudeildar Borgarspítala, sem búið er að steypa upp, er gert ráð fyrir aðstöðu fyrir allt að sex heilsugæslulækna og rými fyrir sérfræðiþjónustu, sem veitt yrði af sérfræðingum Borgarspítalans.

2.1.4. Náðst hefur samkomulag milli Seltjarnarnesskaupstaðar og Reykjavíkurborgar um að sveitarfélögin sameinist um heilsugæslustöð, er verði staðsett austarlega á Seltjarnarnesi. Er stærð hennar áætluð um 900 m².

Gert er ráð fyrir verulegri aukningu í vesturbænum, þegar byggð eykst á Eiðisgranda, og þyrfti þá að koma fyrir annarri stöð, sem best yrði staðsett við eða nærri St. Jósefsspítala að Landakoti.

2.1.5. Væntanleg hverfaskipting, sem gerð er í samráði við borgarlækni, er sýnd í töflunum aftast í skýrslunni, en samkvæmt því er áætlun um húsrýmisþörf fyrir heilsugæslu í Reykjavík nú svo sem hér segir:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Árbæjarhverfi | 580 m² | (framkvæmdum lokið). |
| 2. | Borgarspítalahverfi | 800 m² | (í byggingu). |
| 3. | Breiðholt I+II | 900 m² | |
| 4. | Breiðholt III | 900 m² | |
| 5. | Langholtshverfi | 900 m² | |
| 6. | Landspítalahverfi | 1 200 m² | |
| 7. | Lágmúli—Háaleitishverfi | 900 m² | |
| 8. | Seltjarnarnes—Vesturbær | 900 m² | |
| | Samtals | 7 080 m² | |

Síðar þegar aukning hefur orðið veruleg á Eiðisgranda mun skapast þörf fyrir um 9 000 m² aðstöðu við Landakot, eins og áður greinir, og heildarrýmisþörf í Reykjavík og á Seltjarnarnesi er þannig áætluð um 8 000 m².

**Suður- og Vesturlandshérað.**

2.2.0. **Víkurumdæmi.**

2.2.1. **Vík í Mýrdal H 1.**

Í byggingu er um 440 m² heilsugæslustöð, sem í er lítil íbúð fyrir einhleypan starfsmann, sem dvelur skemmri tíma og fyrir afleysara.

2.2.2. **Kirkjubæjarklaustur H 1.**

Í byggingu er um 360 m² heilsugæslustöð, með lítilli íbúð fyrir einhleypan starfsmann, sem dvelur skemmri tíma, og fyrir afleysara.

2.3.0. **Hvolsvallarumdæmi H 2.**

Samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu er gert ráð fyrir heilsugæslustöð (H 2) á Hvolsvelli.

Í ákvæðum til bráðabirgða er frestað gildistöku 2. kafla laganna og enn fremur ákvæðum í 16. gr.

Samkvæmt því gegna héraðslæknarnir á Hellu og Hvolsvelli embættum sínum samkv. læknaskipunarlögum nr. 43/1965.

2.3.1. **Hvolshérað.**

Vinnuaðstaða afleit. Áætluð þörf viðbótarrýmis fyrir heilsugæslu um 460 $m^2$.

2.3.2. **Helluhérað.**

Verið er að innrétta um 360 $m^2$ rými, sem er í eigu verkalýðsfélaganna, og munu sveitarstjórnir taka það á leigu fyrir heilsugæslu.

2.4.0. **Selfossumdæmi.**

2.4.1. **Laugarás H 2.**

Þrengsli eru í heilsugæslustöð, enda ekki gert ráð fyrir þeim fjölda starfsmanna, sem nú er, í upphafi.

Áætluð þörf fyrir viðbótarrými um 300 $m^2$, samkv. sérstakri úttekt, sem gerð var 1974 á vegum sveitarstjórna og á þeirra kostnað, í samvinnu við ráðuneytið.

2.4.2. **Selfoss H 2.**

Heilsuverndarstöð starfrækt, sbr. grein 4 í bráðabirgðaákvæðum laga nr. 56/1973, en eiginleg heilsugæslustöð ekki tekin til starfa.

Heilsugæslu ætlað rými í Selfossspítala, sem er að komast á lokastig. Fæst þá góð lausn á núverandi húsnæðisvandræðum þjónustunnar.

2.4.3. **Hveragerðishérað.**

Mikil fólksfjölgun í héraðinu, bæði í Hveragerði og Þorlákshöfn. Aðstaða í Hveragerði og Þorlákshöfn ónóg og því þörf nýs húsnæðis á báðum stöðum, það er um 460 $m^2$ og um 110 $m^2$.

2.4.4. **Eyrarbakkahérað.**

Aðstaða fyrir heilsugæslu nægjanleg.

Eins og fram kemur í áætlun um fjölda lækna á Selfossi, er þar gert ráð fyrir tveim læknum til viðbótar. Kæmi annar þeirra úr þessu héraði, en hann hefði áfram búsetu á Eyrarbakka.

2.5.0. **Vestmannaeyjaumdæmi.**

2.5.1. **Vestmannaeyjar H 2.**

Sjúkrahús og heilsugæslustöð fullbúin. Aðstaða ágæt fyrir heilsugæslustarfsemi.

2.6.0. **Keflavíkurumdæmi.**

2.6.1. **Keflavík H 2.**

Framkvæmdum við heilsugæslustöð í leiguhúsnæði lauk á síðastliðnu ári. Bráðabirgðalausn. Áætluð rýmisþörf 900 m².

2.6.2. **Læknamóttaka í** Grindavík lagfærð á síðasta ári. Er nú fullnægjandi.

2.6.3. **Læknamóttaka í** Sandgerði lagfærð af sveitarstjórn.

2.6.4. **Læknamóttaka í** Garði, Gerðum, í tengslum við dvalarheimili aldraðra, komið upp af sveitarstjórn. Fullnægjandi.

2.7.0. **Hafnarfjarðarumdæmi.**

2.7.1. **Hafnarfjörður H 2.**

Læknamiðstöð starfrækt í miðbæ Hafnarfjarðar og í sama húsi heilsuverndarstöð.

Áætluð viðbótarrýmisþörf um 900 m² á einum stað í Hafnarfirði.

Hins vegar yrði rýmisþörf mun meiri, ef Garðabær yrði skilinn frá (með læknamóttöku eða sérstakri heilsugæslustöð).

2.8.0. **Kópavogsumdæmi.**

2.8.1. **Kópavogur H 2.**

Læknamiðstöð og heilsugæslustöð starfrækt í miðbænum. Nýtt húsnæði verður tekið í notkun snemma á næsta ári, fjármagnað af heilsuverndarstöð og sveitarstjórn. Nægir a.m.k. næstu 6 ár. (Í uppgefinni heildarstærð er endurhæfingaraðstaða innifalin).

2.9.0. **Álafossumdæmi.**

2.9.1. **Reykjalundur H 2.**

Heilsugæslustöðin rekin í húsnæði, sem er eign vinnuhælisins á Reykjalundi. Greiða sveitarfélögin fast gjald á ári fyrir hvern einstakling í umdæminu og er innifalið í því húsnæði, ljós, hiti, símaþjónusta og önnur aðstoð.

Verið er að gera endurbætur og auka við.

Meðan þessi skipan helst er vel fyrir málum séð.

Yrði ákvörðun tekin um að koma upp sérstakri heilsugæslustöð er áætluð viðbótarhúsrýmisþörf um 460 m².

2.10.0. **Akranessumdæmi.**

2.10.1. **Akranes H 2.**

Heilsugæslulæknar hafa aðstöðu í þjónustudeild sjúkrahússins, en sú aðstaða verður fljótlega ófullnægjandi. Áætluð rýmisþörf til viðbótar um 500 m².

2.11.0. **Borgarnessumdæmi.**

2.11.1. **Borgarnes H 2.**

1.2. Í sömu lögum er starfssvið heilsugæslustöðva skýrt afmarkað og skilgreint, enda er þeim ætlað að veita eðlislíka þjónustu, hvort sem þau þjóna stærra eða minna byggðarlagi.

Áætlanagerð fyrir heilsugæslustöðvar verður því tiltölulega einföld, þar sem hægt er að verulegu leyti, a. m. k. hvað varðar húsakynni, að koma við stöðlun.

Vegna meiri og minni sérhæfingar og hlutverkaskiptingar sjúkrahúsa og vegna mismunandi atvinnu- og staðhátta verður eftirspurn eftir sjúkrarými mjög misjöfn eftir landshlutum.

1.3. Hér verður stuttlega gerð grein fyrir nokkrum þáttum, sem áhrif hafa á eftirspurn eftir sjúkrarými og á nýtingu þess.

### 1.3.1. Framboð á sjúkrarými.

Víðast í þróuðum ríkjum hefur reynslan orðið sú, að með vaxandi fjölda sjúkrarýma vex nýting þeirra. Á þetta verkar m. a. fræðsla um heilbrigðismál og framfarir í læknavísindum og enn fremur að oft er auðveldara að beita ýmsum flóknum tæknibúnaði til rannsókna, ef viðkomandi er vistaður á sjúkrahúsinu.

### 1.3.2. Greiðsluform.

Þjónusta við inniliggjandi sjúklinga hérlendis er ókeypis, en nokkurt gjald kemur fyrir ef þjónusta er veitt utan sjúkrahúsa.

Orsök til óþarfrar innlagnar gæti stundum verið sú, að viðkomandi sé búsettur í öðru byggðarlagi og sæki þá e. t. v. fast að verða lagður inn til þess að þurfa ekki að greiða hótelkostnað.

### 1.3.3. Aldursdreifing þjóðarinnar.

Þegar meðallífaldur hækkar eykst eftirspurn eftir sjúkrarými, þar sem öldruðum fjölgar þá hlutfallslega.

Sú breyting, sem orðið hefur á aldursdreifingu hérlendis 1930—1970, sést á meðfylgjandi töflu og þar er sýndur framreikningur til ársins 2000.

**Heildarmannfjöldi (í þúsundum) og fjöldi þeirra, sem eru 65 ára og eldri og 70 ára og eldri.**

| | 1930 | 1950 | 1970 | 1980 | 1990 | 2000 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Alls | 108,9 | 144,0 | 204,9 | 235,3 | 277,1 | 320,1 |
| 70+ | 5,0 | 7,2 | 12,1 | 15,1 | 18,1 | 21,8 |
| | (4,62%) | (5,02%) | (5,90%) | (6,41%) | (6,53%) | (6,81%) |
| 65+ | 8,3 | 10,9 | 18,2 | 22,3 | 26,8 | 31,4 |
| | (7,63%) | (7,55%) | (8,89%) | (9,48%) | (9,67%) | (9,80%) |

Fjöldi aldraðra er hlutfallslega mjög misjafn eftir landshlutum, eins og sést á meðfylgjandi töflu

**Mannfjöldi 1. desember 1974 og fjöldi þeirra, sem voru 67 ára og eldri.**

| | Konur | | Karlar | | Konur + Karlar | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Alls | 67+ | Alls | 67+ | Alls | 67+ |
| Reykjavík | 43 425 | 4 639 (10,69%) | 41 217 | 3 202 (7,77%) | 84 642 | 7 841 (9,27%) |
| Kópavogur | | | | | | |
| Seltjarnarnes | 7 066 | 287 (4,07%) | 7 351 | 239 (3,26%) | 14 417 | 526 (3,65%) |
| Reykjanessvæði | 14 427 | 779 (5,40%) | 14 899 | 659 (4,43%) | 29 326 | 1 438 (4,91%) |
| Vesturland | 6 616 | 543 (8,21%) | 7 169 | 560 (7,82%) | 13 785 | 1 103 (8,01%) |
| Vestfirðir | 4 632 | 436 (9,42%) | 5 297 | 416 (7,86%) | 9 929 | 852 (8,58%) |
| Norðurland vestra | 4 832 | 481 (9,96%) | 5 262 | 523 (9,94%) | 10 094 | 1 004 (9,95%) |
| Norðurland eystra | 11 583 | 1 101 (9,51%) | 11 944 | 914 (7,66%) | 23 527 | 2 015 (8,57%) |
| Austurland | 5 585 | 430 (7,70%) | 6 306 | 453 (7,19%) | 11 891 | 883 (7,43%) |
| Suðurland | 8 710 | 677 (7,78%) | 9 794 | 726 (7,42%) | 18 504 | 1 403 (7,59%) |
| Landið allt | 106 876 | 9 373 (8,77%) | 109 239 | 7 692 (7,05%) | 216 115 | 17 065 (7,90%) |

1.3.4. **Skipulag heilsugæslu**

hefur áhrif á eftirspurn eftir sjúkrarými og á nýtingu þess.

Sé slík þjónusta vel skipulögð og vel séð fyrir heimahjúkrun og heimilishjálp, læknisþjónustu og félagsráðgjöf, má verulega draga úr innlögnum á sjúkrahús, einkum ef þessi þjónusta er tengd sérfræðiþjónustu á göngudeild sjúkrahússins.

1.3.5. **Skipulag þjónustudeilda sjúkrahúsa.**

Á sama hátt og vel skipulagðar göngudeildir hafa þýðingu, geta röntgendeildir og rannsóknarstofur haft úrslitaþýðingu með því að veita virka þjónustu, bæði þeim, sem inni liggja, og þeim, sem ekki dveljast á sjúkrahúsi. Ónefnd er þá endurhæfingarþjónusta, sem fram að þessu hefur verið alls ónóg vegna skorts á sérhæfðu starfsliði, en getur haft úrslitaþýðingu á næstu árum.

1.3.6. **Læknafjöldi.**

Þar sem heimilislæknar eru fáir og læknisþjónusta utan sjúkrahúsa illa skipulögð verður afleiðingin sennilega ofnotkun sjúkrarúma. Aukinn fjöldi heilsugæslulækna minnkar vinnuálag á hvern og einn og getur orðið til þess að draga úr innlögnum.

1.3.7. **Gerð íbúðarhúsnæðis og almennar heimilisástæður.**

Tíð orsök fyrir innlögn eldra fólks er sú, að veruleg óþægindi og amstur fylgir því að annast um lasburða fólk á heimilum.

Áhrif í þessa átt hefur það, ef skortur er á hentugu húsnæði, svo sem í íbúðum aldraðra og dvalarheimilum aldraðra.

1.4. Við áætlanagerð um sjúkrahús þarf að taka tillit til allra þessara þátta og margra fleiri.

Koma þar m. a. til breytingar á sjúkdómatíðni og sjúkdómamynstri, auk nýjunga í læknavísindum.

1.5. Tilraun hefur verið gerð til þess að setja staðal fyrir sjúkrahús á Íslandi, sbr. rit heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins nr. 3/1973: VISTUNARRÝMISÞÖRF HEILBRIGÐISSTOFNANA.

Við gerð þessa staðals voru ekki lagðar til grundvallar íslenskar kannanir, heldur tekið mið af könnunum, aðallega frá Norðurlöndunum, og áætlunum, sem á þeim hafa verið byggðar.

Enda þótt sá staðall, sem þarna var settur fram, hafi ekki verið staðfestur sem ákvarðandi af ráðherrum heilbrigðismála, þá hefur verið tekið mið af honum, þegar sjúkrarúmafjöldi hefur verið ákveðinn í þeim sjúkrahúsum, sem síðan hafa verið hönnuð.

Tækifæri hefur enn ekki gefist til þeirra kannana, sem nauðsynlegar eru til þess að gera sambærilegan staðal, sem eingöngu miðaðist við íslenskar aðstæður.

1.6. Verður nú gerð grein fyrir sjúkrahúsum og sjúkrarúmafjölda á Íslandi miðað við febrúar 1977.

Meðfylgjandi mynd, sem sýnir í grófum dráttum þróun sjúkrahúsa frá 1866 til 1972, er byggð á kaflanum: Sjúkrahús og sjúkraskýli á Íslandi, í ritinu Læknar á Íslandi, II. bindi, bls. 351—438, eftir Lárus H. Blöndal og Vilmund Jónsson, en þar er að finna nákvæmar upplýsingar um sjúkrastofnanir allt fram til ársins 1966.

Er gerð grein fyrir hverju einstöku sjúkrahúsi eða heilbrigðisstofnun og rakið í stuttu máli m. a. hvaða framkvæmdir standa nú yfir eða eru fyrirhugaðar.

1.7. Skrá yfir sjúkrahús er framar í þessum kafla.

Skrá yfir dvalarheimili aldraðra er í 8. kafla. Í fyrri skránni eru talin fram öll sjúkrarúm, sem voru í notkun í mars 1977.

Í seinni skránni eru taldar fram hjúkrunar- og endurhæfingardeildir, flestar í tengslum við dvalarheimili aldraðra.

# SJÚKRAHÚS Á ÍSLANDI 1866 - 1972

## ÁSAMT FJÖLDA SJÚKRARÚMA



1. **Sjúkrahús Akraness.**

Tók til starfa 1952.

Áratug síðar var hafist handa um að byggja við húsið tvær nýjar legudeildir, auk þjónustudeildar og eldhúss.

Hafa báðar legudeildirnar nú verið teknar í notkun og bættist síðari deildin, með 33 rúmum, við í árslok 1976, þannig að sem stendur eru um 95 rúm í sjúkrahúsinu.

Byrjað er á lokaáfanga sjúkrahússins: Skurð- og fæðingarstofum.

Áður hefur verið gerð grein fyrir húsrýmisþörf fyrir heilsugæslu.

2. **Sjúkrahús St. Fransiskusarsystra í Stykkishólmi.**

Sjúkrahúsið tók til starfa 1936.

Síðan árið 1943 hafa þar verið vistaðir geðsjúklingar frá Kleppsspítala og lætur nærri, að undanfarið hafi um helmingur sjúklinga verið þaðan. Hefur þetta verið systrunum örugg tekjulind, enda hafa umsvif á sjúkrahúsinu oft verið minni en efni stóðu til, vegna þess að erfiðlega gekk um tíma að fá skurðlækna til starfa. Nú hafa systurnar hins vegar sagt upp samkomulagi því, sem gert var við Kleppsspítalann, og hyggjast þær byggja við sjúkrahúsið aukið legu- og þjónusturými, en fjöldi sjúkrarúma verði óbreyttur (40).

Hönnun verksins er hafin.

Aukin umsvif í Stykkishólmi hafa að sjálfsögðu áhrif á þörf fyrir sjúkrarúm á svæðinu (Akranes).

3. **Sjúkrahús Patreksfjarðar.**

Þjónustudeild við sjúkrahúsið er í byggingu.

Er þar um að ræða 1 400 $m^2$ rými, en eldri byggingin er um 750 $m^2$, þannig að heildarstærð sjúkrahússins verður um 2 150 $m^2$.

Af áður greindum 1 400 $m^2$ eru 1 000 $m^2$ taldir til heilsugæslustöðvar eins og áður greinir.

Gert er ráð fyrir sama fjölda sjúkrarúma og áður.

Í áætlun arkitekts var gert ráð fyrir að framkvæmdum lyki á árinu.

4. **Sjúkraskýlið á Þingeyri.**

Nýting þeirra rúma, sem hægt er að hafa, er heldur léleg, en það stendur til bóta, þegar læknirinn flytur úr húsinu (sbr. það, sem sagt var um heilsugæslustöðina).

5. **Sjúkrahúsið í Bolungarvík.**

Þegar heilsugæslustöðin flytur í nýtt húsnæði, losnar verulegt rými, og má þá bæta mjög aðstöðuna í sjúkraskýlinu og fjölga rúmum ef þörf verður á.

6. **Sjúkrahúsið á Ísafirði.**

Hönnunarvinna vegna sjúkrahúss og heilsugæslustöðvar hófst 1970 og lauk 1975.

Framkvæmdir hófust 1976 og samkvæmt framkvæmdaáætlun (sjá meðf. skema) er hægt að ljúka við verkið 1981, en gert er ráð fyrir að taka húsið í notkun í áföngum.

Húsið verður á þrem hæðum, 6 146 $m^2$ (þar af heilsugæslustöð 1 000 $m^2$).

Í því verða 52 sjúkrarúm á tveim deildum, auk fjögurra rúma á gjörgæslustofu á 2. hæð.

Auk heilsugæslustöðvar verða á 1. hæð skurðstofa, slysastofa, röntgen- og rannsóknastofa.


HEILBRIGÐIS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ
SJÚKRAHÚS PATREKSFIRÐI
TÍMAÁÆTLUN FRAMKVÆMDA
1 1. ÁFANGI BREYTINGA GAMLA SJÚKRAHÚSSINS
2 VEGALAGNING, BÍLASTÆÐI
3 HÚS UPPSTEYPT
4 MÚRVERK, EINANGRUN OG LAGNIR
5 INNRÉTTINGAR
6 LÓÐARFRÁGANGUR
7 BÚNAÐUR
1976
1977
1978
1979

Á jarðhæð verður ýmiss konar þjónustustarfsemi, svo sem eldhús og endurhæfing.

Ætlunin er, að eldra sjúkrahúsið, sem er eign ísfirðinga, verði tekið til annars, þegar nýja sjúkrahúsið kemst í not, og vistrýmið verður þá samtals 56 rúm, aukning um rúmlega 20 rúm frá því sem nú er.

7. **Sjúkraskýlið á Hólmavík.**

Eins og fram kom í því, sem sagt var um heilsugæslustöðina, losnar efri hæð hússins við það að læknirinn flytur í nýtt íbúðarhúsnæði.

Rúmafjöldi verður væntanlega óbreyttur, en með bættri aðstöðu fæst miklu betri nýting.

8. **Sjúkrahúsið á Hvammstanga.**

Nýtt húsrými fyrir sjúkrahús og dvalarheimili aldraðra var tekið í notkun 1960. Í upphafi voru þar vistaðir um 10 sjúklingar, en reyndin hefur orðið sú, að sjúklingum hefur sífellt fjölgað og dvalarheimilisfólki fækkað. Árið 1975 voru legudagar skráðir 11 125, sem svarar til þess að 30—31 sjúklingur hafi verið í stofnuninni til jafnaðar yfir árið.

Þrengsli eru því geysileg og auk þess er vinnuaðstaða í áfastri heilsugæslustöð í lágmarki. Á fjárlögum 1977 er fé veitt til hönnunar heilsugæslustöðvar og hillir því undir nokkra úrlausn þessara vandræða.

9. **Héraðshæli Austur-Húnavatnssýslu.**

Núverandi húsnæði tekið í notkun 1956.

Ný þjónustudeild við sjúkrahúsið er í frumathugun.

Áætluð stærð er um 1 800 m², þar af um 460 m² beinlínis vegna heilsugæslustöðvar.

10. **Sjúkrahús Skagfirðinga.**

Núverandi sjúkrahúsbygging var tekin í notkun árið 1961.

Þjónusturými var frá upphafi af skornum skammti.

Hönnunarvinnu er um það bil að ljúka við fjögurra hæða álmu, sem verður um 2 000 m² (þar af um fjórðungur vegna heilsugæslustöðvar).

Rúmafjöldi verður óbreyttur (40).

Áætlað er að útboðsgögn liggi fyrir í febrúarlok 1977.

11. **Sjúkrahús Siglufjarðar.**

Núverandi bygging tekin í notkun 1965. Þrengsli eru í þjónustudeild og er gert ráð fyrir viðbótarhúsnæði vegna heilsugæslustöðvar.

Á fjárlögum er framlag vegna breytinga á sjúkrahúsi og vegna heilsugæslustöðvar (H 2).

Fjöldi sjúkrarúma verður óbreyttur.

12. **Sjúkrahús í Ólafsfirði.**

Á staðnum er ekkert sjúkrahús nú, en framkvæmdir eru hafnar við byggingu, sem mun hýsa heilsugæslustöð, sjúkradeild með 8 rúmum, auk dvalarheimilis aldraðra.

Húsið verður alls 2 037 m² og skiptist í:

Sjúkradeild 595 m².

Dvalarheimili aldraðra 749 m².

Heilsugæslustöð 648 m².


HEILBRIGÐIS - OG
TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ
SJÚKRAHÚS, ÍSAFIRÐI
TÍMAÁÆTLUN FRAMKVÆMDA
1 UNDIRBYGGING; SÖKKULL OG PLATA
KJARNABYGGING
ÁLMUR
2 YFIRBYGGING; BURÐARVIRKI
KJARNABYGGING
ÁLMUR
3 FRÁGANGUR; YFIRBYGGINGAR
KJARNI OG ÁLMUR
4 OG 5 INNRÉTTINGAR OG ÚTBÚNAÐUR
HEILSUGÆZLUSTÖÐ
KJARNI - 0 OG 1. HÆÐ
ÞJÓNUSTUDEILD ÷ SKURÐST.
LEGUDEILD I
ELDHÚS
LEGUDEILD II
SKURÐSTOFA
ENDURHÆFING
KJARNI 2. OG 3 HÆÐ
6 YTRI FRÁGANGUR; LÓÐ OG LAGNIR
LÓÐ OG LAGNIR
1975 1976 1977 1978 1979 1980


ENDURHÆFING
VÉLASALUR
0. HÆÐ
ÞVOTTAHÚS
ELDHÚS


GJÖRGÆSLA
FÆÐINGARSTOFA
LEGUDEILD
- LYFLÆKNINGADEILD
SETUSTOFA
2. HÆÐ
LEGUDEILD
- HANDLÆKNINGADEILD

Samkvæmt útreikningum Framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar ríkisins skiptist kostnaður við framkvæmdirnar jafnt milli ríkissjóðs og sveitarstjórnar. Framkvæmdaáætlun er sýnd á meðfylgjandi skema.

13. **Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri.**

Flutti í núverandi húsakynni árið 1953. Sjúkrahúsið er deildaskipt með barnadeild, geðdeild, fæðingardeild, handlækningadeild, hjúkrunardeild og lyflækningadeild. Í sjúkrahúsinu eru alls um 120 rúm.

Enn fremur eru á starfssvæðinu Kristneshæli, sem er hluti ríkisspítalanna, með um 80 rúm, og sjálfseignarstofnunin Sólborg, þar sem eru vistaðir 56 vangefnir.

1974 lauk hönnunarvinnu við nýja þjónustudeild við Fjórðungssjúkrahúsið og hófust framkvæmdir það ár.

Lokið er við fyrsta áfanga nýbyggingar (I B) við vesturenda núverandi legudeildar. Er þar barnadeild og aukin vinnuaðstaða fyrir heilbrigðisstarfsfólk.

Á áætlunum um stækkun sjúkrahússins er gert ráð fyrir tveim legudeildaálmum með 100 rúmum í hvorri álmu.

Stærðir og byggingarhlutar skýrast best af meðfylgjandi töflu.

| | | $m^2$ | $m^3$ | |
|---|---|---|---|---|
| 1. | Sjúkrahús (eldri bygging) | 3 973,4 | 13 552,0 | Tekið í notkun 1953 |
| 2. | Þvottahús | 534,7 | 1 831,2 | Byggt um 1970 |
| 3. | Barnadeild, skrifst. (I. B) | 806,2 | 3 145,0 | Tekið í notkun 1976 |
| 4. | Þjónustukjarni (skurðstofur, sótthreinsun, röntgen, slysastofa, gjörgæsla, móttökur o. fl.) (I. A) | 6 475,0 | 23 211,0 | Í byggingu |
| 5. | Tækniieg þjónusta (varakynding, vararafst.) líkhús, (I C), kanalar (I D) | 1 553,0 | 6 010,8 | |
| 6. | Aðrir áfangar: | | | Sjá meðfylgjandi tímaáætlun um framkvæmdir. |
| 6.1. | Stjórnun, kennsluaðstaða, aðstaða starfsfólks, (böð, búningsklefar) geymslur, eldhús, borðsalur o. fl. | 4 000,0 | 16 000,0 | |
| 6.2. | Legudeildir I + rannsóknarstofur | 5 485,0 | 20 020,0 | |
| 6.3. | Legudeildir II + endurhæfing | 5 485,0 | 20 020,0 | |
| | Samtals | 28 312,3 | 103 790,0 | |

14. **Sjúkrahúsið á Húsavík.**

Við hlið sjúkrahúss þess, sem reist var 1936, var 1964 hafin smíði nýs sjúkrahúss, sem tekið var í notkun um og eftir 1970. Í því eru um 60 virk rúm.

Þrengsli eru í þjónustudeild, eins og getið var í kaflanum um heilsugæslustöðvar.

15. **Sjúkraskýlið á Vopnafirði.**

Sjúkraskýlið hefur haldist á skrá, þó notkun þess hafi verið í lágmarki. Húsakynni eru mjög bágborin og hefur það verið áform heimamanna að reisa dvalarheimili aldraðra, þar sem væri aðstaða til að hlynna að sjúkum og veita fæðingarhjálp. Yrði þetta í tengslum við heilsugæslustöðina, sem er í byggingu.




HEILSUGÆSLUSTÖÐ OG SJÚKRAHÚS Á ÍSAFIRÐI

TEIKNAÐ 1970 - 1975

ARKITEKT : JES EINAR ÞORSTEINSSON

HEILBRIGÐIS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

# HEILSUGÆZLUSTÖÐ OG HJÚKRUNARDEILD ÓLAFSFIRÐI - TÍMAÁÆTLUN FRAMKVÆMDA




HEILBRIGÐIS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ
SJÚKRAHÚS, AKUREYRI
TÍMAÁÆTLUN FRAMKVÆMDA
IA ÞJÓNUSTUKJARNI
IC ÚTBYGGING
ID KANALAR
IE BRÁÐABIRGÐALÖGN
IIA TENGIÁLMA
IIB LEGUDEILDARÁLMA I
IIC ELDHÚS OG BORÐSTOFA
IID KANALAR I
IIIA TENGIÁLMA III
IIIB LEGUDEILDARÁLMA II
G GRUNNUR OG SÖKKLAR
S STEYPTAR HÆÐIR
Þ ÞAK OG FRÁGANGUR
E EINANGRUN, MÚRH., LAGNIR
T TRÉVERK OG FRÁGANGUR
B BÚNAÐUR
T+B
1977 1978 1979 1980 1981 1982 1983 1984

16. **Sjúkrahúsið á Egilsstöðum.**

Nýlokið er umfangsmiklum breytingum á sjúkrahúsinu, en nokkru áður hafði lokið framkvæmdum við áfasta heilsugæslustöð.

Sjúkrarúmin eru talin 20 og hefur fjölgað um 8.

17. **Sjúkrahúsið á Seyðisfirði.**

Sjúkrahúsið er talið geta rúmað 25 sjúklinga.

Húsið var reist um aldamótin, er úr timbri og því töluverð eldhætta í því.

Horfið hefur verið að því ráði að hanna byggingu svipað og lýst var á Ólafsfirði.

Samkvæmt áætlun frá mars 1976 yrði væntanleg bygging 2294 m², sem skiptist þannig:

Sjúkradeild 625 m².

Dvalarheimili 938 m².

Heilsugæslustöð 730 m².

Legurými á sjúkradeild verða 11.

Útboðsgagna er að vænta í mars 1977.

18. **Sjúkrahús Norðfjarðar.**

20 ár eru liðin frá því núverandi sjúkrahúsbygging var tekin í notkun. Í upphafi var ætlunin að þar væru 24 sjúklingar, en um 12 vistmenn á dvalarheimili aldraðra í sama húsi.

Reyndin hefur orðið að þar eru vistaðir um 35 sjúklingar.

Viðbygging er nú í smíðum (sjá framkvæmdaáætlun á meðf. skema). Er hún 3017 m² á fjórum hæðum. Þar verða 32 rúm á legudeild, auk þess ýmis þjónustustarfsemi.

Eftir breytingar á eldra húsinu er ætlunin að þar verði 18 rúm á neðri hæð og 10 einbýli á efri hæð.

Verða þannig 60 rúm í sjúkrahúsinu og hefur þá fjölgað um 15 rúm.

19. **Sjúkrahús á Höfn í Hornafirði.**

Síðan 1975 hafa verið rekin hjúkrunardeild og fæðingarstofnun í tveim „Viðlagasjóðshúsum“, auk dvalarvistunar aldraðra.

Ætlun heimamanna er, þegar fram í sækir, að reisa dvalarheimili aldraðra í tengslum við heilsugæslustöð þá, sem þar er að rísa. Er þar einnig gert ráð fyrir vistun sjúkra og endurhæfingaraðstöðu.

20. **Sjúkrahúsið í Vestmannaeyjum.**

Framkvæmdir við nýtt sjúkrahús hófust 1962. Heilsugæslustöð tók til starfa 1971 og ætlunin var að ljúka framkvæmdum í árslok 1974. Þrátt fyrir frátafir af völdum náttúruhamfara tókst að opna aðra sjúkradeildina í nóvember 1974.

Í sjúkrahúsinu eru 48 rúm.

Samtímis því að sjúkrahúsið var tekið í notkun var sett upp innflutt hjúkrunar- og endurhæfingardeild, sem keypt var fyrir gjafafé. Er það notað fyrir dvalarheimili aldraðra, en má, er fram í sækir og á þyrfti að halda, breyta í hjúkrunardeild fyrir 41 sjúkling og væru þá tiltæk í Eyjum um 90 sjúkrarúm.

21. **Sjúkrahúsið á Selfossi.**

Starfræksla sjúkrahúss á Selfossi hófst 1958 í nýrýmdum læknisbústað, en síðan hefur verið aukið við með viðbyggingu.

Nýtt sjúkrahús er í smíðum, 3825 m², og verða legurými 35.

Framkvæmdir eru að komast á lokastig.


HEILBRIGÐIS - OG
TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ
SJÚKRAHÚS, NESKAUPSSTAÐ
TÍMAÁÆTLUN FRAMKVÆMDA
1 NEÐRI KJALLARI UPPSTEYPTUR OG BOTNPLATA Í EFRI KJALLARA
2 HÚS, UPPSTEYPT, OFAN VIÐ BOTNPLÖTU EFRI KJALLARA
3 ÞAK EINANGRAÐ OG FULLFRÁGENGIÐ
4 GLUGGAR, ÚTIHURÐIR OG EINANGRUNAR-GLER
5 EINANGRUN OG MÚRVINNA
6 LAGNIR OG HREINLÆTISTÆKI
7 RAFLAGNIR, FJARSKIPTALAGNIR OG LAMPAR
8 TRÉVERK, INNIHURÐIR OG NIÐUR-HENGD LOFT
9 DÚKALÖGN OG MÁLNING (ÚTI OG INNI)
10 INNRÉTTINGAR
11 SJÚKRALYFTA
12 BÚNAÐUR
13 BREYTINGAR OG ENDURBÆTUR Á NÚVERANDI SJÚKRAHÚSI, ÞAR MEÐ TALINN ELDHÚSBÚNAÐUR
14 LÓÐARFRÁGANGUR OG LISTSKREYTING
3 4 1 2 3 4 1 2 3 4 1 2 3 4 1 2 3 4 1
1975 1976 1977 1978

HEILBRIGÐIS - OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

# SJÚKRAHÚS, KEFLAVÍK
# TÍMAÁÆTLUN FRAMKVÆMDA



**22. Sjúkrahús Keflavíkurlæknishéraðs.**

Framkvæmdir eru hafnar við stækkun á sjúkrahúsinu (sjá meðf. skema yfir framkvæmdaáætlun).

Sjúkrahúsið taldist í upphafi rúma 25 sjúklinga, en þar munu að staðaldri vera vistaðir um 32—33 sjúklingar.

Auk þjónustudeildar verður í nýbyggingunni legudeild með 18 rúmum.

Þegar fjölda sjúkrarúma í eldri hluta hefur verið komið í eðlilegt horf verða þau samtals 44, aukningin svarar til 18 rúma í nýja hlutanum.

Stærð nýbyggingarinnar er 1302 m². Í henni er ekki aðstaða fyrir heilsugæslu.

**23. St. Jósefsspítali í Hafnarfirði.**

Spítalinn rekinn með 40 rúmum síðastliðna hálfa öld.

Byggt var við húsið 1954 og aðstaðan aftur endurbætt á síðustu árum og komust skurðstofur og legudeild í not 1976, og eru sjúkrarúm nú 52.

**24. Sjúkrahúsið Sólvangur, Hafnarfirði.**

Sjúkrahúsið hóf starfsemi síðla árs 1953 sem elli- og hjúkrunarheimili og árið eftir tók fæðingardeild til starfa.

Þegar flest var vistmanna um 1962 voru þar 134, en mjög hefur þurft að fækka rúmum til þess að bæta aðstöðuna, og eru nú vistaðir þar 102 hjúkrunarsjúklingar á þrem deildum.

Fæðingardeildin var lögð niður á miðju ári 1975.

Þrengsli eru mikil, enda er húsið allt aðeins 2400 m² (8074 m³).

Endurbætur hafa verið gerðar á húsinu undanfarin ár og er nú verið að ljúka nauðsynlegustu bráðabirgðaendurbótum.

**25. Sjúkrahótel.**

25.1. Sjúkrahótel Rauða krossins í Reykjavík, þar sem hægt er að hýsa allt að 28 manns, tók til starfa 1974.

25.2. Sjúkrahótelið á Akureyri með um 8 rúmum tók til starfa 1976.

**26. Endurhæfingarstofnanir.**

26.1. **Vinnuheimilið að Reykjalundi** komst á sjúkrahúsaskrá í heilbrigðisskýrslum 1968, en SÍBS hafði rekið vinnuheimilið allt frá árinu 1945. Rúmafjöldi er nú 150.

Að Reykjalundi er rekin virk endurhæfing og iðjuþjálfun, en auk þess vinna margir vistmenn við framleiðslustörf í vinnustofum stofnunarinnar.

Yfirlæknir sjúkrahússins er einnig yfirlæknir á endurhæfingardeild Landspítalans í hlutastarfi.

26.2. **Heilsuhæli N.L.F.Í. í Hveragerði** var einnig skráð sem sjúkrahús 1968.

Þar er veitt endurhæfingarþjónusta og mun ætlun eigendanna að stórauka þá þjónustu á næstu árum.

Rúmafjöldi er 154.

## 27. Sjúkrahús í Reykjavík og nágrenni og nokkur sjúkrahús staðsett annars staðar tengd þeim.

### St. Jósefsspítali á Landakoti.

Sjúkrahúsið tók til starfa 1902 og hefur síðan verið rekið af St. Jósefssystrum til 1. janúar 1977, að ríkissjóður keypti sjúkrahúsið og afhenti það sjálfseignarstofnun til rekstrar næstu 20 árin.

Sjúkrahúsið telst rúma 185 sjúklinga:

| | |
|---|---|
| Augndeild | 12 |
| Barnadeild | 28 |
| Handlækningadeild | 80 |
| Lyflækningadeild | 65 |

### Sjúkrastofnanir Reykjavíkurborgar

1. Frá árslokum 1975 og síðan hafa sjúkrarúm verið skráð svo:

| | | |
|---|---|---|
| Borgarspítalinn, Fossvogi | | |
| Lyflækningadeild | 71 | |
| Skurðlækningadeild | 74 | |
| Geðdeild | 31 | |
| Slysadeild | 12 | |
| Háls-, nef- og eyrnadeild | 14 | |
| Gjörgæsludeild | 12 | 214 |
| Hjúkrunar- og endurhæfingardeild: | | |
| Helsuverndarstöð | 35 | |
| Grensásdeild | 60 | 95 |
| Geðdeild: | | |
| Hvítabandið | 30 | 30 |
| Geðdeild: | | |
| Arnarholti | 60 | 60 |
| Fæðingarheimili Reykjavíkurborgar | 30 | 30 |
| Samtals: | | 429 |

2. Af Borgarspítalanum í Fossvogi er að fullu lokið við A-álmu, þar sem eru legudeildir þær, sem taldar eru hér á undan, og E-álmu, þar sem eru m. a. rannsóknarstofur, slysavarðstofa, röntgendeild, skurðstofur og gjörgæsludeild. Núverandi bygging er 16 419 m².
3. Í byggingu er 1. áfangi þjónustudeildar (um 4200 m² — 3 hæðir), þar sem verður m. a. ný slysavarðstofa og göngudeild, auk annarra þjónustuþátta (framlög á fjárlögum 1974 og síðan). Sjá einnig það sem sagt er í kaflanum um heilsugæslustöðvar.
4. Í hönnun er B-álma spítalans. Áætlað er að þar verði um 150—200 sjúkrarúm (áætluð stærð 5927.1 m²) og hefur fé verið veitt til verksins á fjárlögum 1976—1977.
5. Að Arnarholti á Kjalarnesi fer fram áframhaldandi uppbygging geðdeildar (framlag á fjárlögum 1973 og síðan).
   Stofnun þessi var í upphafi, frá 1975, rekin af félagsmálastofnun borgarinnar, en komst 1960 undir stjórn sjúkrahúsnefndar.
6. Auk þess sjúkrarýmis, sem áður getur, stendur fyrir dyrum opnun hjúkrunar- og endurhæfingardeildar í Hafnarbúðum, með 24 rúmum. Hefur Reykjavíkurborg fjármagnað þessar framkvæmdir.
7. Heilbrigðismálaráð Reykjavíkurborgar hefur sett fram hugmyndir um áframhaldandi þróun þjónustudeilda Borgarspítalans.
   Byggjast þær á áætlun, sem gerð var 1972 (Programmering av acut-och dagmottagningar vid Borgarspítalann í Reykjavík, Oy-Mec-Rastor, Oktober 1972).

Í áætlun þessari, sem unnin var af finnskum og sænskum sérfræðingum, var gert ráð fyrir, að nær öll bráðabirgðaþjónusta og mikill hluti sérfræðiþjónustu við höfuðborgarsvæðið færi fram á þjónustudeild Borgarspítalans.

Ákvarðanir um byggingu heilsugæslustöðva í hverfum borgarinnar hafa að sjálfsögðu áhrif á suma þjónustuþættina, en samkvæmt áætluninni frá 1972 telur Heilbrigðismálaráð rýmisþörf vera sem hér segir:

7.1. Skurðmiðstöð, röntgendeild, sótthreinsunarmiðstöð o. fl. 1. hluti.
Stærð: 5414 m² 18 300 m³.

7.2. Innlagnir og gæsla. Göngudeild lyflækningadeildar. Skurðmiðstöð, röntgendeild, sótthreinsunarmiðstöð o. fl. 2. hluti.
Stærð: 5500 m² 18 700 m³.

7.3. Aðalinngangur, móttökumiðstöð, próftökumiðstöð, móttaka geðlækna (göngudeild). Móttaka háls-, nef- og eyrnalækna (göngudeild), heyrnar- og talþjálfun.
Stærð: 7000 m² 23 800 m³.

7.4. Auk þess er gert ráð fyrir gjörgæsludeild með um 2900—3500 m² (10 000—12 000 m³). Um aðrar einingar hefur ekki verið tekin ákvörðun og er möguleiki á að þeim verði komið fyrir að einhverju leyti í eldri byggingum, þegar rými losnar við að starfsemi er færð til.

Samkvæmt ofanskráðu hefur Heilbrigðismálaráð sett fram hugmyndir um 20 000 m² aukningu við þjónustudeild þá, sem nú er í byggingu, auk B-álmunnar, sem er í hönnun.

## Ríkisspítalarnir

Ríkisspítalarnir hafa verið undir sameiginlegri stjórnarnefnd síðan í ársbyrjun 1935.

1. Rúmafjöldi (1105) miðaður við 7. febrúar 1977 er sundurliðaður á sérstöku yfirliti hér á eftir.

   Telst þar til Landspítali með 26 deildir og 529 rúm, Vífilsstaðaspítali með 4 deildir og 82 rúm, Kleppsspítali með 16 deildir og 237 rúm (auk útibús í Stykkishólmi með 16 rúm, eins og áður er greint frá), samtals 253 rúm á 17 deildum.

   Kópavogshælið er með 14 deildir og 195 rúm.

   Gæsluvistarheimilið í Gunnarsholti (Akurhóll), sem er drykkjumannahæli, hefur 46 rúm og er rekið í starfstengslum við deild XV á Kleppsspítala (Drykkjumannahælið að Vífilsstöðum).

   Kristneshælið hefur áður verið talið með sjúkrarými á Akureyrarsvæði.

2. Sundurliðun rúmafjölda á Landspítala, Vífilsstöðum og Kleppsspítala (07/02/1977):

A. Landspítalinn.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Lyflækningar, 4 deildir | 88 | rúm | |
| Handlækningar, 4 deildir | 82 | — | |
| Húðlækningadeild | 14 | — | |
| Barnaspítali Hringsins, 3 deildir | 82 | — | |
| Taugalækningadeild | 23 | — | |
| Bæklunarlækningar, 2 deildir | 33 | — | |
| Endurhæfingardeild | 13 | — | |
| Kvensjúdómar og fæðingarhjálp, nýburar, 4 deildir | 102 | — | |
| Gjörgæsludeild | 12 | — | |
| Geðdeild Barnaspítala Hringsins, Dalbraut | 14 | — | |
| (þar af 6 í dagvistun) | | | |
| Hjúkrun og endurhæfing: | | | |
| Hátúni 10 B, 3 deildir | 66 | — | 529 |

B. Vífilsstaðahælið, 4 deildir ........................ 82 rúm
(Skipting: Ein deild með 25 rúm fyrir lyflækningar og 3 deildir fyrir lungnasjúkdóma með samtals 57 rúm).

C. **Kleppsspítalinn:**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Deild I | 15 | rúm | |
| Deild II | 12 | — | |
| Deild III | 15 | — | |
| Deild IV | 15 | — | |
| Deild V (Hátún 10 A) | 14 | — | |
| Deild VI (Hátún 10) | 14 | — | |
| Deild VII (Laugarásvegur 71) | 17 | — | |
| Deild VIII | 17 | — | |
| Deild IX | 17 | — | |
| Deild X | 18 | — | |
| Deild XI | 17 | — | |
| Deild XII (Úlfarsá) | 7 | — | |
| Deild XIII (Flókadeild) | 14 | — | |
| Deild XIV (Reynimelur) | 8 | — | |
| Deild XV (Vífilsstaðir) | 23 | — | 223 |
| Bjarg, Seltjarnarnesi | 14 | — | 14 |
| Stykkishólmur | 16 | — | 16 |
| | Samtals: | | 253 |

3. Auk þeirra sjúkradeilda, sem nú voru taldar, eru ýmsar þjónustustofnanir tengdar rekstri spítalanna, svo sem þvottahúsið í Árbæjarhverfi og ýmsar rannsóknarstofnanir (Rannsóknastofa Háskólans við Barónsstíg (meinafræði, sýklafræði), Rannsóknastofa Háskólans í veirufræði á Landspítalalóð og Blóðbankinn).

Enn eykur á fjölbreytnina að mikil tengsl eru við læknadeild Háskóla Íslands.

Verður nú vikið að ýmsum þeim framkvæmdum, sem ýmist er nýlokið við, eru í undirbúningi eða á framkvæmdastigi og tengdar eru ríkisspítölunum.

3.1. Verið er að leggja síðustu hönd á tvö bráðabirgðahús fyrir Rannsóknastofu Háskólans og hefur sýklafræðideild flutt í bráðabirgðahús „A", en í hús „B" mun hluti meinafræðirannsókna senn flytja.

3.2. Viðbygging við Fæðingardeild Landspítalans var tekin í notkun í áföngum á árunum 1974—1976 (göngudeild á jarðhæð 1974, kvenlækningadeild á 1. hæð 1975, sængurkvennadeild á 2. hæð, fæðingagangur og skurðstofur á 3. hæð 1976 og var byggingin afhent formlega 29. des. 1976).

3.3. Geðdeild Landspítalans.

Með erindisbréfi heilbrigðisráðuneytisins, dags. 12. nóv. 1971, var skipuð fjögurra manna bygginganefnd, sem sjá skyldi um fullnaðarhönnun geðdeildarbyggingar á Landspítalalóð.

Hönnunargögn bárust heilbrigðisráðuneytinu í september 1973 og var fyrsta skóflustungan tekin í janúar 1974. Hafði þá verið ákveðið að byggja geðdeildina í áföngum.

Geðdeildarbyggingin er 24 570 $m^3$ að stærð og er á hástæðum kjallara (jarðhæð), sjá skýringarmynd.

Jarðhæð, fyrsta og önnur hæð þessa áfanga (I til V), sem nú er í byggingu, eru að meðaltali 2080 $m^2$, samtals 6240 $m^2$, 4. hæðin II b, sem ætluð er fyrir stjórnun, aðstöðu fyrir lækna, hjúkrunarfræðinga, sálfræðinga og félagsráðgjafa, er 793 $m^2$, er því heildarflötur 1. áfanga 7033 $m^2$.




| | | |
|---|---|---|
| I | | STIGAHÚS |
| IIa+b | 1. HÆÐ | ENDURHÆFINGADEILD |
| | 2. HÆÐ | SJÚKRADEILD (15) |
| | 3. HÆÐ | SJÚKRADEILD (15) |
| IIb | 4. HÆÐ | STJÓRNUN |
| III | (3 HÆÐIR) | AÐALINNGANGUR, FORSTOFA |
| IV | (3 HÆÐIR) | SJÚKRADEILDIR (2 x 15) OG KENNSLUAÐSTAÐA |
| V | 1. HÆÐ | GEYMSLUR OFL. |
| | 2. HÆÐ | SJÚKRADEILD (15) |
| | 3. HÆÐ | SJÚKRADEILD (15) |
| VI | | SJÚKRADEILDIR (2x15) - FYRIRHUGAÐAR |
| VII | | STIGAHÚS FYRIRHUGAÐ |
| VIII | | SJÚKRADEILDIR (2x15) - FYRIRHUGAÐAR |

| | | Byggingar sem ekki eiga að standa samkv. skipulagi m² | Brúttó samkvæmt skipulagi m² | m² |
|---|---|---|---|---|
| I. | **Flatarmál núverandi bygginga á Landspítalalóð norðan Hringbrautar** | | | |
| | Gamli spítali | | 5 232 | |
| | Kóboltbygging | | 184 | |
| | Nýi spítali, tengiálma, miðhluti | | 3 590 | |
| | Nýi spítali, kjallaragangur | | 474 | |
| | Jarðgöng | | 339 | |
| | Hliðarálmur | | 5 745 | |
| | Fæðingardeild, kennsludeild | | 4 012 | |
| | Fæðingardeild, gamla sjúkradeild | | 1 293 | |
| | Fæðingardeild, nýbygging | | 4 012 | |
| | Aðalinngangur og tengigangur | | 493 | |
| | Eldhús — mötuneyti | | 3 132 | |
| | Tengigangur | | 162 | |
| | Ketilhús | | 449 | |
| | Hjúkrunarskóli, heimavist | | 2 748 | |
| | Hjúkrunarskóli, kennsludeild | | 1 344 | |
| | Blóðbanki | | 560 | |
| | Rannsóknastofa Háskólans | 720 | | |
| | Rannsóknastofa (bráðabirgðahús) | 835 | | |
| | Þvottahús | 365 | | |
| | Rannsóknadeild (6. deild) | 187 | | |
| | Samtals | 2 107 | 30 792 | 30 792 |
| II. | **Flatarmál nýbygginga á lóð Landspítalans norðan núverandi Hringbrautar** | | | |
| | Geðdeild I. áfangi | | 8 299 | |
| | Aðrar fyrirhugaðar nýbyggingar | | 48 164 | |
| | Samtals | | 56 463 | 56 463 |
| III. | **Flatarmál nýbygginga á lóð Landspítalans sunnan núverandi Hringbrautar** | | | |
| | Bygging 7 (lækna- + tannlæknadeild) | | 9 395 | |
| | Aðrar fyrirhugaðar nýbyggingar | | 72 052 | |
| | Samtals | | 81 447 | 81 447 |
| | **Heildarflatarmál lóðar samkvæmt framtíðarskipulagi** | | | 168 702 |

Sá hluti hússins, sem merktur er V, er uppsteyptur, en að öðru leyti óunninn. Hlutar I til IV verða tilbúnir undir tréverk á þessu ári, og stefnt er að því að ljúka við og taka í notkun fyrri göngudeildina af fjárveitingu þessa árs.

Í árslok 1976 var kostnaður orðinn tæpar 280 milljónir. Á fjárlögum 1977 eru 173 milljónir og þar af er áætlað að kosti um 125 milljónir að gera hluta I-IV tilbúna undir tréverk.

Miðað við verðlag í janúar 1977 er áætlað að rúmar 500 milljónir muni kosta að taka hluta I-IV í notkun að fullu, með öllum búnaði (hluti V með 2 sjúkradeildum yrði þá látinn bíða).

Eins og sýnt er á skýringarmynd eru síðari áfangar, VI til VIII, fjórar sjúkradeildir með 15 sjúkrarúmum á hverri.

Framvindueftirlit er í höndum framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar ríkisins.

3.4. Á fjárlögum 1977 er framlag til 1. áfanga aðkomubyggingar við Eiríksgötu og í þessum 1. áfanga m. a. sjúkrabílamóttaka.

Auk þess stendur fyrir dyrum ýmis hagræðing á vegum Yfirstjórnar mannvirkjagerðar á Landspítalalóð, og hefur verið veitt fé til þeirra framkvæmda á fjárlögum 1977.

3.5. Yfirstjórn er samstarfsstjórn heilbrigðismálaráðuneytisins og menntamálaráðuneytisins viðvíkjandi allri mannvirkjagerð á Landspítalalóð, ofan sem neðan núverandi Hringbrautar:

Byggingar Landspítala Íslands, Rannsóknastofu Háskólans, svo og læknadeildar Háskóla Íslands.

Í skýrslu þessari verður ekki nánar vikið að tillögugerð yfirstjórnarinnar, sem notið hefur ráðgjafar bresks arkitektafirma.

Er vísað til ritanna:

Landspítalinn. Framtíðaráætlun.

Læknadeild Háskóla Íslands og Landspítalinn, Reykjavík. Janúar/Desember 1972.

Enn fremur er vísað til skýrslu húsameistara ríkisins um lóð Landspítalans, sem gerð var í ágúst 1975 og byggð er á heildarskipulagi Landspítalalóðar, sem breska firmað gerði í desember 1972 og með breytingartillögum sömu aðila frá ágúst 1974. Enn fremur er vísað til skýrslu ráðgjafafyrirtækisins til yfirstjórnar frá desember 1976.

Til yfirlits er birt flatarmál núverandi bygginga á Landspítalalóð norðan Hringbrautar og flatarmál væntanlegra nýbygginga samkvæmt fyrrgreindum áætlunum. Þessar tölur er að finna í meðfylgjandi töflu.

Þess skal getið að framkvæmdir við byggingu 7 (lækna- og tannlæknadeild) hófust 13. nóvember 1976.

## FJÁRFRAMLÖG TIL RÍKISSPÍTALA

Fjárfestingar 1970—1976 (í þús. kr.).

| | 1970 | 1971 | 1972 | 1973 | 1974 | 1975 | 1976 | Alls |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Landspítali | 41 600 | 53 267 | 51 453 | 49 050 | 113 200 | 187 000 | 246 000 | 741 570 |
| Fæðingardeild | 10 000 | 30 340 | 59 840 | 60 000 | 15 000 | 80 000 | 72 000 | 327 180 |
| Kleppsspítali | 0 | 1 500 | 4 500 | 5 500 | 10 000 | 0 | 0 | 21 500 |
| Vífilsstaðir | 0 | 2 250 | 1 155 | 0 | 0 | 10 000 | 10 000 | 23 405 |
| Kristnes | 1 000 | 1 570 | 2 669 | 3 000 | 5 000 | 10 000 | 11 000 | 34 239 |
| | 52 600 | 88 927 | 119 617 | 117 550 | 143 200 | 287 000 | 339 000 | 1 147 894 |

4. Fávitahælið í Kópavogi hefur verið í stöðugri uppbyggingu síðan það tók til starfa 1952 og hefur húsakostur verið stórum bættur og aukinn. Verið er að koma upp göngudeild og einnig vísi að greiningardeild, sem mikil þörf er á.
Ráðgerðar eru nýbyggingar við hælið, enda þótt ekki verði aukið við vistrými, og er þar um að ræða eldhúsbyggingu og byggingu fyrir ýmiss konar þjónustu og endurhæfingu.
5. Að Hátúni 10 B hefur tekið á leigu húsnæði í húsi Öryrkjabandalags Íslands. Alls er um að ræða 5 hæðir.
Legudeildir eru á þrem hæðum með 66 sjúkrarúmum alls.
Fyrirhuguð er göngudeild á 1. hæð og dagdeild á efstu hæð og gert ráð fyrir að hvort tveggja komist í not á þessu ári.
6. Á Kleppsspítala var 1971 tekinn í notkun vinnuskáli fyrir sjúklinga, og 1972 var tekin í notkun nýbygging fyrir skrifstofur heilbrigðisstarfsfólks, göngudeild, funda- og kennsluaðstöðu.
Gamli spítalinn (frá 1907) hefur verið endurbyggður og verður þar komið fyrir borðstofu fyrir starfsfólk, aðstöðu fyrir móttöku matarsendinga (frá eldhúsi Landspítalans) og ýmiss konar þjónustuaðstöðu.
Þegar eldhús spítalans hefur verið lagt niður, er gert ráð fyrir að breyta kjallara spítalans og hafa þar aðstöðu fyrir ýmiss konar meðferðarþjónustu.

27. **Nokkrar sjálfseignarstofnanir.**

27.1. Vistheimili fyrir drykkjumenn (Bláa Bandið) er rekið að Víðinesi og eru þar 36 rúm.
27.2. Fávitahæli að Sólheimum í Grímsnesi er með 40 rúmum.
27.3. Fávitahæli að Skálatúni hefur 48 rúm.
27.4. Fávitahæli að Tjaldanesi: 28 rúm.
Sjá nánar um þessa stofnun annars staðar í skýrslunni.
27.5. Drykkjumannaheimili að Hlaðgerðarkoti: 18 rúm.
27.6. Hjúkrunar- og elliheimilið Grund í Reykjavík og Ás í Hveragerði:
Sjúkrarými talið með í skýrslu um dvalarheimili aldraðra.
27.7 Dvalarheimili aldraðra, Hrafnista:
Sjúkrarými þar einnig talið annars staðar.
Hluti nýbyggingar í Hafnarfirði mun komast í not á þessu eða næsta ári.
27.8. Vinnu- og dvalarheimili Sjálfsbjargar (Hátúni 12) fyrir öryrkja: 45 rúm.

## 8. SKRÁ UM DVALARHEIMILI ALDRAÐRA OG LEGURÝMI 1. JANÚAR 1977.

### Dvalarheimili aldraðra.
### Hjúkrunar- og endurhæfingardeildir.
### Rúma- og vistmannafjöldi í mars 1977.

| | Tala rúma | Vist- menn | Hjúkr. sjúkl. | Vistm. í íbúðum |
|---|---|---|---|---|
| Elli- og hjúkrunarheimilið Grund, Reykjavík ... | 357 | 64 | 293 | |
| Elliheimilin Ás og Ásbyrgi, Hveragerði ......... | 187 | 88 | 99 | |
| Hrafnista, dvalarheimili aldraðra sjómanna, Reykjavík ........ | 427 | 164 | 263 | |
| Íbúðir aldraðra í Reykjavík: | | | | |
| Norðurbrún: 60 íbúðir, 8 fyrir hjón og 52 fyrir einstaklinga ........ | 68 | | | 68 |
| Austurbrún 6: 35 íbúðir fyrir tvo vistmenn ... | 50 | | | 50 |
| Hátún 10 B: 20 íbúðir fyrir einstaklinga, 4 fyrir tvo vistmenn ........ | 28 | | | 28 |
| Elliheimilið Akranesi ........ | 17 | 17 | | |
| Dvalarheimili aldraðra, Borgarnesi ........ | 58 | 45 | | |
| Dvalarheimilið Fellsendi, Dalasýslu ........ | 16 | 6 | 6 | |
| Elliheimilið Ísafirði ........ | 18 | 19 | | |
| Héraðshæli Austur-Húnvetninga, ellideild, Blönduósi ........ | 27 | 13 | 14 | |
| Sjúkrahús Siglufjarðar, Siglufirði, ellideild hefur verið lögð niður ........ | | | | |
| Elliheimili Akureyrar, Akureyri ........ | 96 | 74 | 22 | |
| Elliheimilið í Skjaldarvík, Akureyri ........ | 78 | 78 | | |
| Fjórðungssjúkrahúsið í Neskaupstað, ellideild ... | 19 | 11 | 8 | |
| Elli- og hjúkrunarheimili A.-Skaftafellssýslu, Höfn, Hornafirði ........ | 15 | 8 | 5 | |
| Elliheimilið Suðurvík, Vík í Mýrdal ........ | 4 | 2 | | |
| Dvalarheimili aldraðra, Hraunbúðir, Vestmannaeyjum ........ | 41 | 30 | | |
| Elliheimilið Hlévangur, Keflavík ........ | 18 | 18 | | |
| Dvalarheimili aldraðra, Kumbaravogi, Stokkseyri | 18 | 10 | | |
| Sólvangur, Hafnarfirði ........ | 102 | | 102 | |
| Borgarspítalinn, Heilsuverndarstöð ........ | 34 | | 34 | |
| Landspítalinn, Hátún 10 B ........ | 66 | 66 | | |
| Alls: | 1 744 | 647 | 912 | 146 |

## 9. FRAMLÖG ÚR STYRKTARSJÓÐI VANGEFINNA

### STYRKTARSJÓÐUR VANGEFINNA
Styrkir 1958—1976 (í þús. kr.).

| | 1958—69 | 1970 | 1971 | 1972 | 1973 | 1974 | 1975 | 1976 | Alls |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kópavogshæli .... | 48 493 | 10 000 | 9 000 | 12 000 | 16 000 | 16 000 | 16 000 | 8 000 | 135 493 |
| Sólheimar ........ | 7 228 | 0 | 0 | 1 500 | 1 500 | 2 000 | 0 | 0 | 12 228 |
| Styrktarfélag vangefinna ..... | 800 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 4 000 | 2 000 | 6 800 |
| Skálatún ......... | 20 420 | 0 | 5 000 | 8 000 | 6 375 | 575 | 0 | 0 | 40 370 |
| Tjaldanes ........ | 2 550 | 0 | 0 | 2 000 | 0 | 0 | 6 000 | 0 | 10 550 |
| Sólborg .......... | 31 000 | 7 500 | 1 613 | 0 | 0 | 928 | 14 800 | 28 577 | 84 418 |
| Bjarkarás ........ | 0 | 0 | 6 000 | 4 500 | 500 | 0 | 0 | 0 | 11 000 |
| Egilsstaðir ....... | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 400 | 917 | 1 317 |
| | 110 491 | 17 500 | 21 613 | 28 000 | 24 375 | 19 503 | 41 200 | 39 494 | 302 176 |

### Framlög úr Styrktarsjóði vangefinna frá stofnun.

Árið 1958 voru sett lög um aðstoð við vangefið fólk (lög nr. 43 1958). Í þessum lögum er gert ráð fyrir að af alls konar gosdrykkjum og öli, sem framleitt er hér á landi og afhent er eða selt á flöskum, skuli næstu fimm árin þar á eftir greiða gjald, sem renna skyldi í sérstakan sjóð, Styrktarsjóð vangefinna, og átti hann að vera í vörslu félagsmálaráðuneytisins.

Fé því, sem aflað var samkvæmt lögunum, skyldi varið til að reisa stofnanir fyrir vangefið fólk. Lögin tóku gildi 1. júlí 1958.

Í reglugerð nr. 83 frá 9. júní 1958 segir, að félagsmálaráðuneytið ráðstafi fé sjóðsins að fengnum tillögum Styrktarfélags vangefinna og í samráði við önnur ráðuneyti, sem kunna að eiga hlut að máli hverju sinni.

Með lögum nr. 16 1962 var það gjald, er hér um ræðir, hækkað og jafnframt var innheimta þess framlengd um fimm ára bil, þ. e. til 1. júlí 1968.

Árið 1966 var lögunum breytt á þann veg að gjaldið skyldi hækkað en nú var ákveðið að ¾ hlutar skyldu renna í Styrktarsjóð vangefinna, en ¼ hluti til Hjartaverndar.

Þessi nýju lög voru síðan felld inn í eldri lögin og þau gefin út sem lög nr. 78 1. júlí 1966, um aðstoð við vangefið fólk og samtök hjarta- og æðaverndarfélaga.

Þessi síðarnefndu lög voru síðan afnumin með lögum nr. 97 1971, um vörugjald, og átti endanlega að falla úr gildi ákvæðið um greiðslur til Styrktarsjóðs vangefinna hinn 1. júlí 1976.

Í lok árs 1976 voru lagaákvæði um framlög í Styrktarsjóð vangefinna framlengd til ársloka 1977.

Eins og fram kemur hér að framan var tilgangur Styrktarsjóðs vangefinna að veita fé til uppbyggingar stofnana fyrir vangefið fólk.

Í töflu I hér á eftir kemur fram hvernig fé hefur runnið til sjóðsins frá byrjun og til hvaða stofnana fé hefur verið veitt á þessu árabili.

Af töflunni sést að á árabilinu 1958—1969 var alls veitt úr sjóðnum 110 491 þús., þar af til Kópavogshælisins rúmlega 48 millj., Sólborgar á Akureyri 31 millj. og Skálatúnsheimilisins rúmlega 20 millj.

Á árabilinu 1970—1976, þá hefur verið veitt úr sjóðnum samtals 191 785 þús. og eru eins og áður stærstu styrkirnir til Kópavogshælis, Sólborgar á Akureyri og Skálatúnsheimilis.

Á starfstíma sjóðsins hafa alls verið veittar úr honum um 302 176 þús. kr. Þær framkvæmdir, sem nú eru á döfinni og gert er ráð fyrir að fjármagnaðar verði úr Styrktarsjóði vangefinna, eru eftirfarandi:

1. **Kópavogshæli.**

   Nú er nær lokið byggingu nýrrar deildar vistmanna, sem rúma á 15 vistmenn. Þá hefur bygginganefnd gert tillögur um nýja stórbyggingu við Kópavogshæli, sem fyrst og fremst á að rúma eldhús, mötuneyti og aðstöðu fyrir félags- og íþróttastarfsemi, þ. á m. sundlaug.

   Mjög er brýnt að þessar byggingar komist upp. Öll eldun fyrir Kópavogshæli fer nú fram í kjallarabyggingu gamla Kópavogshælisins eldra við mjög ófullkomnar aðstæður og engin aðstaða er á heimilinu fyrir félags- og íþróttastarfsemi.

2. **Vistheimilið Sólborg, Akureyri.**

   Á árinu 1975 var hafist handa um byggingu sjúkradeildar við Vistheimilið Sólborg á Akureyri. Áður hafði verið gert ráð fyrir því að sjúkradeildir yrðu eingöngu við Kópavogshælið, en fljótlega eftir byggingu Sólborgar sýndi sig að óraunhæft var að reka það heimili án þess að þar væri sérstök sjúkradeild.

   Gera má ráð fyrir að verulegur hluti af fjárveitingu ársins 1977 frá Styrktarsjóði vangefinna fari til að ljúka þessari viðbyggingu Sólborgar, enda þótt ákvarðanir hafi ekki verið teknar enn um fjárveitingar.

3. **Vistheimili fyrir vangefna á Egilsstöðum.**

   Samkvæmt þingsályktun frá Alþingi á árinu 1972 var gerð könnun á því, hvernig vangefnir skiptust milli landshluta eftir búsetu. Þessi könnun leiddi í ljós að full ástæða var til að víkja frá þeim ákvörðunum, sem fyrr höfðu verið teknar um að vistheimili fyrir vangefna yrði eingöngu byggð í Reykjavík og á Akureyri, og var í framhaldi af þessum könnunum hafinn undirbúningur að byggingu heimilis fyrir vangefna á Egilsstöðum.

   Byggingarundirbúningur stendur nú yfir, en það fer eftir fjárveitingum úr Styrktarsjóði vangefinna, hvenær bygging hefst.

4. **Tjaldanesheimilið í Mosfellssveit.**

   Alls hafa verið veittar úr Styrktarsjóði vangefinna 10 550 þús. til þessa heimilis þar af 6 millj. kr. á árinu 1975.

   Nauðsynlegt er að taka afstöðu til framtíðarfyrirkomulags og stærðar þessa heimils, en það hefur nú verið afhent ríkinu að gjöf.

   Endurbæta og endurbyggja þarf húsakynni að nokkru leyti, enda þótt hælið yrði ekki stækkað, og eitt af brýnustu verkefnum er lögn nýrrar hitaveitu til heimilisins.

Auk þeirra verkefna, sem hér hafa verið talin, þá eru enn fjölmörg verkefni óleyst, sem málefnum vangefinna koma við, svo sem sérstök fjölskylduheimili fyrir vangefna, göngudeildarráðgjafar og þjálfunaraðstaða fyrir vangefna, verndaðir vinnustaðir í tengslum við dagvistun, sérstök greiningarstofnun, svo eitthvað sé nefnt af því, sem aðrar þjóðir hafa lagt áherslu á að koma til framkvæmda eftir að farið var að gefa málefnum vangefinna verulegan gaum.

Það ætti að vera auðsætt af því, sem hér hefur verið sagt, að verkefni á sviði málefna vangefinna eru fjölmörg, og enda þótt verulegt átak hafi verið gert í þessum málum á síðustu 20 árum, þá eru ekki minni verkefni fram undan óleyst.

## 10. GÆSLUVISTARSJÓÐUR

Styrkir 1964—1976 (í þús. kr.).

| | 1964—69 | 1970 | 1971 | 1972 | 1973 | 1974 | 1975 | 1976* | Alls |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Bláa bandið ...... | 5 845 | 600 | 1 800 | 1 800 | 600 | 1 200 | 1 080 | 1 200 | 14 125 |
| Vernd ........... | 350 | 150 | 150 | 250 | 250 | 250 | 450 | 500 | 2 350 |
| Gunnarsholt ...... | 26 348 | 6 800 | 200 | 2 260 | 2 040 | 6 500 | 0 | 11 729 | 55 877 |
| Rannsóknir ...... | 285 | 0 | 350 | 0 | 200 | 0 | 500 | 0 | 1 335 |
| Kleppsspítali ..... | 0 | 5 000 | 15 000 | 15 000 | 0 | 0 | 0 | 0 | 35 000 |
| Víðines .......... | 0 | 0 | 0 | 1 200 | 600 | 0 | 8 000 | 7 700 | 16 900 |
| Vífilsstaðir ....... | | 0 | 0 | 919 | 18 365 | 24 349 | 20 000 | 3 000 | 66 633 |
| Samhjálp ........ | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 300 | 0 | 0 | 300 |
| Ungtemplarar .... | 0 | 0 | 0 | 0 | 200 | 250 | 0 | 500 | 950 |
| Ýmislegt ......... | 55 | 0 | 103 | 17 | 0 | 0 | 0 | 0 | 175 |
| Áfengisvarnarráð .. | | 0 | 0 | 235 | 0 | 0 | 0 | 0 | 235 |
| Stórstúka Íslands .. | | 0 | 0 | 0 | 120 | 0 | 0 | 0 | 120 |
| Læknisfræðibókas. | | 0 | 188 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 188 |
| Náms- og ferðast. | | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 610 | 610 |
| | | | | | | | | | 194 797 |

*Eftirstöðvar 29 661 411 verður notað til greiðslu skulda vegna Vífilsstaða, Kleppsspítala og Gunnarsholts.

### Gæsluvistarsjóður.

Lagaákvæði um Gæsluvistarsjóð er að finna í lögum nr. 39 frá 1964, en þar stendur svo í III. kafla um Gæsluvistarsjóð: „Af ágóða Áfengisverslunar ríkisins skal greiða 7½ milljón króna ár hvert í sérstakan sjóð, gæsluvistarsjóð. Sjóðurinn hefur það hlutverk að standa undir kostnaði af framkvæmd laga þessara og þá fyrst og fremst að auka og reisa stofnanir þær, sem um getur í 4. og 9. grein laganna (þ. e. meðferðar- og dvalarstofnanir fyrir drykkjusjúka). Af tekjum sjóðsins skal árlega verja a. m. k. 2% (2 af hundraði) til rannsókna á orsökum, eðli og meðferð drykkjusýki. Heilbrigðisstjórn er heimilt að ákveða til allt að 5 ára í senn að verja megi nokkrum hluta af tekjum sjóðsins til að styrkja starfsemi félaga, sem reka á sinn kostnað hæli eða aðrar stofnanir til lækninga drykkjusjúku fólki, enda fari öll sú starfsemi fram samkvæmt reglugerðum, sem heilbrigðisstjórn staðfestir, og sé háð eftirliti hennar".

Á töflu hefur verið gerð skrá yfir styrki, sem veittir hafa verið úr Gæsluvistarsjóði á árinu 1964 til ársloka 1976.

Á árinu 1964, þegar lögin um Gæsluvistarsjóð voru sett, voru þær greiðslur, sem ákveðnar voru af ágóða Áfengisverslunar ríkisins, um 2% af nettó-hagnaði Áfengisverslunarinnar.

Á árinu 1976 var fjárveiting til Gæsluvistarsjóðs 54.9 millj. króna, en nettóhagnaður Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins áætlaður um 6 milljarða króna, svo að þetta hlutfall hefur breyst þannig á þessu árabili að nú renna í Gæsluvistarsjóð innan við 1% af nettó-hagnaði Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins.

Á fyrstu árum Gæsluvistarsjóðs var fé hans fyrst og fremst varið til rekstrarstyrkja stofnana eða félagasamtaka, sem unnu að málefnum drykkjusjúkra. Það er ekki fyrr en frá og með árinu 1970 að verulegum hluta af tekjum Gæsluvistarsjóðs er varið til uppbyggingar stofnana og er þá fyrst og fremst að telja bætta aðstöðu

við Kleppsspítala, sem byggð var á árabilinu 1970—1972 og alls var veitt til 35 millj. króna.

Fram til ársins 1970 var rekstur Gæsluvistarhælisins í Gunnarsholti greiddur úr Gæsluvistarsjóði, en síðan 1972 hefur Gæsluvistarsjóður styrkt þá uppbyggingu, sem þar hefur farið fram, alls um 22 milljónir króna.

Frá árinu 1972 hefur Gæsluvistarsjóður styrkt uppbyggingu nýrrar stofnunar fyrir drykkjusjúka að Vífilsstöðum, og höfðu í árslok 1976 alls verið greiddar rúmlega 66 milljónir til þeirrar framkvæmdar, en fullnaðaruppgjör hefur ekki farið fram.

Sömuleiðis hefur Gæsluvistarsjóður undanfarin 2 ár styrkt nýbyggingar í Víðinesi.

Síðan Gæsluvistarsjóður var stofnaður hafa verið veittir úr honum styrkir að upphæð samtals nær 195 millj. kr. til ársloka 1976 og voru þá í sjóðnum tæplega 30 milljónir kr., sem að mestu munu ganga til skuldagreiðslna vegna framkvæmda, sem lofað hefur verið styrkja til.

Það er langt frá því að Gæsluvistarsjóður hafi getað staðið undir þeirri þörf, sem er á uppbyggingu stofnana og starfsemi vegna drykkjusjúkra, enda hefur framlag til sjóðsins sífellt farið minnkandi í hlutfalli við það sem í upphafi var miðað við, þ. e. nettó-hagnað af áfengissölu í landinu.

Eigi Gæsluvistarsjóður í framtíðinni að standa undir kostnaði vegna dvalar- og meðferðarstofnana drykkjusjúkra, verður að skapa honum öruggari tekjustofn en verið hefur undanfarin ár og má í því sambandi benda á tillögur, sem fram hafa komið um að til sjóðsins renni á hverju ári fastur hundraðshluti af nettó-tekjum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, t. d. 2% eins og var í upphafi.

## 11. TJALDANES, GJÖF

### Tjaldanesheimilið.

Með samningi, dagsettum 14. ágúst 1973, milli stjórnar Tjaldanesheimilisins í Mosfellssveit annars vegar og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins hins vegar, var ákveðið, að ráðuneytið tæki frá 1. sept. 1973 að öllu leyti við rekstri vinnu- og dvalarheimilisins að Tjaldanesi. Hús og lóðir skyldu vera áfram eign Tjaldanesheimilisins svo og lausafjármunir, en stofnun með svipaðri starfsemi skyldi reka þar áfram. Á sama hátt skyldu starfsmenn eiga kost á starfi áfram og vistmenn á áframhaldandi dvöl.

Þetta þýðir þó ekki endilega að reykvíkingar hafi fengið betri sjúkrahúsþjónustu en aðrir landsbúar. Aðrir hafa líka notið góðs af. Um það bil 30% af sjúklingum Borgarspítalans í Reykjavík koma frá öðrum byggðarlögum en Reykjavík, Seltjarnarnesi, Kópavogi og Hafnarfirði.

Hér hefur átt sér stað sama þróun og í nágrannalöndunum. Hlutur spítalanna í heildarútgjöldum vegna heilbrigðismála eykst stöðugt. Sérgreinum læknisfræðinnar fjölgar, ný tæki og nýjar aðferðir eru fundnar upp. Sífellt er hægt að meðhöndla fleiri tegundir sjúkdóma. Allt hefur þetta valdið því að álagið á sérhæfðasta og tæknilega fullkomnasta hluta heilbrigðiskerfisins, sjúkrahúsin, eykst stöðugt.

Ef athugað er, hver er raunveruleg aukning sjúkrahúskostnaðar á íbúa, kemur í ljós að

1953 var sjúkrahúskostnaður 289 kr./íbúa.
1974 var sjúkrahúskostnaður 18 300 kr./íbúa.

Á þessum tíma er kostnaðaraukning vegna verðbólgu 22-föld. Raunveruleg kostnaðaraukning er því þreföld.

Hér á eftir verður í grófum dráttum reynt að skýra þá kostnaðaraukningu, sem orðið hefur á nokkrum stærstu sjúkrahúsunum.

## 16.1. LANDSPÍTALINN

Kostnaður á legudag í Landspítalanum 1953 var 145 kr. Árið 1974 var kostnaður orðinn 8 750 kr. Á þessum árum var kostnaðaraukning vegna verðbólgu 22-föld. Raunveruleg kostnaðaraukning er því ca. 2.7-föld.

**LANDSPÍTALINN**

**Rekstrarkostnaður pr. legudag.**

| | 1953 | % | x22 | 1974 | % | Raunveruleg aukning |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **I. Gjöld:** | | | | | | |
| 1. Laun | 70,95 | 48,8 | 1 560,90 | 6 016,72 | 68,76 | x3,85 |
| 2. Lyf | 12,40 | 8,5 | 272,80 | 559,42 | 6,39 | 2,05 |
| 3. Matvörur | 14,18 | 9,8 | 311,96 | 366,15 | 4,18 | 1,17 |
| 4. Ljós og eldsneyti | 4,61 | 3,2 | 101,42 | 183,26 | 2,09 | 1,80 |
| 5. Þvottur og hreinlætisvörur | 10,80 | 7,4 | 237,60 | 322,48 | 3,69 | 1,35 |
| 6. Viðhald | 12,17 | 8,4 | 267,74 | 238,47 | 2,72 | ÷0,89 |
| 7. Annar kostnaður | 20,19 | 13,9 | 444,18 | 1 064,06 | 12,17 | 2,39 |
| Samtals | 145,30 | 100,0 | 3 196,60 | 8 750,56 | 100,00 | 2,73 |

**Launakostnaður á legudag** eykst langmest eða um 285%. Í ársbyrjun 1953 eru sjúkrarúm á Landspítalanum 126 og starfsfólk um 150, eða 1.2 starfsm./sjúkrarúm. Í ársbyrjun 1974 eru rúmin orðin 319 og starfsfólk um 769, eða 2.4 starfsm./sjúkrarúm. Ástæðurnar fyrir þessari þróun eru einkum tvær:

1. Aukning alls kyns þjónustustarfsemi gagnvart og í tengslum við sjúklinga.
2. Stytting meðallegudagafjölda um 5 daga (mynd 16.1), sem þýðir í reynd, að innliggjandi sjúklingar eru nú almennt veikari og krefjast meiri umönnunar en var árið 1953.

**Lyfjakostnaður** á legudag hefur tvöfaldast. Skýringin er auðvitað mikill fjöldi nýrra lyfja, þar á meðal mikið af s.k. fúkkalyfjum.

**Matvörukostnaður** á legudag hefur aukist um 17%. Með bættu skipulagi hefur tekist að koma í veg fyrir enn meiri kostnaðaraukningu þrátt fyrir stórendurbætta þjónustu við sjúklinga hvað varðar t.d. sérfæði.

**Ljós og eldsneyti á legudag** hefur hækkað um 80%. Skýringin er m.a. aukin lýsing, fjölgun rafmagnstækja, meiri hiti og aukning á þjónustuhúsnæði. Einnig er trúlegt að vanbókað sé á þennan kostnaðarlið hvað varðar Fæðingardeild (kafli 16.2.) á kostnað Landspítalans.

**Þvottur og hreinlætisvörur á legudag** hafa aukist um 35%. Skýringin er auknar kröfur, fjölgun starfsfólks o.fl.

**Viðhaldskostnaður** á legudag hefur lækkað um 11%. Þetta hefur valdið því, að byggingar Landspítalans eru orðnar slitnar og allar tæknilegar endurbætur hafa setið á hakanum. Fjárveitingar til viðhalds eru á sérstökum lið á fjárlögum og virðist ekkert samband hafa verið milli aldurs húsa og upphæðar fjárlaga.

**Annar kostnaður** á legudag hefur hækkað um 139%. Hér er einkum um að ræða kostnað vegna t.d. nýrrar rannsóknatækni, t.d. röntgen, svo og ýmsa einnotahluti og hjúkrunargögn, sem ekki voru til fyrir 20 árum.

## Landspitalinn



## *Landspitalinn*

HLUTFALLSLEG SKIPTING KOSTNAÐAR



## Landspitalinn(og fæðingardeild)



## FÆÐINGARDEILD

Kostnaður á dvalardag árið 1953 var 150 kr. Árið 1974 var kostnaður 5 932 kr. Á sama tíma hefur verðbólgan valdið 22-földun kostnaðar. Raunveruleg kostnaðaraukning hefur því verið 1.8-föld.

**FÆÐINGARDEILD**

| Kostnaður pr. legudag | 1953 | % | ×22 | 1974 | % | Raunveruleg aukning |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **I. Gjöld:** | | | | | | |
| 1. Laun | 65,87 | 43,8 | 1 449,14 | 3 841,11 | 64,75 | 2,62 |
| 2. Lyf og sáraumbúðir | 8,05 | 5,4 | 177,10 | 251,10 | 4,23 | 1,41 |
| 3. Matvörur | 23,98 | 16,0 | 527,56 | 549,13 | 9,26 | 1,04 |
| 4. Ljós og eldsneyti | 5,00 | 3,3 | 110,00 | 63,53 | 1,07 | ÷0,57 |
| 5. Þvottur og hreinlætisvörur | 24,26 | 16,1 | 533,72 | 527,56 | 8,89 | ÷0,98 |
| 6. Viðhald | 5,24 | 3,5 | 115,28 | 19,25 | 0,32 | ÷0,16 |
| 7. Annar kostnaður | 17,88 | 11,9 | 393,36 | 680,55 | 11,48 | 1,73 |
| Samtals | 150,28 | 100,0 | 3 306,16 | 5 932,23 | 100,00 | 1,79 |

**Launakostnaður á legudag** eykst um 162%. Skýringar eru þær sömu og hvað varðar Landspítalann. Hér fjölgar starfsfólki þó ekki jafnmikið og þar.

Í ársbyrjun 1953 eru sjúkrarúm í fæðingardeild 54 og starfsfólk um 57, eða 1 starfsmaður/sjúkrarúm. Í ársbyrjun 1974 eru sjúkrarúmin 63 og starfsfólk um 103, eða 1.6 starfsmaður/sjúkrarúm.

**Lyfjakostnaður á legudag** eykst einnig nokkru minna en í Landspítalanum eða um 41%. Þörfin fyrir lyf er hér hvað varðar sængurkonur nokkuð önnur og minni en á deildum Landspítalans.

**Matvörukostnaður á legudag** stendur í stað.

**Ljós- og eldsneytiskostnaður á legudag** lækkar um 43%. Hér er væntanlega um vanreikning að ræða vegna ofreiknings á Landspítalann. Þessi kostnaður ætti væntanlega að hafa staðið því sem næst í stað.

**Þvotta- og hreinlætisvörukostnaður** á legudag hefur staðið í stað. Fæðingardeildir eru þungar deildir hvað varðar þvotta. Það verður því að teljast mjög athyglisvert að sá kostnaður skuli ekki hafa aukist.

**Viðhaldskostnaður á legudag** hefur lækkað um 84%. Útlit gömlu fæðingardeildarbyggingarinnar hefur verið þannig að til mikillar vansæmdar hefur verið á undanförnum árum. Oft virðist viðhald bygginga vera eini liðurinn, sem talið er að hægt sé að spara á.

**Annar kostnaður á legudag** hefur aukist um 73%. Hér er um að ræða sömu skýringar og gilda fyrir Landspítalann, þó aukningin sé mun minni.

# Fæðingardeild



## *Fæðingardeild*

HLUTFALLSLEG SKIPTING KOSTNAÐAR




**1953**




**1958**




**1963**




**1968**




**1973**




**1974**

## VÍFILSSTAÐASPÍTALI

Kostnaður á legudag í Vífilsstaðaspítala var árið 1953 74 kr. Árið 1974 var kostnaður orðinn 4 370 kr. Raunveruleg kostnaðaraukning með tilliti til 22-földunar verðlags hefur því verið um 2.7-föld.

Á þessum árum gjörbreytist starfsemin á Vífilsstöðum úr berklahæli í spítala fyrir lungnasjúklinga.

Starfsliði fjölgar og sjúkrarúmum fækkar. Á árunum um 1960 er sjúkrarúmum fækkað verulega. Þá hefur berklum næstum verið útrýmt og slíkir sjúklingar orðnir fáir. Frá þessum tíma fer einnig innlögnum að fjölga vegna styttingar á meðallegudagafjölda. Eftir 1968 verður síðan nýtt stökk vegna enn meiri styttingar meðallegudagafjölda.

Í ársbyrjun 1953 eru sjúkrarúm í Vífilsstaðaspítala um 190 og starfsfólk um 74 eða 0.4 starfsm./sjúkl. Í ársbyrjun 1974 eru rúmin 102 og starfsmenn um 131, eða 1.3 starfsmaður/sjúkrarúm.

VÍFILSSTAÐASPÍTALI

| Kostnaður pr. dvalardag | 1953 | % | ×22 | 1974 | % | Raunveruleg aukning |
|---|---|---|---|---|---|---|
| I. Gjöld: | | | | | | |
| 1. Laun | 24,83 | 33,5 | 546,26 | 2 785,39 | 63,74 | 5,09 |
| 2. Lyf og sáraumbúðir | 2,21 | 3,0 | 48,62 | 228,43 | 5,23 | 4,69 |
| 3. Matvörur | 22,87 | 30,9 | 503,14 | 356,47 | 8,16 | ÷0,70 |
| 4. Ljós og eldsneyti | 5,49 | 7,4 | 120,78 | 145,23 | 3,32 | 1,20 |
| 5. Þvottur og hreinlætisvörur | 4,29 | 5,8 | 94,38 | 152,98 | 3,50 | 1,62 |
| 6. Viðhald | 8,21 | 11,1 | 180,62 | 205,85 | 4,71 | 1,13 |
| 7. Annar kostnaður | 6,12 | 8,3 | 134,64 | 495,21 | 11,43 | 3,67 |
| Samtals | 74,02 | 100,0 | 1 628,44 | 4 369,56 | 100,00 | 2,68 |

**Launakostnaður á legudag** eykst um 409%. Ástæðurnar eru fjölgun starfsfólks og bætt launakjör heilbrigðisstétta. Einnig fækkun sjúkrarúma og legudaga.

Ástæðurnar fyrir fjölgun starfsfólks eru einkum:

**Lyfja- og sáraumbúðakostnaður** á legudag eykst um 369%. Ný lyf og þróun úr hæli í sjúkrahús fyrir bráðasjúkdóma gjörbreytir lyfjanotkun.

**Matvörukostnaður** á legudag lækkar um 30%. Í tíð berklahælisins var talið að ríflegur matur væri liður í meðferð berklasjúklinga. Breytt viðhorf hafa því dregið úr matarkostnaði.

**Ljós- og eldsneytiskostnaður** á legudag hefur aukist um 20%. Sú aukning stafar væntanlega nær eingöngu af fækkun legudaga en húsnæðið, sem þarf að hita og lýsa, hefur ekki minnkað þó rúmum hafi fækkað.

**Þvottur og hreinlætisvörukostnaður** hefur aukist um 62%. Ástæðurnar eru fækkun legudaga, fjölgun starfsfólks og auknar kröfur vegna sjúklinga.

**Viðhaldskostnaður á legudag** hefur aukist um 13%, sem er mjög lítið þegar tillit er tekið til aldurs bygginga á Vífilsstöðum (sjá kafla 16.1.).

**Annar kostnaður á legudag** hefur aukist um 267%. Hér kemur til aukning á röntgenkostnaði, notkun einnotahluta og ýmis hjúkrunargögn, sem ekki voru til fyrir 20 árum.

## Vifilstaðaspitali

Gjöld kr./legudag



## *Vifilstaðaspitali*

HLUTFALLSLEG SKIPTING KOSTNAÐAR




**1953**




**1958**




**1963**




**1968**




**1973**

1. Laun
2. Lyf
3. Matvörur
4. Ljós og eldsneyti
5. Þvottur og hreinlætisvörur
6. Viðhald
7. Ýmislegt.




**1974**

## Vifilstaðaspitali



## KLEPPSSPÍTALINN

Kostnaður á dvalardag í Kleppsspítalanum árið 1953 var 59 kr. Árið 1974 var kostnaður 4 523 kr. Raunveruleg kostnaðaraukning með tilliti til 22-földunar verðlags hefur því verið um 3.5-föld.

Á þessum tíma hafa orðið miklar framfarir í geðlækningum. Ný lyf hafa komið til sögunnar og meðallegudagafjöldi sjúklinga hefur styst mikið. Þrátt fyrir fækkun sjúkrarúma hefur því fjöldi innlagðra sjúklinga aukist.

Í ársbyrjun 1953 eru sjúkrarúm í Kleppsspítala um 250 og starfsfólk um 109, eða 0.4 starfsmaður/sjúkrarúm. Í ársbyrjun 1974 eru rúmin talin 240 og starfsmenn um 318, eða 1.3 starfsmaður/sjúkrarúm.

### KLEPPSSPÍTALINN

| Kostnaður pr. legudag | 1953 | % | ×22 | 1974 | % | Raunveruleg aukning |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **I. Gjöld:** | | | | | | |
| 1. Laun | 25,89 | 43,7 | 569,58 | 3 330,28 | 73,62 | 5,84 |
| 2. Lyf og sáraumbúðir | 1,30 | 2,2 | 28,60 | 118,80 | 2,63 | 4,15 |
| 3. Matvörur | 14,99 | 25,3 | 329,78 | 273,07 | 6,04 | ÷0,82 |
| 4. Ljós og eldsneyti | 3,79 | 6,4 | 83,38 | 55,83 | 1,23 | ÷0,66 |
| 5. Þvottur og hreinlætisvörur | 3,29 | 5,5 | 72,38 | 102,04 | 2,26 | 1,40 |
| 6. Viðhald | 5,37 | 9,1 | 118,14 | 109,27 | 2,42 | ÷0,92 |
| 7. Annar kostnaður | 4,68 | 7,8 | 102,96 | 534,02 | 11,80 | 5,18 |
| Samtals | 59,31 | 100,0 | 1 304,82 | 4 523,31 | 100,00 | 3,47 |

**Lyfjakostnaður á legudag** hefur aukist um 315%. Eins og áður sagði eru það einkum ný lyf, sem valdið hafa byltingu í geðlækningum á undanförnum árum. Stór hluti sjúklinga, sem áður þurfti að leggja inn, sækir nú aðeins göngudeild spítalans.

**Launakostnaður á legudag** eykst um 484%. Skýringin er aukning starfsfólks og bætt launakjör heilbrigðisstétta.

Ástæðurnar fyrir fjölgun starfsfólks eru einkum tvær:

1. Aukning alls kyns þjónustustarfsemi gagnvart og í tengslum við sjúklinga.
2. Stytting meðallegudagafjölda, sem þýðir í reynd, að innliggjandi sjúklingar eru nú almennt veikari og krefjast meiri umönnunar en var árið 1953.

**Matvörukostnaður á legudag** hefur lækkað um 18%.

**Ljós og eldsneytiskostnaður** á legudag hefur lækkað um 34%. Skýringin er fyrst og fremst inntaka hitaveitu.

**Þvottar og hreinlætisvörukostnaður** á legudag hefur hækkað um 40%. Skýringin er auknar kröfur og fjölgun innlagðra sjúklinga.

**Viðhaldskostnaður á legudag** hefur lækkað um 8%. Hér á sér stað sambærilegur samdráttur og í mörgum öðrum stofnunum. Þegar húsin eldast lækkar framlagið til viðhalds.

**Annar kostnaður á legudag.** Þessi kostnaður hefur aukist um 418%. Hér er einkum um að ræða greiðslur Kleppsspítalans fyrir vistun sjúklinga annars staðar, t. d. í Stykkishólmi.

# Kleppsspitalinn



## *Kleppsspitali*

HLUTFALLSLEG SKIPTING KOSTNAÐAR




**1953**




**1958**




**1963**




**1968**




**1973**




**1974**

# Kleppsspitalinn



## KÓPAVOGSHÆLIÐ

Kostnaður á dvalardag í Kópavogshæli var árið 1953 71 kr. Árið 1974 var kostnaður 2 111 kr. Á sama tíma hefur verðhækkun vegna verðbólgu verið 22-föld. Raunveruleg kostnaðaraukning hefur því verið um 1.4-föld.

### KÓPAVOGSHÆLIÐ

| Kostnaður pr. legudag | 1953 | % | ×22 | 1974 | % | Raunveruleg aukning |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. Laun | 39,08 | 54,9 | 859,76 | 1 424,47 | 67,49 | 1,65 |
| 2. Lyf og sáraumbúðir | 0,79 | 1,1 | 17,38 | 16,44 | 0,78 | ÷0,94 |
| 3. Matvörur | 15,05 | 21,1 | 331,10 | 212,59 | 10,07 | ÷0,64 |
| 4. Ljós og eldsneyti | 4,55 | 6,4 | 100,10 | 70,86 | 3,36 | ÷0,70 |
| 5. Þvottur og hreinlætisvörur | 3,40 | 4,8 | 74,80 | 95,56 | 4,53 | 1,27 |
| 6. Viðhald | 2,52 | 3,5 | 55,44 | 50,63 | 2,40 | ÷0,91 |
| 7. Annar kostnaður | 5,81 | 8,2 | 127,82 | 240,02 | 11,37 | 1,87 |
| Samtals | 71,20 | 100,0 | 1 566,40 | 2 110,57 | 100,00 | 1,34 |

**Launakostnaður á legudag** hefur hækkað um 65%.

Ástæðurnar eru þær sömu og á öðrum stofnunum: Fjölgun starfsfólks og bætt launakjör heilbrigðisstétta.

Í ársbyrjun 1953 eru sjúkrarúm í Kópavogshæli um 30 og starfsfólk um 15, eða 0.5 starfsm./sjúkrarúm. Í ársbyrjun 1974 eru rúmin orðin 155 og starfsfólk um 161, eða um 1 starfsm./sjúkrarúm.

**Lyfja- og sáraumbúðakostnaður** á legudag stendur í stað.

**Matvörukostnaður á legudag** lækkar um 36%.

**Ljós- og eldsneytiskostnaður á legudag** hefur lækkað um 30%. Skýringin er fyrst og fremst inntaka hitaveitu.

**Þvotta- og hreinlætisvörukostnaður á legudag** hefur aukist um 27%. Ástæður eru aukning starfsfólks og auknar kröfur vegna sjúklinga svo og fækkun legudaga.

**Viðhaldskostnaður á legudag** hefur lækkað um 9%. Hér á sér stað sambærilegur samdráttur og í fyrrgreindum öðrum stofnunum.

**Annar kostnaður á legudag** hefur hækkað um 87%. Hér er um að ræða svipaðar skýringar og fram koma hjá hinum stofnununum.

## Kópavogshælið



## *Kópavogshælið*

HLUTFALLSLEG SKIPTING KOSTNAÐAR




**1953**




**1958**




**1963**




**1968**




**1973**




**1974**

## *Kópavogshæli*



## 14. HLUTFALLSLEG SKIPTING KOSTNAÐAR 1974—1975.

### Hlutfallsleg skipting kostnaðar á sjúkrahúsum.

Í kafla hér að framan er sýnd skipting kostnaðar á ríkisspítölunum árin 1953—1974. Á mynd sést hlutfallsleg skipting kostnaðar Landspítalans, Kleppsspítalans og Vífilsstaðaspítala 1975.

Ef sú skipting er athuguð kemur eftirfarandi í ljós.

**Laun og launatengd** gjöld eru hlutfallslega mest á Kleppsspítala. Þetta er eðlilegt með tilliti til þess að meðferð sjúklinganna þar er einkum falin í mannlegum samskiptum.

**Lyf og ýmsar spítalavörur** kosta hlutfallslega mest á Landspítala. Eftirtektarvert er að þrátt fyrir þá lyfjabyltingu, sem átt hefur sér stað í geðlækningum, er lyfjakostnaður hlutfallslega langminnstur á Kleppsspítala.

**Matvörukostnaður** er hlutfallslega mestur á Vífilsstaðaspítala, en minnstur á Kleppsspítala. Erfitt er að meta ástæður fyrir þessu. Þó er rétt að hafa í huga að margir telja að fæði sjúklinga á Kleppsspítala sé mun lélegra en á öðrum spítölum. Á Landspítalanum er rekið mjög hagkvæmt eldhús sem að vísu veitir dýra þjónustu, t. d. sérfæði handa ýmsum sjúklingum.

Þrátt fyrir þetta er matarkostnaður sjúklinga þar svipaður og á Vífilsstaðaspítala. Ástæðan er hagkvæmni bakkaskömmtunar. Slík kerfi nýta mat mun betur en önnur matardreifingarkerfi.

**Orka til ljósa og hitunar** kostar hlutfallslega mest á Vífilsstöðum, minna á Landspítalanum og minnst á Kleppsspítalanum. Á Kleppsspítalanum eru engin orkufrek rannsóknartæki. Þar er lítið um loftræstikerfi. Á Landspítalanum eru rafmagnstæki og loftræstikerfi, sem þurfa mikla orku. Þrátt fyrir þetta er hlutfall orkukostnaðar minna á Landspítalanum en Vífilsstaðaspítala. Skýringin er sú að hitaveita er ekki tengd við Vífilsstaði fyrr en á árinu 1976.

**Hjúkrunargögn og læknaáhöld** kosta af eðlilegum ástæðum hlutfallslega mest á Landspítalanum og minnst á Kleppsspítala.

**Sérfræðiþjónusta** er nokkuð mislitur liður. Þar eru taldir saman kostnaðarliðir fyrir þjónustu utanaðkomandi lækna, verkfræðinga og annarra.

**Verktakakostnaður,** sem einkum er þvottur, er hlutfallslega mestur á Landspítala, síðan Vífilsstöðum og loks Kleppsspítala. Þetta er eðlilegt miðað við þá starfsemi, sem fram fer á stofnununum.

**Viðhaldsgjöld** eru hlutfallslega mest á Vífilsstaðaspítala, en minnst á Kleppsspítala. Almennt má vafalaust segja að með tilliti til bygginga sé hlutfall viðhaldsgjalda of lítið.

**Stofnkostnaður** er hlutfallslega mestur á Vífilsstaðaspítala. Það er vegna fjárveitingar til byggingar barnaheimilis. Annars er stofnkostnaður einkum vegna endurnýjunar húsgagna og minni háttar tækja.

**Ýmis kostnaður** er hlutfallslega mestur á Kleppsspítala. Þar eru innifaldar í þessum kostnaði greiðslur fyrir vistun sjúlinga í t. d. Hveragerði, Stykkishólmi o. fl. stöðum.

Hér að ofan hefur verið sýnd hlutfallsleg skipting kostnaðar á þremur ríkisspítölum. Hér á eftir verður einnig borinn saman kostnaður og hlutfallsleg skipting kostnaðar á Landspítala, Borgarspítala og Landakotsspítala.

Mjög erfitt er að bera saman kostnað á legudag eins og hér er gert. Bókhaldsuppsetning er mjög mismunandi á þessum stofnunum og getur því samanburður orðið misvísandi. Reynt hefur verið að draga allar greiðslur fyrir ambulantþjónustu út, þannig að fáist raunverulegur kostnaður á legudag (mynd 17.2.).

## 01 LANDSPÍTALINN

HLUTFALLSLEG SKIPTING KOSTNAÐAR 1975



| | | |
|---|---|---|
| 1 | LAUN CG LAUNATENGD GJOLD | 63.8% |
| 2 | LYF OG YMSAR SPITALAVORUR | 8 5% |
| 3 | MATVORUR | 7 5% |
| 4 | ORKA TIL LJOSA OG HITUNAR | 2 3% |
| 5 | HJUKRGOGN OG LÆKNAAHOLD | 1 7% |
| 6 | SERFRÆÐIÞJONUSTA | 1 3% |
| 7 | VERKTAKAR | 2 9% |
| 8 | VIÐHALDSGJOLD | 3 7% |
| 9 | STOFNKOSNAÐUR | 2 2% |
| 10 | YMISLEGT | 6 3% |

## 03 VÍFILSTAÐASPÍTALI

HLUTFALLSLEG SKIPTING KOSTNAÐAR 1975



| | | |
|---|---|---|
| 1 | LAUN OG LAUNATENGD GJÖLD | 62 7% |
| 2 | LYF OG ÝMSAR SPÍTALAVÖRUR | 5 5% |
| 3 | MATVÖRUR | 8 9% |
| 4 | ORKA TIL LJÓSA OG HITUNAR | 3 8% |
| 5 | HJÚKRGÖGN OG LÆKNAÁHÖLD | 0 7% |
| 6 | SERFRÆÐIÞJONUSTA | 0 8% |
| 7 | VERKTAKAR | 2 1% |
| 8 | VIÐHALDSGJÖLD | 3 9% |
| 9 | STOFNKOSTNAÐUR | 6 7% |
| 10 | YMISLEGT | 4 9% |

## 04 KLEPPSSPÍTALINN

HLUTFALLSLEG SKIPTING KOSTNAÐAR 1975



| | | |
|---|---|---|
| 1 | LAUN OG LAUNATENGD GJOLD | 67.9% |
| 2 | LYF OG YMSAR SPITALAVORUR | 2 2% |
| 3 | MATVORUR | 5 4% |
| 4 | ORKA TIL LJOSA OG HITUNAR | 1 6% |
| 5 | HJUKRGOGN OG LÆKNAAHÖLD | 0 1% |
| 6 | SERFRÆÐIÞJONUSTA | 0 4% |
| 7 | VERKTAKAR HREING ÞVOTTAHUS | 1 7% |
| 8 | VIÐHALDSGJÖLD | 2 6% |
| 9 | STOFNKOSTNAÐUR | 1 6% |
| 10 | YMISLEGT | 16 5% |

**Launakostnaður** á legudag er mestur í Landspítalanum, en minnstur á Landakotsspítala. Landspítalinn rekur umfangsmestu rannsókna-, göngudeilda- og þjónustustarfsemi þessara stofnana, auk þess eina af starfsfólksfrekustu deildum sem til eru í spítalarekstri, þ. e. barnageðdeild. Lágur kostnaður á Landakoti stafar að hluta af vinnu systranna.

**Lyf og sáraumbúðakostnaður** á legudag er liður, sem erfitt er að bera saman vegna mismunandi bókhaldsreglna. Allar skýringar á mismun verða því ágiskanir.

**Ljós og eldsneytiskostnaður á legudag** er langmestur á Landspítalanum. Skýringin er meðal annars hversu margar og dreifðar byggingar spítalans eru. Einnig eru mjög orkufrek tæki og loftræstikerfi.

**Þvottar og hreinlætisvörukostnaður** á legudag er mestur í Landspítala. Þessi liður inniheldur allan kostnað vegna þvotta einnig launaliðinn. Hinn lági kostnaður Landakotsspítala stafar meðal annars af því að þar er þvottahús innan stofnunarinnar og því enginn útiflutningur á taui. Einnig kemur hér vafalaust til vinna systranna.

Sama þvottahús þvær fyrir Borgarspítala og Landspítala. Útselt þvottaverð til Borgarspítala hefur ávallt verið lægra en verðið til Landspítala. Landspítali kaupir á sjálfkostnaðarverði. Borgarspítali hefur hins vegar aðeins greitt sem nemur jaðarkostnað, þ. e. ekki tekið þátt í föstum kostnaði.

**Viðhaldskostnaður** er hæstur á Landakotsspítala og bendir það til þess að þar sem ekki er ákveðin með fjárlögum upphæð viðhalds sé talið nauðsynlegt að eyða meiri fjármunum í þennan lið en gert er t. d. á Landspítala.

**Annar kostnaður** á legudag er hæstur á Landspítalanum, en lægstur á Borgarspítala. Þennan lið er mjög erfitt að bera saman.

**Rekstrarhalli/afgangur** á legudag bætist við/dregst frá þeim upphæðum, sem reiknaðar eru í legudagakostnað.

**Almennt** má segja að sá samanburður, sem hér er sýndur, segi mjög lítið. Á Landspítalanum, þar sem t. d. eru reknar stórar dagdeildir, þar sem ekki eru taldir legudagar, og göngudeildir, sem fá litlar sem engar tekjur, veldur kostnaður af þeim verulegri skekkju í ofangreindum samanburði.

| | Landspítali | | Borgarspítali | | Landakotsspítali | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Kr. | % | Kr. | % | Kr. | % | |
| 1. Laun | 8 179,58 | 64,89 | 8 045,64 | 68,00 | 6 055,85 | 61,81 | |
| 2. Lyf og sáraumbúðir | 950,00 | 7,54 | 656,10 | 5,55 | 774,06 | 7,90 | |
| 3. Matvörur | 529,81 | 4,20 | 668,35 | 5,65 | 505,14 | 5,16 | |
| 4. Ljós og eldsneyti | 290,93 | 2,31 | 158,32 | 1,34 | 148,41 | 1,52 | |
| 5. Þvottur og hreinl.v. | 514,22 | 4,08 | 427,88 | 3,62 | 246,21 | 2,51 | |
| 6. Viðhald | 460,63 | 3,65 | 438,19 | 3,70 | 572,19 | 5,84 | |
| 7. Annar kostnaður | 1 681,11 | 13,33 | 1 436,97 | 12,14 | 1 494,32 | 15,26 | |
| | 12 606,28 | 100,00 | 11 831,45 | 100,00 | 9 796,18 | 100,00 | |
| Rekstrarhalli | 534,72 | 4,24 | 82,05 | 0,69 | 71,52 | 0,73 | (rekstrarafgangur) |
| | 13 141,00 | | 11 913,50 | | 9 724,66 | | |

## 15. SKIPTING LAUNAKOSTNAÐAR SJÚKRAHÚSA EFTIR STARFSSTÉTTUM

### 1973—1974

Landspítali, Fæðingardeild, Vífilsstaðaspítali, Kleppsspítali.

**Hlutfallsleg skipting launa eftir stéttum.**

Ef skoðuð er hlutfallsleg skipting launa eftir stéttum á Landspítalanum, Fæðingardeild, Vífilsstaðaspítala og Kleppsspítala, kemur í ljós að stærstur hluti launa fer til lækna og hjúkrunarkvenna.

Ef skiptingin eftir stofnunum er athuguð, kemur í ljós að hlutur lækna er nær tvöfalt meiri á Landspítala og Fæðingardeild en Vífilsstaðaspítala og Kleppsspítala. Hlutur hjúkrunarkvenna er nokkuð jafn nema á Fæðingardeild, þar koma ljósmæður í staðinn. Laun sjúkraliða eru hlutfallslega mest á Kleppsspítalanum.

Hlutfall launa hjúkrunarfólks samtals er hæst á Landspítalanum, en lægst á Vífilsstaðaspítala. Í staðinn er hluti annars starfsfólks á Vífilsstaðaspítala nokkru hærri. Þessi mismunur stafar af þeirri vöntun, sem verið hefur á faglærðu starfsfólki á Vífilsstaðaspítalanum. Í staðinn hafa verið ráðnar starfsstúlkur, sem flokkast undir liðinn aðrir starfsmenn. Sama gildir einnig um Kleppsspítalann.

### SKIPTING LAUNA EFTIR STÉTTUM

| | Landspítalinn | | | | Fæðingardeild | | Vífilsstaðaspítali | | Kleppsspítalinn | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1974 | % | 1973 | % | 1974 | % | 1974 | % | 1974 | % |
| Læknar | 160 676 005 | 26,69 | 98 778 006 | 26,00 | 24 437 313 | 27,82 | 13 322 367 | 14,14 | 32 871 152 | 13,25 |
| Hjúkrunarkonur | 125 224 380 | 20,80 | 70 761 462 | 18,63 | 9 904 089 | 11,28 | 21 478 956 | 22,80 | 51 711 256 | 20,84 |
| Hjúkrunarnemar | 40 418 638 | 6,71 | 28 028 196 | 7,38 | 3 870 877 | 4,41 | | | 9 957 089 | 4,01 |
| Ljósmæður | | | | | 25 432 878 | 28,95 | | | | |
| Sjúkraliðar | 37 432 753 | 6,21 | 18 306 700 | 4,82 | 1 835 149 | 2,09 | 4 910 778 | 5,21 | 31 940 138 | 12,87 |
| Hjúkrunarfólk (þ. e. hjúkr.-k., hjúkr.n., ljósm., sjúkraliðar) samtals | 203 075 771 | 33,72 | 117 096 358 | 30,83 | 41 042 993 | 46,73 | 26 389 734 | 28,01 | 93 608 483 | 37,72 |
| Sjúkraþjálfar | 7 596 933 | 1,26 | 4 855 51 | 1,28 | | | 954 446 | 1,01 | | |
| Starfsf. röntg.d. | 11 179 767 | 1,86 | 8 640 301 | 2,27 | | | | | | |
| Starfsf. ranns.d. | 28 365 935 | 4,71 | 14 763 985 | 3,89 | | | | | | |
| Starfsf. eldh. og borðst. | 38 086 271 | 6,33 | 22 644 746 | 5,96 | | | 7 756 576 | 8,23 | 12 193 134 | 4,91 |
| Læknaritarar | 24 831 102 | 4,12 | 8 742 190 | 2,30 | 3 072 415 | 3,50 | 1 069 657 | 1,14 | 5 438 851 | 2,19 |
| Tæknimenn | 15 339 926 | 2,55 | 9 313 661 | 2,45 | | | 2 956 437 | 3,14 | 7 819 087 | 3,15 |
| Nemar aðrir en hjúkr.n. | 18 369 807 | 3,05 | 11 779 684 | 3,10 | 5 725 693 | 6,51 | 554 252 | 0,59 | 3 198 594 | 1,29 |
| Aðrir starfsm. | 94 593 904 | 15,71 | 83 289 904 | 21,92 | 13 558 577 | 15,44 | 41 216 711 | 43,74 | 93 046 541 | 37,49 |
| | 602 115 421 | | 379 903 986 | | 87 836 991 | | 94 220 180 | | 248 175 842 | |

## 16. REKSTRARSKÝRSLUR SJÚKRAHÚSA 1973.

Daggjaldanefnd Sjúkrahúsa
okt/75

Skipting launakostnaðar sjúkrahúsanna 1973

Heildartölur

| STOFNUN | 1.1.1 LAUN LÆKNA | 1.1.2 LAUN HJÚKR.FÓLKS | 1.1.3 LAUN AÐST.FÓLKS | 2.1 LAUN Í ELDHÚSI | 3.1 LAUN Í ÞVOTTAHÚSI | 4.1 LAUN FYRIR EFTIRLIT | 4.2 LAUN FYRIR VIÐGERÐIR | 5.1 LAUN Á SKRIFSTOFU | 6.1 LAUN FYRIR STARFSM.HALD | 7.1 LAUN ÖKUMANNA | LAUN ALLS |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| LANDSPÍTALI | 99.028 | 141.680 | 102.197 | 22.645 | 301 | 1.167 | 9.651 | 10.226 | - | 743 | 387.638 |
| Fæðingardeild | 14.835 | 27.350 | 11.158 | - | - | - | 1.493 | 1.965 | - | - | 56.801 |
| Kleppspítali | 26.162 | 39.586 | 58.858 | 9.770 | 1.664 | 2.302 | 5.819 | 2.438 | 4.248 | 451 | 151.298 |
| Vífilsstaðahæli | 9.112 | 15.049 | 19.648 | 4.886 | 356 | 693 | 3.566 | 3.218 | 2.278 | 522 | 59.328 |
| Kristneshæli | 3.500 | 4.000 | 6.000 | 4.000 | 3.000 | 1.000 | - | - | - | - | 21.500 |
| Gunnarsholt | 363 | 1.641 | 2.430 | 844 | - | 482 | 1.047 | 300 | - | 518 | 7.625 |
| BORGARSPÍTALI | 87.524 | 83.177 | 101.806 | 12.650 | 2.700 | 7.587 | - | 11.155 | - | 500 | 307.099 |
| - Barónstíg | 400 | 4.590 | 10.112 | 2.617 | 350 | 300 | - | 1.446 | - | - | 19.815 |
| - Skólavörðustíg | 1.216 | 3.571 | 5.019 | 700 | - | 400 | 29 | 810 | - | - | 11.745 |
| Fæðingarheimili | 2.432 | 8.462 | 8.575 | 600 | - | - | 456 | 250 | - | - | 20.775 |
| Arnarholt | 1.049 | 3.278 | 6.615 | 1.800 | 300 | 800 | - | 677 | - | - | 14.519 |
| Grensásdeild | 3.718 | 3.391 | 8.420 | .800 | 200 | 500 | - | 1.358 | - | - | 18.387 |
| Akureyri | 23.999 | 38.346 | 42.102 | 4.984 | 5.078 | 1.318 | 2.459 | 1.817 | - | - | 120.103 |
| Akranesi | 9.029 | 7.673 | 13.853 | 3.468 | 1.718 | 642 | - | 1.411 | - | - | 47.794 |
| Húsavík | 3.842 | 9.243 | 13.918 | 2.310 | 2.019 | 646 | 329 | 996 | 257 | - | 33.560 |
| Ísafirði | 3.971 | 6.317 | 4.516 | 2.424 | 1.290 | 590 | - | 631 | - | - | 19.739 |
| Sauðárkróki | 3.699 | 7.085 | 7.671 | 2.669 | 1.601 | 260 | - | 890 | - | - | 23.875 |
| Siglufirði | 1.694 | 3.959 | 5.489 | 2.102 | 962 | - | - | 845 | - | - | 15.051 |
| Neskaupstað | 4.860 | 5.916 | 5.541 | 2.793 | 892 | - | - | 1.006 | - | - | 21.008 |
| Keflavík | 4.252 | 7.826 | 6.574 | 2.643 | 939 | - | - | 1.355 | - | - | 23.589 |
| Selfossi | 2.000 | 6.000 | 6.000 | 2.000 | 1.500 | - | - | 800 | - | - | 18.300 |
| Blönduósi | 1.730 | 3.686 | 6.714 | 3.015 | 1.030 | 778 | 191 | 963 | - | - | 18.107 |
| Patreksfirði | 929 | 1.825 | 3.467 | 1.500 | 615 | - | - | 249 | 427 | - | 9.016 |
| Hvammstanga | 1.399 | 1.500 | 6.128 | 2.000 | 675 | - | 468 | 450 | - | - | 12.620 |
| Seyðisfirði | 1.560 | 1.611 | 21 | 1.074 | 27 | 318 | 686 | 230 | 3.002 | - | 8.529 |
| Sólvangur | 3.968 | 11.697 | 17.758 | 4.621 | 3.821 | 1.513 | 564 | 1.777 | - | - | 45.719 |
| Bolungarvík | 91 | 800 | 1.200 | 392 | 400 | - | - | 225 | - | - | 3.108 |
| Egilsstöðum | 599 | 016 | 538 | 1.091 | 3 | 47 | - | 149 | 179 | 43 | 5.665 |
| Hólmavík | - | 200 | 200 | 100 | 46 | - | - | - | - | - | 546 |
| Þingeyri | - | 100 | 282 | 100 | 100 | 50 | - | - | - | - | 632 |
| Landakot | 48.823 | 53.498 | 52.310 | 5.122 | 7.049 | - | - | 10.719 | 3.527 | 626 | 181.674 |
| St. Jósefssp. Hafnarf. | 8.365 | 5.788 | 4.167 | 1.593 | 420 | - | - | 2.507 | - | - | 22.840 |
| St. Fr.spítali Stykk. | 2.725 | 8.003 | 4.186 | 926 | 691 | - | - | 378 | - | - | 16.909 |
| SÍBS Reykjalundi | 5.922 | 5.973 | 14.084 | 7.624 | 431 | 561 | - | 1.996 | - | 634 | 37.225 |
| NLFÍ Hveragerði | 978 | 6.358 | 4.628 | 5.413 | 1.295 | 2.335 | 2.296 | 2.327 | - | 490 | 26.120 |
| DAS Hrafnista | 2.164 | 7.212 | 26.686 | 16.727 | 5.517 | 2.629 | 1.049 | 3.190 | - | - | 65.174 |
| Elliheimilið Grund | 2.500 | 12.000 | 33.021 | 9.000 | 500 | 1.500 | 2.308 | 6.000 | - | 500 | 67.329 |
| BB Víðinesi | 327 | 112 | - | 837 | - | - | 421 | 395 | 1.954 | - | 4.046 |
| SLF Reykjadal | 100 | 350 | 300 | 400 | 150 | - | 266 | - | - | - | 1.566 |
| Sjálfsbj. Hátúni | 72 | 1.287 | 4.374 | 2.243 | - | 212 | 75 | 613 | - | - | 8.876 |
| Dagv. fatlaðra | 898 | 4.000 | 1.909 | - | - | - | - | 500 | - | 500 | 7.807 |
| Kópavógshæli | 5.176 | 12.324 | 23.677 | 6.253 | 1.540 | 1.345 | 2.244 | 2.766 | 657 | 603 | 56.585 |
| Sólborg Akureyri | 48 | 422 | 7.891 | 2.122 | 816 | 388 | 287 | 342 | - | - | 12.316 |
| Tjaldanes | - | 1.000 | 2.500 | 1.500 | - | - | - | - | - | - | 5.000 |
| Skálatún | - | 3.000 | 5.000 | 3.000 | 1.000 | 500 | - | - | - | 500 | 13.000 |
| Sólheimar | - | 1.000 | 1.194 | 1.000 | 500 | - | - | 115 | - | - | 3.809 |
| Dagv. fávita | 350 | 4.000 | 5.000 | 1.000 | - | - | - | - | - | - | 10.350 |
| samtals | 395.409 | 588.906 | 673.737 | 165.358 | 51.496 | 30.863 | 35.704 | 79.485 | 16.529 | 6.630 | 2.044.117 |

Daggjaldanefnd Sjúkrahúsa
okt/75

Skipting kostnaðar eftir starfsemi 1973
heildartölur

| nafn sjúkrahúss | G-1 sjúkrahús-kostnaður | G-2 eldhús og borðstofa | G-3 þvottahús og saumastofa | G-4 húsnæðis-kostnaður | G-5 stjórnar og skrifst. kostn. | G-6 starfsmanna-hald | G-7 flutnings og ferðakostnaður | G-8 annar kostnaður | Heildargjöld |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Landspítali | 434.175 | 65.078 | 15.984 | 59.327 | 22.622 | 33.952 | 3.339 | 315 | 634.792 |
| Fæðingardeild | 66.573 | 6.948 | 5.469 | 3.832 | 3.444 | 4.426 | 307 | 139 | 91.138 |
| Kleppsspítali | 139.382 | 29.339 | 4.964 | 20.490 | 7.359 | 18.455 | 3.245 | 442 | 223.676 |
| Vífilsstaðahæli | 53.535 | 14.596 | 2.519 | 14.066 | 5.197 | 7.276 | 1.474 | 33 | 98.696 |
| Kristneshæli | 15.449 | 8.083 | 3.000 | 8.469 | 745 | 1.836 | 218 | 112 | 37.912 |
| Gunnarsholt | 5.046 | 4.141 | - | 3.286 | 525 | 648 | 1.638 | 133 | 15.417 |
| | | | | | | | | | |
| Borgarspítali | 344.170 | 39.235 | 12.200 | 30.536 | 21.821 | 27.848 | 2.884 | 5.759 | 484.453 |
| - Barónstíg | 16.943 | 5.454 | 1.286 | 1.206 | 1.683 | 1.496 | 237 | 320 | 28.625 |
| - Skólavörðustíg | 10.954 | 3.447 | 164 | 717 | 1.188 | 772 | 527 | 179 | 17.948 |
| Fæðingarheimili | 21.967 | 3.479 | 646 | 1.060 | 631 | 1.532 | 69 | 384 | 29.768 |
| Arnarholt | 14.475 | 8.449 | 500 | 4.112 | 927 | 958 | 1.431 | 533 | 31.385 |
| Grensásdeild | 17.351 | 2.292 | 560 | 1.484 | 2.105 | 988 | 458 | 270 | 25.508 |
| | | | | | | | | | |
| Sjúkrahúsin: | | | | | | | | | |
| Akúreyri | 136.047 | 12.981 | 5.970 | 17.799 | 3.989 | 8.029 | 1.620 | 335 | 186.770 |
| Akranesi | 50.899 | 8.620 | 1.831 | 7.237 | 2.602 | 3.677 | 648 | 909 | 76.423 |
| Húsavík | 32.790 | 7.383 | 2.147 | 3.531 | 1.945 | 4.296 | 303 | 2.016 | 54.411 |
| Ísafirði | 18.332 | 5.719 | 1.334 | 3.381 | 1.150 | 1.691 | 74 | 28 | 31.709 |
| Sauðárkróki | 23.204 | 6.120 | 1.761 | 4.660 | 1.530 | 1.236 | 302 | 638 | 39.451 |
| Siglufirði | 12.015 | 4.645 | 962 | 2.282 | 1.051 | 1.290 | 52 | 137 | 22.434 |
| Neskaupstað | 19.388 | 6.102 | 1.198 | 2.473 | 2.039 | - | 82 | 350 | 31.632 |
| Keflavík | 23.524 | 6.135 | 1.308 | 2.485 | 2.096 | 1.406 | 185 | 1.037 | 38.176 |
| Selfossi | 16.752 | 4.132 | 1.500 | 1.492 | 1.353 | 1.411 | 153 | 25 | 26.818 |
| Blönduósi | 14.621 | 5.583 | 1.374 | 4.507 | 1.391 | 1.335 | 46 | 325 | 29.182 |
| Patreksfirði | 8.431 | 2.719 | 615 | 1.848 | 404 | 692 | 30 | 536 | 15.275 |
| Hvammstanga | 11.154 | 4.041 | 767 | 2.537 | 450 | - | 45 | 965 | 19.959 |
| Seyðisfirði | 3.950 | 2.890 | 587 | 1.413 | 296 | 3.378 | - | 538 | 13.052 |
| Sólvangur Hf. | 37.225 | 11.069 | 4.251 | 5.799 | 2.108 | 3.649 | 160 | 500 | 64.761 |
| Bolungarvík | 2.312 | 979 | 400 | 750 | 263 | 176 | - | - | 4.880 |
| Egilsstöðum | 4.888 | 1.802 | 32 | 682 | 236 | 515 | 266 | 146 | 8.567 |
| Hólmavík | 473 | 232 | 46 | 336 | 101 | 71 | - | - | 1.259 |
| Þingeyri | 389 | 249 | 100 | 283 | 33 | 67 | - | 8 | 1.129 |
| | | | | | | | | | |
| Landakot | 186.424 | 21.079 | 8.003 | 18.743 | 15.053 | 17.086 | 1.459 | 9.013 | 276.860 |
| St. Jósefssp. Hf. | 20.526 | 4.168 | 475 | 1.059 | 3.036 | 797 | 111 | 2.433 | 32.605 |
| St. Fr. Stykkish. | 16.182 | 3.370 | 820 | 5.810 | 896 | 1.358 | 554 | 2.656 | 31.646 |
| SÍBS Reykjalundi | 31.912 | 18.081 | 2.054 | 5.661 | 2.611 | 3.433 | 1.436 | 2.161 | 67.349 |
| NLFÍ Hveragerði | 13.010 | 17.408 | 1.376 | 17.989 | 3.731 | 1.942 | 1.464 | 163 | 57.083 |
| DAS Hrafnista | 44.189 | 42.982 | 5.517 | 15.763 | 4.470 | 5.832 | 678 | 1.638 | 121.069 |
| Ellih. Grund | 56.880 | 33.968 | 5.819 | 16.930 | 8.716 | 6.794 | 2.448 | 7.717 | 139.272 |
| BB Víðinesi | 755 | 2.428 | 91 | 1.401 | 610 | 2.198 | 834 | 286 | 8.603 |
| SLF Reykjadal | 793 | 799 | 150 | 327 | 34 | - | 30 | - | 2.133 |
| Sjálfsbj. Hátúni | 6.573 | 4.338 | 229 | 784 | 866 | 766 | 32 | 68 | 13.656 |
| Dagv. fatlaðra | 7.072 | - | - | 552 | 770 | 663 | 1.162 | 104 | 10.323 |
| | | | | | | | | | |
| Kópavogshæli | 46.250 | 17.147 | 4.921 | 11.162 | 4.047 | 5.562 | 1.138 | 48 | 90.275 |
| Sólborg | 9.571 | 4.425 | 861 | 2.632 | 561 | 1.302 | 364 | 395 | 20.111 |
| Tjaldanes | 3.530 | 3.000 | - | 770 | 50 | 350 | 100 | - | 7.800 |
| Skálatún | 8.500 | 6.000 | 1.000 | 3.400 | 200 | 700 | 850 | 1.500 | 22.150 |
| Sólheimar | 2.834 | 3.447 | 500 | 823 | 115 | 197 | 712 | 1.416 | 10.044 |
| Dagv. fávita | 10.137 | 2.056 | - | 1.367 | 762 | 955 | 868 | 1.582 | 17.727 |
| samtals | 2.021.552 | 466.638 | 105.291 | 317.253 | 137.812 | 183.041 | 34.033 | 48.292 | 3.313.912 |

Daggjaldanefnd Sjúkrahúsa
okt/75

Kostnaðarskipting sjúkrahúsakerfisins 1973
Heildartölur

| Stofnun | laun lækna 1.1.1 | laun hjúkr.f 1.1.2 | laun aðst.f. 1.1.3 | lyf og umb. 1.2 | röntgen 1.3 | rannsóknir 1.4 | fatnaður,lín 1.5 | hreinl.vörur 1.6 | efni 1.7 | sjúkrahús-kostn. alls |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | Sjúkrakostnaður | | | | | | |
| Landspítali | 99.028 | 141.680 | 102.197 | 42.116 | 5.595 | 14.056 | 6.605 | 5.886 | 17.012 | 434.175 |
| Fæðingardeild | 14.835 | 27.350 | 11.158 | 4.308 | - | 1.819 | 1.477 | 2.033 | 3.593 | 66.573 |
| Kleppspítali | 26.162 | 39.586 | 58.858 | 7.353 | - | 1.469 | 1.675 | 2.476 | 1.803 | 139.382 |
| Vífilsstaðir | 9.112 | 15.049 | 19.648 | 5.026 | 240 | 831 | 402 | 1.075 | 2.152 | 53.535 |
| Kristneshæli | 3.500 | 4.000 | 6.000 | 1.294 | - | 91 | 373 | 191 | - | 15.449 |
| Gunnarsholt | 363 | 1.641 | 2.430 | 293 | - | 24 | 94 | 126 | 76 | 5.047 |
| Borgarspítalinn | 87.524 | 83.177 | 101.806 | 36.699 | 9.876 | 8.210 | 5.775 | 5.366 | 5.737 | 4.170 |
| - Barónsstíg | 400 | 4.590 | 10.112 | 1.069 | - | 47 | 104 | 412 | 209 | 5.943 |
| - Skólavörðustíg | 1.216 | 3.571 | 5.019 | 855 | - | 2 | - | 203 | 88 | 10.954 |
| Fæðingarheimili | 2.432 | 8.462 | 8.575 | 1.078 | - | 37 | 371 | 489 | 523 | 21.967 |
| Arnarholt | 1.049 | 3.278 | 6.615 | 1.705 | - | 7 | 767 | 342 | 712 | 14.475 |
| Grensásdeild | 3.718 | 3.391 | 8.420 | 858 | - | 2 | - | 502 | 460 | 17.351 |
| Sjúkrahúsin: | | | | | | | | | | |
| Akureyri | 23.999 | 38.346 | 42.102 | 14.740 | 2.306 | 3.564 | 1.413 | 150 | 9.427 | 136.047 |
| Akranesi | 9.029 | 17.673 | 13.853 | 6.324 | 924 | 1.765 | 588 | 327 | 416 | 50.899 |
| Húsavík | 3.842 | 9.243 | 13.918 | 3.088 | 401 | 577 | 836 | 507 | 378 | 32.790 |
| Ísafirði | 3.971 | 6.317 | 4.516 | 2.873 | 241 | 285 | 129 | - | - | 18.332 |
| Sauðárkróki | 3.699 | 7.085 | 7.671 | 2.660 | 493 | 250 | 393 | 216 | - | 23.204 |
| Siglufirði | 1.694 | 3.959 | 5.489 | 682 | 74 | - | 57 | 60 | | 12.015 |
| Neskaupstað | 4.860 | 5.916 | 5.541 | 1.900 | 181 | 191 | 253 | 108 | 438 | 19.388 |
| Keflavík | 4.252 | 7.826 | 6.574 | 2.951 | 469 | 185 | 715 | 261 | 291 | 23.524 |
| Selfossi | 2.000 | 6.000 | 6.000 | 2.153 | 26 | 66 | 279 | 169 | 59 | 16.752 |
| Blönduósi | 1.730 | 3.686 | 6.714 | 1.253 | 50 | 83 | 211 | 134 | 760 | 14.621 |
| Patreksfirði | 929 | 1.829 | 3.467 | 1.665 | 97 | 236 | 166 | 42 | - | 8.431 |
| Hvammstanga | 1.399 | 1.500 | 6.128 | 1.579 | 43 | 243 | 134 | 52 | 76 | 11.154 |
| Seyðisfirði | 1.560 | 1.611 | 21 | 681 | 14 | 27 | - | 36 | - | 3.950 |
| Sólvangur | 3.968 | 11.697 | 17.758 | 2.123 | 95 | 279 | 356 | 641 | 308 | 37.225 |
| Bolungarvík | 91 | 800 | 1.200 | 130 | - | - | - | 91 | - | 2.312 |
| Egilsstöðum | 599 | 3.016 | 538 | 504 | 20 | 106 | 58 | 8 | 39 | 4.888 |
| Hólmavík | - | 200 | 200 | 61 | - | - | - | 12 | - | 473 |
| Þingeyri | - | 100 | 282 | 7 | - | - | - | - | - | 389 |
| Landakot | 48.823 | 53.498 | 52.310 | 17.635 | 3.918 | 7.039 | 1.313 | 897 | 49 | 36.424 |
| St. Jósefssp Hf. | 8.365 | 5.788 | 4.167 | 1.524 | 421 | - | 245 | - | | 20.527 |
| St. Franc. Stykk | 2.725 | 8.003 | 4.186 | 746 | 87 | 78 | 322 | 35 | - | 16.182 |
| SÍBS Reykjalundi | 5.922 | 5.973 | 14.084 | 3.841 | 210 | 175 | 280 | 716 | 710 | 31.911 |
| NLFÍ Hveragerði | 978 | 6.358 | 4.628 | 48 | 4 | - | 79 | 229 | 686 | 13.010 |
| DAS Hrafnista | 2.164 | 7.212 | 26.686 | 5.130 | - | 506 | 503 | 1.155 | 833 | 44.189 |
| Ellih. Grund | 2.500 | 12.000 | 33.021 | 8.348 | - | - | - | 976 | 35 | 56.880 |
| DB Víðinesi | 327 | 112 | - | 296 | - | - | - | 20 | - | 755 |
| SLF Reykjadal | 100 | 350 | 300 | 22 | - | - | - | 17 | 4 | 793 |
| Sjálfsbj. Hát. | 72 | 1.287 | 4.374 | 426 | 2 | - | 59 | 196 | 156 | 6.572 |
| Dagv. fatlaðra | 898 | 4.000 | 1.909 | 52 | - | 14 | - | 195 | 4 | 7.072 |
| Kópavogshæli | 5.176 | 12.324 | 23.677 | 733 | - | 244 | 2.441 | 1.020 | 635 | 46.250 |
| Sólborg | 48 | 422 | 7.891 | 347 | - | 40 | 274 | 45 | 504 | 9.571 |
| Tjaldanes | - | 1.000 | 2.500 | 5 | - | - | - | - | 25 | 3.530 |
| Skálatún | - | 3.000 | 5.000 | 150 | - | - | - | 150 | 200 | 8.500 |
| Sólheimar | - | 1.000 | 1.194 | 97 | - | - | 231 | 238 | 74 | 2.834 |
| Dagv. fávita | 350 | 4.000 | 5.000 | 37 | - | - | 41 | 709 | - | 10.137 |
| samtals: | 395.409 | 588.906 | 673.737 | 187.465 | 25.787 | 42.548 | 29.019 | 28.513 | 50.168 | 2.021.552 |

Daggjaldanefnd Sjúkrahúsa

18/8/75

Flokkun starfsmanna helstu sjúkrahúsa
samkvæmt sjúkrahússkýrslum 73/74

Starfsmannahald sjúkrahúsa

| STOFNUN | RÚMAFJÖLDI | LÆKNAR | HJÚKRUNARLIÐ | TÆKNAR | AÐSTOÐARFÓLK | ELDHÚS | ÞVOTTAHÚS | SKRIFSTOFA | UMSJÓN OG EFTIRLIT | SAMTALS |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Landspítali | 327 | 91½ | 247 | 136½ | 171½ | 65½ | - | 19 | 22 | 753 |
| Fæðingardeild | 66 | 11½ | 57 | 5½ | 22 | - | - | ½ | 3½ | 100 |
| Vífilsstaðahæli | 97 | 7 | 33½ | 4 | 56½ | 13½ | 1 | 2 | 12 | 129½ |
| Kleppsspítali | 200 | 26 | 83½ | 11½ | 162 | 6½ | 5 | 5 | 15 | 314½ |
| Gunnarsholt | 46 | - | 2 | ½ | 1½ | 2 | - | - | 4 | 10 |
| Kópavogshæli | 162 | 2 | 5½ | 37 | 86 | 18½ | 5 | - | 7 | 161 |
| Sjúkrahúsið Akureyri | 120 | 19 | 49½ | 24½ | 110 | 12 | 13 | 3 | 7 | 238 |
| Sjúkrahúsið Akranesi | 62 | 8½ | 18 | 9½ | 39 | 7½ | 6 | 3½ | 1 | 93 |
| * Sjúkrahúsið Húsavík | 55 | 2½ | 10½ | 3 | 29 | 5 | 4½ | 2 | ½ | 58 |
| Sjúkrahúsið Ísaf. | 32 | 3 | 10½ | 3½ | 17 | 6 | 4 | 1 | | 46 |
| Sjúkrahúsið Sauðárkr | 40 | 2½ | 10 | 4½ | 27½ | 6 | 6 | 1½ | 1 | 59 |
| Sjúkrahúsið Sigluf. | 29 | 1½ | 4½ | 1½ | 14 | 4½ | 3 | 1½ | - | 30½ |
| * Sjúkrahúsið Neskaupst. | 26 | 2 | 10½ | 3 | 13 | 8 | 2 | 1½ | 2 | 42 |
| Sjúkrahúsið Keflav. | 27 | 2½ | 7 | 2½ | 20½ | 7 | 4 | 2 | - | 45½ |
| * Sjúkrahúsið Selfossi | 33 | 1 | 7½ | 2 | 14 | 6 | 4 | 1½ | - | 37 |
| Sjúkrahúsið Blönduósi | 35 | 2 | 4½ | 1 | 18 | 7½ | 2½ | 2 | 1 | 38½ |
| * Sjúkrahúsið Patreksf. | 20 | ½ | 3 | - | 11 | 3 | - | ½ | - | 18 |
| Sjúkrahúsið Hvammst | 27 | 1 | 4 | ½ | 14½ | 4 | 1½ | 1 | - | 26½ |
| * Sjúkrahúsið Seyðisf | 23 | 1 | 3 | - | 10 | 3 | ½ | ½ | - | 18 |
| Sólvangur Hafnarf. | 110 | 4 | 17 | 3½ | 39 | 11½ | 7 | 3 | 3½ | 88½ |
| Sjúkraskýlið Bol.vík | 14 | ½ | 1 | - | 3 | 1 | 1 | ½ | | 7 |
| Sjúkraskýlið Egilsst. | 9 | 1 | 3 | 1 | 2 | 2½ | - | ½ | | 10½ |
| * Önnur sjúkraskýli | 5 | ½ | ½ | - | 1 | 1 | - | - | - | 3 |
| Borgarspítali Fossv | 214 | 51 | 121 | 77 | 186 | 34 | 5½ | 32½ | 13 | 520 |
| Borgarsp. Barónsst. | 35 | - | 4½ | 1 | 25 | 5½ | - | - | - | 36 |
| Borgarsp Skólav.stíg | 30 | - | 6 | 1 | 9 | 4 | - | - | 1 | 21 |
| Fæðingarheimili | 25 | 1½ | 14 | - | 14½ | 4½ | - | ½ | - | 35 |
| Arnarholt | 60 | ½ | 2 | 1 | 10 | 6 | - | - | 3 | 22½ |
| Grensásdeild | 60 | 5 | 10½ | 6 | 38 | 5 | - | 1½ | 1 | 67 |
| Landakot | 184 | 29½ | 79 | 30 | 134½ | 20 | 21 | 22 | 1 | 337 |
| St. Jósefssp. Hafnarf | 40 | 3½ | 12 | 1½ | 11 | 3½ | 3 | 3 | - | 37½ |
| St. Franciskusp. St | 43 | 1½ | 9 | 1½ | 13 | 3½ | 3 | 1½ | 2 | 35 |
| SÍBS Reykjalundi | 145 | 5½ | 4½ | 5 | 36½ | 23 | 2½ | 12 | 3½ | 92½ |
| samtals | 2.401 | 289 | 855 | 379 | 1.359½ | 310½ | 105 | 125 | 107½ | 3.530½ |

* = ónákvæmar tölur

Upplýsingar vantar frá öllum hjúkrhunarheimilum og hælum með alls um 400 rúmum.

Fávitahæli eru hér ekki meðtalin, nema Kópavogshælið.

Um skiptingu starfsmanna eftir deildum á stærstu sjúkrahúsunum sjá V-11, 27

Daggjaldanefnd Sjúkrahúsa

18/8/75

Skipting starfsmanna á deildir hjá stærstu sjúkrahúsunum, 1974/75

Starfsmannahald sjúkrahúsa

| STOFNUN | RÚMAFJÖLDI | LÆKNAR | HJÚKRUNARLIÐ | TÆKNAR | AÐSTOÐARFÓLK | ELDHÚS | ÞVOTTAHÚS | SKRIFSTOFA | UMSJÓN OG EFTIRLIT | SAMTALS |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Deildir á Landspítala | | | | | | | | | | |
| Lyflækningadeild | 91 | 23½ | 28½ | 12 | 30½ | | | | | 94½ |
| Húðlækningadeild | 14 | 1½ | 3½ | ½ | 6½ | | | | | 12 |
| Endurhæfingadeild | 13 | - | 6 | - | 9 | | | | | 15 |
| Handlækningadeild | 73 | 17½ | 19½ | 6 | 24 | | | | | 67 |
| Bæklunardeild | 33 | 5½ | 7 | 1½ | 8½ | | | | | 22½ |
| Barnadeild | 61 | 10 | 19½ | 5½ | 25½ | | | | | 60½ |
| Barnageðdeild | 19 | 6½ | 7 | - | - | | | | | 13½ |
| Taugalækningadeild | 23 | 5 | 6 | 2½ | 11 | | | | | 24½ |
| Rannsóknardeild | | 6 | - | 47½ | - | | | | | 53½ |
| Röntgendeild | | 7½ | 10 | 35½ | 3½ | | | | | 56½ |
| Sameiginlegt | | 8½ | 140 | 25½ | 53 | 65½ | | 19 | 22 | 333½ |
| samtals: | 327 | 91½ | 247 | 136½ | 171½ | 65½ | | 19 | 22 | 753 |
| Deildir á Borgarspítala: | | | | | | | | | | |
| Sameiginlegt | | - | 27½ | 6½ | 40 | 34 | 5½ | 23½ | 12 | 149 |
| Lyflækningadeild | 71 | 9 | 21½ | 3 | 37 | | | | | 70½ |
| Sjúkradeild | 12 | - | 8 | 1 | 17½ | | | | | 26½ |
| Skurðlækningadeild | 74 | 11 | 29 | 4 | 35½ | | | | | 79½ |
| Svæfinga-og gjörg.d. | 12 | 5 | 13½ | - | 8 | | | | | 26½ |
| H.N.E. | 14 | 3½ | ½ | 3 | 1½ | | | | | 8½ |
| Geðdeild | 31 | 4½ | 6 | 4½ | 14 | | | | | 29 |
| Röntgendeild | | 6 | 4½ | 20 | 17 | | | 4 | 1 | 52½ |
| Rannsóknardeild | | 2 | - | 34 | 5 | | | | | 41 |
| Slysa-og göngudeild | | 10 | 10½ | 1 | 10½ | | | 5 | | 37 |
| samtals: | 214 | 51 | 121 | 77 | 186 | 34 | 5½ | 32½ | 13 | 520 |
| Deildir á Fjórðungssjúkrah. á Akureyri | | | | | | | | | | |
| Lyflækningadeild | 33 | 5 | 12½ | 2 | 22 | | | | | 41½ |
| Handlækningadeild | 26 | 6 | 18½ | 3 | 33 | | | | | 60½ |
| B-deild | 18 | ½ | 4 | - | 21 | | | | | 25½ |
| Barnadeild | 9 | 2 | 3½ | - | 5 | | | | | 10½ |
| Fæðingardeild | 14 | 2½ | 6 | 1 | 9 | | | | | 18½ |
| Taugadeild | 10 | 1 | 1 | - | 5 | | | | | 7 |
| Geðdeild | 10 | - | - | - | 3 | | | | | 3 |
| Röntgendeild | | 1½ | - | 5½ | 1 | | | | | 8 |
| Rannsóknardeild | | ½ | - | 10 | 2 | | | | | 12½ |
| Sameiginlegt | | - | 4 | 3 | 9 | 12 | 13 | 3 | 7 | 51 |
| samtals: | 120 | 19 | 49½ | 24½ | 110 | 12 | 13 | 3 | 7 | 238 |
| Heildartala: | 661 | 161½ | 417½ | 180 | 467½ | 111½ | 18½ | 54½ | 42 | 1.511 |